

Draumurinn rættist

Edna Lupita er sannfærð um að leiklist geti hjálpað fólki með geðrænan vanda. > 26



Hálf borgarstjórn með ADHD

Dóra Björt og Ragnhildur Alda segja ADHD nýttast vel í borgarpólitíkinni. > 30



borgarleikhus.is
Móðsla: 668 8000

FRÉTTABLAÐIÐ

209. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 23. OKTÓBER 2021

Ástin er hreyfiafl

Eypór Arnalds segist aldrei hafa passað inn í kassa enda átt feril í tónlist, viðskiptum og pólitík. Eypór þurfti að finna sinn takt eftir að hafa farið fram úr sér í áfengisneyslu, metnaði og vinnu. Hann er í dag ástfanginn af ungri listakonu og hefur dustað rykið af sellóinu. > 22



FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR

VIÐ VILJUM AÐ ALLAR GJAFIR HITTI Í MARK

Skilaréttur með jóla skiptimiða
er til og með 31. jan. 2022



ELKO

Ríkissaksóknari fer yfir dóminn og gögn málsins

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Ákvörðun um áfrýjun nýuppkveðins dóms í Rauðagerðis-málinu liggur nú hjá ríkissaksóknara. „Það sem liggur fyrir er að fara yfir dóminn og gögn málsins. Að því loknu verður tekið ákvörðun um það hvort málinu verður áfrýjað,“ segir Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari aðspurð um næstu skref.



Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari

Nokkrar leiðir varðandi áfrýjun málsins eru mögulegar. Þótt Angjelin Mark Sterkaj hafi játað að hafa orðið Armando Bequiri að bana í Rauðagerði 13. febrúar og fengið 16 ára fangelsisdóm fyrir morðið, er dómum í manndrápsmálum nær undantekningarlaust áfrýjað, annaðhvort af hinum dómfellda eða ákærvaldinu.

Þrjú voru sýknuð af ákeru fyrir manndráp í málinu. Til greina kemur að ákærvaldið áfrýji dómi hvað þau öll varðar eða hluta þeirra. ■

Markaregn í Laugardalnum



Dagný Brynjarsdóttir skoraði eitt marka íslenska kvinnalandsliðsins í fótbolta þegar liðið vann glæsilegan 4-0 sigur gegn Tékklandi í undankeppni HM 2023 á Laugardalsvelli í gær. Svava Rós Guðmundsdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir voru einnig á skotskónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Innrétta mathöll í Pósthússtræti

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Til stendur að innrétta mathöll í Pósthússtræti 3 og 5.

Að því er fram kemur í umfjöllun byggingarfulltrúans í Reykjavík um umsókn fasteignafélagsins Reita á að breyta núverandi starfsemi á 1. hæð í mathöll með alls tólf rekstrar-einingum. Gert sé ráð fyrir 161 gesti í sæti á 1. hæð og 28 til 50 gestum í kjallara.

Breytingar felí meðal annars í sér nýja glerbyggingu á baklóð og endurbyggingu á skúr á lóðinni. Byggingarfulltrúi hefur nú veitt samþykki fyrir breytingunum. Ýmis starfsemi er nú í Pósthússtræti 3 og Hitt húsið er með aðsetur í Pósthússtræti 5 þar sem Pósturinn var eitt sinn með höfuðstöðvar sínar.

Nú þegar eru í borginni mathallir í Borgartúni, á Höfða, Hlemmi og á Granda. ■



Pósthússtræti 3-5.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gert er ráð fyrir 161 gesti í sæti á 1. hæð og 28-50 gestum í kjallara.

Laufeyjar-teymið fer til fólks með fíkní- og geðvanda

Nýtt teymi byggt á hugmyndafræði Frú Ragnheiðar tekur til starfa og mun veita fólki með fíkní- og geðvanda þjónustu. Laufeyjarnafnið skírskotar til „ömmunnar“ í Grjótaþorpinu.

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGDISMÁL Í byrjun október tók til starfa á meðferðareiningu fíknísjúkdóma Landspítalans við Hringbraut nýtt teymi, sem kallast Laufey – nærþjónusta fíknímeðferðar og þjónustar fólk sem glímur við bæði alvarlegan fíkní- og geðvanda.

Teymið er nefnt í höfuðið á Laufeyju Jakobsdóttur eða „ömmunni“ í Grjótaþorpinu eins og margir þekktu hana.

Hópurinn sem teymið þjónustar telur líklega um 50 til 100 manns.

„Við erum að taka við teymi sem hefur sinnt fólki sem glímur við alvarlegan samþættan vanda og byggjum áframhaldandi þróun þjónustunnar að töluverðu leyti á reynslu Frú Ragnheiðar og vettvangsþjónustu sem þar er veitt,“ segir Helga Sif Friðjónsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun í geðþjónustu Landspítalans.

„Markmið okkar er að færa þjónustuna út af spítalanum og til fólksins,“ segir Helga Sif og segir að það séu margar rannsóknir sem bendi til þess að fólk nýti betur þjónustuna þegar hún er nær og að þannig sé hægt að koma í veg fyrir að alvarleiki vandans haldi áfram að þróast.

„Þá er gripið fyrr inn í, einstaklingurinn þarf síður að leggjast inn og batinn birtist að öllum líkindum fyrr,“ segir hún.

Helga Sif segir að með þessum hætti sé hægt að bæta lífsgæði þessa hóps til muna. Þjónusta við þennan hóp var áður á göngudeild á Kleppi sem er staðsettur á Kleppsgörðum



Helga Sif Friðjónsdóttir er brautryðjandi á vettvangi skaðaminnkunar fyrir fíknífnaneytendur og aðra jaðarsetta hópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þá er gripið fyrr inn í, einstaklingurinn þarf síður að leggjast inn og batinn birtist að öllum líkindum fyrr.

Helga Sif Friðjónsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun

að halda, þá er bráðaþjónusta og móttökudeildir geðþjónustunnar á Hringbraut, þannig að það er mikilvægt líka,“ segir Helga Sif.

Þjónusta teymisins verður þó líklega umfangsmeiri og ef vel gengur sér Helga Sif fram á að geta útvíkkað hana enn frekar og þá fyrir fleiri markhópa.

„Við erum búin að óska eftir því að fá bíl, verðum með nálaskiptaþjónustu og munum gera hlutina öðruvísi en við höfum verið að gera í geðþjónustunni áður,“ segir hún.

Helga Sif segir að með því að bæta þjónustu við hópinn með þessum hætti sé gert ráð fyrir að innlögnum fækkí, því að vandi notenda verður ekki eins alvarlegur ef þeir fá þjónustu við hæfi á réttum tíma.

„Ef þetta þróunarverkefni gengur vel þá er nauðsynlegt að skoða hvort og þá hver tækifærin eru til útvíkkunar á þjónustunni til þeirra sem eru í virkri vímuefnanotkun en ekki með eins alvarlegan geðrænan vanda.“ ■

Jólin hefjast á Jómfrúnni
Jólamatseðill frá 11. nóvember.
Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is



TOYOTA RAV4 HYBRID SPORTJEPPI FJÖLSKYLDUNNAR



Toyota RAV4 verð frá: 5.890.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.190.000 kr.
Toyota RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 8.550.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar



270

Bæjarráð Kópavogs samþykkti að hefja framkvæmdir á 270 íbúðum á Fannborgarreitnum á næsta ári.



30

Í nýrri skýrslu kemur fram að þrjátíu prósent leigjenda finni sér húsnæði á Facebook.




87

Um 87 prósent leikskólabarna í Reykjavíkurborg eru í leikskóla í sínu hverfi.



16

Angjelin Mark Sterkaj fékk sextán ára dóm fyrir morðið á Armando Beqirai í Rauðagerði.



10

Tíu smáhýsi í eigu Reykjavíkurborgar hafa staðið á geymslu-svæði óhreyfð í eitt og hálf ár á meðan fundin er staðsetning.

Þrjú í fréttum

Ólöf Helga Pálsdóttir

fyrirverandi hlaðkona hjá Icelandair



Félagsdómur þingfesti mál Ólafar Helgu Adolfsdóttur, sem var sagt upp starfi hlaðkonu hjá Icelandair í sumar. Ólöf var eina fastráðna hlaðkona félags-

ins og trúnaðarmaður starfsmanna. ASÍ telur að Ólöf hafi notið uppsagnarverndar.

Stefán Kári Sveinbjörnsson

verkfræðingur og framkvæmdastjóri



Stefán hefur ásamt félögum sínum hjá Greenfo þróað hugbúnað til að reikna raunverulegt kolefnisspor fyrirtækja. Hann segir niðurstöðurnar

koma fólki á óvart, sérstaklega kolefnisspor matvælaíðnaðarins. Hann segir mörg fyrirtæki reikna kolefnisspor sitt of lágt, stór hluti þess komi úr virðisdeðju fyrirtækjanna.

Elísabet

Bretlandsdrottning



Drottningin þurfti að hætta við ferð til Norður-Írlands að lækniaráði og eyddi nótt á sjúkrahúsi. Það var fyrsta nótt Elísabetar á sjúkrahúsi í

átta ár, en hún var komin aftur til starfa degi síðar. Elísabet drottning fæddist 21. apríl árið 1926 og er því 95 ára gömul. Hún tók við þresku krúnunni árið 1952. ■

Lánskjör ríkissjóðs sögulega hagstæð

Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands, segir að lánskjör ríkissjóðs séu sögulega hagstæð en þó beri að hafa í huga að greiða þurfi ríkisútgjöld með einhverjum hætti fyrr eða síðar.

magdalena@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Lánskjör ríkissjóðs eru sögulega hagstæð og hafa raunvextir á lánnum ríkissjóðs aldrei verið betri. Þetta segir Gylfi Magnússon, prófessor í fjármálum við Háskóla Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

„Lánskjör ríkissjóðs eru óneitanlega hagsstæð, þá sérstaklega lánskjör innanlands. Raunvextir á lánnum ríkissjóðs hafa aldrei verið betri, allavega ekki síðan vextir voru gefnir frjálsir. Þeir hafa farið lækkanði um um það bil eitt prósentustig á hverjum fjórum árum lengi vel. Þannig að það er gríðarleg breyting frá því sem blasti við áður, fjármagnskostnaður ríkisins er nánast enginn og hægt er að taka lán á núll prósent raunvöxtum,“ segir Gylfi.

Katrín Ólafsdóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík, var gestur í sjónvarpsþættinum Markaðinum á sjónvarpsstöðinni Hringbraut síðastliðinn miðvikudag þar sem hún sagði að varhugavert væri að skera niður halla ríkissjóðs of mikið og sagði hún enga þörf á því.

Gylfi segir að þó beri að hafa í huga að auðvitað þurfi að greiða ríkisútgjöld með einhverjum hætti fyrr eða síðar.

„Þó svo það sé hægt að taka lán án raunvaxta þá breytir það því ekki að það þarf að taka pólitískar ákvarðanir og þannig réttlæta bæði útgjöld og tekjurnar. En það ætti að vera mikill léttir að þurfa ekki að hafa áhyggjur af kostnaðinum við það að greiða niður skuldir. Það er allavega ekki dýrt að taka frekari lán en að sjálfsgöðu tekur ríkissjóður bara lán þegar þörf krefur þannig að menn taka ekki lán bara af því það er hagstætt heldur þegar þarf að fjár-



Lánskjör ríkissjóðs eru sögulega hagstæð og hafa raunvextir á lánnum ríkissjóðs aldrei verið betri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það sem máli skiptir eru raunvextirnir og þeir eru ekkert að hækka og ekki útlit fyrir að þeir fari hækkanði.



Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands

magna eitthvað,“ segir Gylfi og bætir við að eins og staðan er í dag þurfi að fjármagna heilmikið.

„Núna þarf að fjármagna heilmikið, það er hallarekstur á ríkissjóði bæði í ár og í fyrra sem sér ekki fyrir endann á þótt staðan fari vonandi batnandi.“

Hann segir jafnframt að hann telji ekki að lánskjörin fari versnandi á komandi misserum. „Það sem blekkir er að nafnvextir eru að hækka eitthvað, stýrivextir Seðlabankans líka og einnig sambærilegir vextir í nágrannalöndunum. En það sem máli skiptir eru raunvextirnir og þeir eru ekkert að hækka og ekki útlit fyrir að þeir fari hækkanði. Það er ekki eitthvað sem breytir þessari mynd í kortunum og raunvextir ráðast af heildarframboði af sparnaði og heildareftirspurn í hagkerfinu. Síðan skiptir samspil milli landa líka máli

því fjármagn fer yfir landamærin. Í flestum löndum er offramboð af sparnaði og ekki líklegt að það fari minnkandi.“

Gylfi bætir við að kostnaður þess að velta skuldunum á undan sér skipti máli. „Það skiptir heilmiklu máli hvað kostar að velta skuldunum á undan sér. Þegar það er ekkert í sjálfu sér hægt að fresta því svo lengi sem það er talið hagstætt að greiða niður skuldir og jafnvel hægt að fresta því að eilífu ef það er pólitískur vilji til þess.“

Hann segir auk þess að meta þurfi áhrifin af því að örva hagkerfið. „Ég held að það sé ekki sérstaklega hættulegt að auka skuldir ríkisins meira en þær eru nú. Það þarf bara að meta áhrifin af því að örva hagkerfið, eins og gert hefur verið með hallarekstri, og áhrifin af því að trappa það mjög hratt niður.“ ■

480.000 KR. VSK verðhækkun um áramótin*



JEEP WRANGLER RUBICON
VERÐ FRÁ 9.899.000 KR.**



JEEP COMPASS
VERÐ FRÁ 6.699.000 KR.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLÖÐUNNI

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.

Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

PLUG-IN HYBRID

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO
ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

LES DEUX
copenhagen

OSCAR
JACOBSON

Bruun & Stengade

Benvenuto.

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1890

LLOYD

Troðfull verslun af merkjavöru frá eftirtöldum verslunum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda


Kringlunni 552 8600

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

HANZ

KRINGLUNNI
567 0120



Herra
lagervinn
outlet
líka fyrir konur

30-60%
afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Ópið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512



Háaleitisbraut 1. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sjálfstæðismenn byggja fjölbýli

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur heimilað byggingu fjögurra til sex hæða fjölbýlishúsa á Háaleitisbraut 1. Er leyfið veitt til lóðarhafans sem er Sjálfstæðisflokkurinn.

Um verður að ræða steinsteypt hús, klætt málmklæðningu, með alls 47 íbúðum. Atvinnurými verður í hluta jarðhæðar og húsinu fylgir bílakjallari.

Eins og kunnugt er eru höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins, Valhöll, á Háaleitisbraut 1. ■

Alec Baldwin harmi sleginn

hjarvaro@frettabladid.is

KVIKMYNDIR „Það eru engin orð sem geta lýst hversu sorgmæddur ég er og hversu mikið áfall það er fyrir mig að þessi skelfilegi atburður hafi átt sér stað og Halyna Hutchins hafi verið tekin frá okkur í blóma lífsins.“

Hutchins var allt í senn eiginkona, móðir og mikilsvirtur samstarfsmaður,“ segir Baldwin í yfirlýsingu sinni en slysaskot hans varð Hutchins að bana.



Alec Baldwin



Halyna Hutchins

„Ég mun vinna náið með lögreglu við rannsókn málsins. Þá hef ég sett mig í samband við eiginmann hennar og boðið honum aðstoð mína,“ segir hann.

Baldwin taldi sig vera að skjóta púðurskoti úr leikmun en þess í stað hæfði raunverulegt skot kvikmyndaleikstjórnarinn og varð henni að bana. Nánar má lesa um slysaskotið á bls. 58 í blaðinu. ■

Menningarsetur múslima afskráð

birnadrofn@frettabladid.is

TRÚMÁL Nýtt trúfélag, Menningarfélag gyðinga, hefur verið skráð í trúfélagsskráningu Þjóðskrár og eru þar 38 meðlimir skráðir. Menningarsetur múslima hefur verið afskráð. Nú eru skráð alls 53 trú- og lífsskodunarfélög í Þjóðskrár.

Skráðum einstaklingum í Þjóðkirkjunni fækkaði um 94 frá 1. desember á síðasta ári þar til þann 1. október síðastliðinn. Nú

eru 229.623 einstaklingar skráðir í Þjóðkirkjuna, sem er fjölmennasta trúfélag landsins.

Næstfjölmennasta trúfélag landsins er Kaþólska kirkjan með rétt rúmlega 14.700 skráða meðlimi og Fríkirkjan í Reykjavík með um tíu þúsund meðlimi.

Meðlimum í Síðmennt hefur fjölgað mest samkvæmt skráningum í trú- og lífsskodunarfélög hjá Þjóðskrár Íslands. Þeim fjölgaði um 334 meðlimi á tímabilinu frá 1. desember 2020 til 1. október 2021,



Þann 1. október voru 229.623 einstaklingar skráðir í Þjóðkirkjuna, sem er fjölmennasta trúfélag landsins.

á sama tímabili fjölgaði um 311 meðlimi í Ásatrúarfélaginu.

Mest fækkun var í félagi Zúista en þeim fækkaði um 225 meðlimi á umræddu tímabili.

Vitund er það trúfélag sem hefur fæsta skráða meðlimi, þeir eru einungis þrjár talsins. Í félagið Nýja Avalon eru skráðir fimm meðlimir.

Í upphafi þessa mánaðar voru 4,6 prósent landsmanna skráð utan trúfélaga, eða rúmlega 29 þúsund manns. ■

Rjúpnaveiðimenn segja að alfriðun skili engu til verndunar stofnsins

Formaður Skotvís segir kröfu dýraverndunarsinna um rjúpnaveiðibann úr lausu lofti gripna. Friðun hafi engu skilað. Formaður Jarðarvina er ósammála og segir veiðarnar fásinnu.

ser@frettabladid.is

NÁTTÚRA Áki Ármann Jónsson, formaður Skotvís, segir kröfu dýraverndunarsinna um rjúpnaveiðibann vera úr lausu lofti gripna, enda ógni veiðimenn ekki stofninum, heldur miklu fremur náttúrulegar sveiflur, rétt eins og vistfræðingar hafi bent á.

Fréttablaðið hefur síðustu daga fjallað um afkomu rjúpnastofnsins á Íslandi, en samkvæmt mælingum er hann sá minnsti frá því mælingar hófust 1995 – og telja Jarðarvini, sem berjast gegn veiðinni, að hann sé nú minni en árið 2002 þegar þáverandi umhverfisráðherra afréð að banna veiði um nokkurra ára bil.

Áki Ármann segir þá friðun engu hafa skilað enda enginn samanburður til staðar til að meta árangur af henni. Veiðidögum hafi hins vegar fækkað eftir 2005, úr 69 niður í 22 og sölubann sett á. Einnig hafi áróður Skotvís um hóflegar veiðar borið árangur því nú heyrir magnveiði sögunni til. Veiðin hafi dregist saman um 50 til 60 prósent frá árunum fyrir sölubann og veiðialagið minnkað úr 30 prósentum niður í líðlega 10 prósent.

Þessu andáferir Ole Anton Bielvedt, formaður Jarðarvina, sem berst fyrir alfriðun rjúpnunnar, en hann segir Skotvís láta einskis ófreistað til að réttlæta veiðar sínar og dráp á saklausum og varnar-



Formaður Skotvís og Jarðarvina eru á öndverðum meiði hvað alfriðun á rjúpnastofninum varðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lausum dýrum, sér til skemmtunar: „Nú fullyrða þessir menn að veiðar fimm þúsund manna hafi engin áhrif á stofn rjúpu. Þetta er auðvitað hrein fásinna,“ segir Ole Anton, en það sannast best á því að stofn rjúpu,

sem var hruninn vegna veiða árið 2002, hafi rokið upp við friðun 2003 og 2004, rétt eins og upplýsingar vistfræðinga sýni.

Áki Ármann lætur þessi orð ekki slá sig út af laginu: „Rjúpunni stafar



Rjúpunni stafar litil ógn af okkur veiðimönnum þegar stóra myndin er skoðuð.



Áki Ármann Jónsson, formaður Skotvís

litil ógn af okkur veiðimönnum þegar stóra myndin er skoðuð, og vel að merkja, hafi menn áhyggjur þá er þegar búið að grípa til róttækustu aðgerða í þessum efnum sem sögur fara af, en veiðin nú er tvöfalt minni en fyrir veiðibannið,“ segir Áki Ármann og leggur áherslu á að félagsmenn Skotvís vilji umfram allt stunda ábyrgar veiðar.

„Það skal þó sagt hér að viðkomu rjúpnunnar hefur hrakað mikið á nýrri öld, frá því að hún var með 8,6 unga að meðaltali niður í 6,4. Það er mjög alvarlegt og þarf að rannsaka betur,“ segir Áki Ármann og áréttar að veiðin hafi líka minnkað, eða úr 69 þúsund rjúpum, fyrir veiðibann, í 20 til 30 þúsund eftir það.

En óttast hann að umhverfisráðherra láti undan þrýstingi og banni rjúpnaveiðar í vetur? „Nei,“ segir hann, „enda eru veiðarnar sjálfbærar að mati Náttúrufræðisstofnunar og Umhverfisstofnunar að teknu tilliti til varúðarreglu – og á meðan svo er veiðum við rjúpu.“ ■

Leiðtogi í þjónustu og upplifunum

Hefst 22. nóvember




Námið kennir aðferðir til að bæta upplifun viðskiptavina og býr til þekkingu og færni sem hjálpar fyrirtækjum að auka ánægju og viðskiptatryggð og þannig tekjur.

Nánari upplýsingar: www.akademias.is/service



Akademias.

GÆLUDÝRAVÖRUR OG FÓÐUR
20%



Stórhundakynning Garðheima og HRFÍ

— ★ ★ ★ —

24. OG 25. OKTÓBER FRÁ KL 13 - 16

FJÖLDI SKEMMTILEGRA STÓRHUNDATEGUNDA, DÝRALÆKNIR,
HULDA KLARA HUNDAÞJÁLFARI, DÝRAHJÁLP ÍSLANDS,
FÓÐURKYNNINGAR, LUKKUPOTTUR O.FL.

— ★ ★ ★ —



BLÓMAMARKAÐUR 23.- 25. OKTÓBER
ÚRVAL AF SPENNANDI BLÓMABÚNTUM Á FRÁBÆRU VERÐI




20% AF POTTAPLÖNTUM



20% AF HAUSTLAUKUM

OPIÐ FRÁ
10 TIL 21
ALLA DAGA



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

MEKÓ KOMDU Í KÓPAVOGINN Í HAUSTFRÍINU



Fjölbreytt dagskrá í Bókasafni Kópavogs,

Náttúrufræðistofu Kópavogs

og Gerðarsafni

23. - 26. október

Skapandi listsmiðjur
Vísindasmiðja Háskóla Íslands

Upplstur á Bróður mínum ljónsharta
eftir Astrid Lindgren

Barnvænar sýningar í Náttúrufræðistofu og
Gerðarsafni

Allir viðburðir eru ókeypis og eru öll velkomin.

Ókeypis aðgangur á Gerðarsafni fyrir fullorðna í
fylgd barna á meðan haustfríið stendur yfir.

Kynntu þér dagskrána á meko.is.

MENNING
Í KÓPAVOGI



Tenerife hefur lengi verið vinsæll ferðamannastaður um jól. Íslendingar sækja nú þangað í stórum stíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fleiri velja sólina í stað íslenskra jóla

Íslendingar á öllum aldri taka sólarströnd fram yfir hefðbundið jólahald. Vont sumar á höfuðborgarsvæðinu og uppsöfnuð ferðapörf eiga þátt í mikilli eftirspurn eftir sólarferðum um jólin.

thk@frettabladid.is

FERDALÖG Það er orðið erfitt fyrir sólarþyrsta Íslendinga að finna sér flugmiða yfir jólahátíðina, hafi þeir ekki þegar tryggt sér ferð.

Ferðaskrifstofur sem Fréttablaðið ræddi við eiga fæstar lausar ferðir fyrir jólin. Þær eru sammála um að uppsöfnuð ferðapörf eigi mikinn þátt í aukinni eftirspurn eftir sólarferðum.

„Ferðapörsti landans er í hámarki og allir vilja komast út í sól sem fyrst,“ segir Steinþóra Sigurðardóttir, sölustjóri VITA. Tómas Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, áætlað um 1.500 Íslendingar verði í sólarlöndum um jólin á vegum Heimsferða. Þá leggur stærstur hluti þess hóps leið sína til Tenerife, hinir til Alicante og Kanarí.

Sama er upp á teningnum hjá Úrvali-Útsýn og mikið að gera. Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Úrvals-Útsýnar, bendir á að aukin eftirspurn hjá þeim geti líka tengst öryggi sem fólk leiti nú í á ferðalögum vegna heimsfaraldursins.

Um ganginn í bókunum segja þau að ferðahugur landsmanna hafi farið minnkandi eftir því sem fjórða bylgjan sótti á í sumar, en eftirspurnin rokið aftur upp núna í september og október.

Nadine Guðrún Yaghi, samskiptastjóri flugfélagsins Play, segir að ferðalangar séu búnir að bóka sér lengri ferðir en forsvarsmenn Play hafi átt von á. Hún segir að ein skýringin að baki því gæti hugsan-



Það er gömul og úrelt saga að það séu bara amma og afi sem fara til Kanarí.

Steinþóra Sigurðardóttir,
sölustjóri VITA

lega verið sú að „fleiri eigi fasteignir á Spáni nú heldur en áður“.

Það rímar raunar við það sem forsvarsmenn þeirra ferðaskrifstofa sem Fréttablaðið ræddi við segja. Mikil aðsókn er í flug til Alicante, jafnt sem Tenerife, en það virðist vera sem svo að Íslendingar sækji í auknum mæli í langtímadvöl á Alicante.

Aðspurð segja þau mikla breidd í þeim þjóðfélagsþópum sem hyggjast verja jólinum í útlöndum. Þá hafi færst í aukana að stórfjölskyldurnar skelli sér saman í sólina, þá um 15 til 20 manns, eða jafnvel fleiri.

„Það er gömul og úrelt saga að það séu bara amma og afi sem fara til Kanarí,“ segir Steinþóra hjá VITA og bætir við: „Fleiri og fleiri Íslendingar hafa uppgötvað að Kanarí er svo miklu meira en maður heldur. Í Skandinavíu til dæmis eru það miklu fleiri sem kjósa að fara á Kanarí en Tenerife.“ Undir þetta taka forsvarsmenn Úrvals-Útsýnar og Heimsferða.

Tómas hjá Heimsferðum segir að algengara sé að fólk í kringum 75 ára og upp úr fari frekar út á haustin og vorin en sleppi jólinum. Nema þá þegar þau eru með stórfjölskyldunni. ■

Kína og Bandaríkin hvort í sína áttina

hjoarvaro@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Nýjustu tilraunir Kínverja með langdræg kjarnorkuvopn hafa valdið titringi hjá Bandaríkjamönnum. Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, hefur, ólíkt Kínverjum, lagt á það áherslu í stjórntíð sinni að draga úr notkun kjarnorkuvopna.

Embættismenn í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hafa áhyggjur af því að mismunandi áherslur landanna muni valda því að Bandaríkjamenn standi verr að vígi á vígvellinum eftir átaka kemur.

Þá hafa embættismenn í Pentagon sömuleiðis áhyggjur af því að Rússar séu að verða öflugri í vopnahlápinu þegar kemur að kjarnorkuvopnum.



Kínverjar hafa í flota sínum um það bil 100 kjarnaodda sem draga til Bandaríkjanna.

Kínverjar búa yfir um það bil 100 kjarnorkuvopnum sem draga alla leið frá Kína til Bandaríkjanna.

Biden kvaðst ekki hafa áhyggjur af þessu þegar hann var spurður út í stöðu mála hvað vopnahláup þjóðanna varðar. Biden bætti þar við að Bandaríkjamenn væru í startholunum að bregðast við ráðist Kínverjar á grannríki sitt, Taivan. ■

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Árið 2021 veitir Landsbankinn 15 milljónir kr. í samfélagsstyrki. Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2021.

Styrkjunum er ætlað að styðja við fjölbreytt verkefni, meðal annars á sviði mannúðarmála, menningar og lista, menntamála og vísinda, forvarna- og æskulýðsstarfs og umhverfismála.

Veittir eru styrkir í þremur þrepum:

- 1.000.000 kr.
- 500.000 kr.
- 250.000 kr.

Kynntu þér málið á landsbankinn.is





Á hverjum degi velur fjöldi viðskiptavina Orkunnar að kolefnisjafna aksturinn sinn með því að gefa hluta af afslætti sínum til Votlendissjóðs. Votlendissjóður nýtir fjármunina til að endurheimta votlendi sem er áhrifarík, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri.

Vertu með, leggðu þitt að mörkum í loftslagsmálum og byrjaðu að kolefnisjafna á orkan.is.



JAFNAÐU ÞIG

HJÁ **ORKUNNI**

Styrkir til námskeiða í íslensku

Umsóknarfrestur 7. desember 2021

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku fyrir árið 2022 sem eru ekki hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólalastigi.

Umsóknarfrestur er til 7. desember 2021, kl. 15:00.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá, tækifæri til að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að geta orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi. Hælisleitendur eru þó undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá á meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Fræðsluaðilar, fyrirtæki og stofnanir sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Krafa er gerð um að námskeið sem hlýtur styrk skuli hafa skýra og sýnilega tengingu við Evrópska tungumálarammann. Fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru viðurkenndir fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við viðurkenndan fræðsluaðila, sem annast kennsluna, fylgja umsókninni.

Nánari upplýsingar veitir Skúli Leifsson, verkefnastjóri á mennta- og menningarsviði, islenskukennsla.utlendinga@rannis.is, sími 515 5843.



rannís
www.rannis.is



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2022

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafríðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar m.a. með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingarfleifðarinnar. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2021. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafni). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á www.husverndarstofa.is).



Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut



Himnarnir grétu yfir höfuðborginni í júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumarið í borginni keppir við árið 1983 í sólarleysi

Fyrsti vetrardagur er í dag. Langtímaspár rättust í sumar sem var það skýjaðasta á suðvesturhorninu síðan 1983.

mhj@frettabladid.is

VEÐUR Sumarið, sem lýkur formlega í dag, er það sólarminnsta á suðvesturhorni landsins í nærri fjóra áratugi. Langtímaspár héldu.

„Sumarið var gott, hagkvæmt, það kom seint en það var svalt meðan á því stóð. Það sem einkenndi sumarið var hversu þurr það var. Þurrkurinn hélst áfram eftir þurrt vor. Þetta voru helstu einkenningin,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

Spurður um sólina á Norður- og Austurlandi segir Einar langtímaspárnar hafa staðist.

„Langtímaspárnar sýndu það og það gekk svo sem eftir en langtímaspárnar miða gjarnan við þriggja mánaða tímabil en sumarið passaði svo sem ekki alveg inn í það. Það var kalt alveg fram að Jónsmessu. En þær náðu ágætlega, ef ég man þetta rétt, hitanum á Norður- og Austurlandi en þær voru svona út og suður með þetta,“ segir Einar.

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir það hafa verið fádæma hlýtt fyrir norðan og nærri því að það hafi verið methlýndi í tvo og hálfan mánuð.

„Á Suðvesturlandi var einstaklega mikið skýjað og óvenju sólarlítið en



Við höfum það bak við eyrað að síðustu tveir vetur voru eins og svart og hvítt.



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur



Þetta er samt dálítið óvenjulegt því sumarið sem keppir við þetta sumar í sólarleysi er árið 1983 sem var alveg einstaklega vont sumar á Suðvesturlandi.



Trausti Jónsson, veðurfræðingur

það var hins vegar lengi framan af þurrt. Þannig að það er óvenjulegt að það sé sólarrikt og þurrt. Seinni hluti sumarsins var hins vegar vætusamur. Þannig að það rættist úr með það,“ segir Trausti.

„Þetta er samt dálítið óvenjulegt því sumarið sem keppir við þetta sumar í sólarleysi er árið 1983 sem var alveg einstaklega vont sumar á Suðvesturlandi. En þetta sumar var miklu hlýrra og miklu veðrabetra. Það var ekki eins hvasst og miklu

skárna veður. Þannig að þó það hafi verið sólarlaust var ágætis veður lengst af, alveg þangað til í september.

Trausti vildi ekki gefa langtímaspár fyrir veturinn að svo stöddu.

Einar segir mjög lítið hönd á festandi næstu þrjú mánuði. Niðurstöður þriggja mánaða spánna séu ekki skýrar. Þá er íslenski veturinn oft ófyrirsjáanlegur. „Við höfum það bak við eyrað að síðustu tveir vetur voru eins og svart og hvítt.“ ■

Telja dauðsföll heilbrigðisstarfsfólks fleiri en haldið var

kristinnpall@frettabladid.is

COVID-19 Í nýrri skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, er því haldið fram að fjöldi dauðsfalla hjá heilbrigðisstarfsfólki af völdum Covid-19 sé mun hærri en opinberar tölur gefi til kynna.

Fyrr á þessu ári var ályktað að af þeim 3,45 milljónum sem hefðu látist í faraldrinum á sextán mánaða tímabili væru 6.643 heilbrigðisstarfsmenn. Alþjóðaheilbrigðis-sambandið telur að sú tala geti verið allt frá 80 þúsund upp í 180 þúsund.

Um leið kalla samtökin eftir því að betur sé hugað að heilbrigðisstarfsfólki í ljósi þess að sífellt stærri hluti starfsgreinarinnar upplifi



Talið er að 80–180 þúsund heilbrigðisstarfsmenn hafi látist af Covid-19.

kulnun í starfi, kvíða og ofþreytu.

Í skýrslunni er heilbrigðisstarfsfólk tilgreint sem allir sem koma að því að aðstoða einstaklinga sem hafa greinst með Covid-19. Þar kemur fram að heilbrigðisstarfsfólk sé líklegra til að gæta smitvarna í störfum og sé í raun örlítið líklegra

til að smitast út í samfélaginu en á vinnustaðnum.

Heilt yfir er áætlað að um 115 þúsund heilbrigðisstarfsmenn hafi látið lífið af völdum Covid-19 í heimsfaraldrinum en um leið að fjöldi dauðsfalla geti verið frá 80 þúsundum upp í 180 þúsund.

Í umræðukafla skýrslunnar er tekið fram að ekki sé vitað fyrir vist hvort öll lönd skrái dauðsföll heilbrigðisstarfsmanna af völdum Covid-19 né hvort starfsfólk sem látist utan sjúkrahúss af völdum sjúkdómsins sé tekið með í tölfræðinni sem stofnuninni berist. Því sé mikilvægt að heilbrigðisyriföld í hverju landi skrái öll dauðsföll af völdum Covid-19 hjá starfsfólki sínu. ■



Fagnaðu hausti

ID.4 GTX

Fjór hjóladrifinn fjölskyldubíll 

Pú getur sérsniðið ID.4 GTX að þínum óskum og pantað draumabílinn á www.hekla.is/gtx



Fjór hjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjór hjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lykjalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Komdu í reynsluakstur!**

Verð frá **7.150.000** kr.



WORLD CAR AWARDS

Leiðin að núllinu **ZERO**

Fylgdu okkur!



@volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Framsóknarmenn stefna á fjóra borgarfulltrúa

Eftir gott gengi í þingkosningum setja Framsóknarmenn stefnuna á borgina. Margir Framsóknarmenn ihuga framboð og stemningin hefur sjaldan verið betri.

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Framsóknarfólk hugsar sér nú gott til glóðarinnar eftir velgengi í alþingiskosningunum og eygir möguleika á að endurreisa flokkinn í borgarmálunum.

Flokkurinn fékk engan mann kjörinn í síðustu borgarstjórnarkosningum. Meðal þeirra sem nefndir hafa verið sem líklegir framboðendur fyrir Framsókn eru Karl Garðarsson, lögfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, en hann birti grein í Fréttablaðinu í gær um lóðamál í Reykjavík. Þá hefur Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, verið orðuð við framboð fyrir flokkinn en hún yfirgaf Framsókn skömmu eftir stofnun Miðflokksins en mun hafa ratað heim aftur.

Þá hefur Sigrún Elsa Smáradóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sterkllega verið orðuð við framboð en hún dúkkaði upp á



Framsóknarmenn fögnuðu sigri langt fram á nótt eftir góðan kosningasigur í síðasta mánuði. Nú á að hamra járn meðan það er heitt. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**

framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík fyrir nýafstaðnar þingkosningar.

Þótt Björn Ingi Hrafnsson hafi ítrekað haldið því fram að hann sé hættur í stjórnmálum gefast menn ekki upp á að orða hann við framboð. Hann veitti Fréttablaðinu ekki afgerandi svar en sagðist ekki vera í neinum framboðspælingum.

Framsóknarmenn á höfuðborgar-

svæðinu binda vonir við að Hrafnar Pétursson, aðstoðarmaður Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra, fallist á að leiða Framsóknarflokkinn í Reykjavík og Brynja Dan Þorgeirsdóttir hefur líka fengið töluvert af áskorunum samkvæmt heimildum blaðsins, þrátt fyrir að búa í Garðabænum.

Þá er Þorvaldur Danielsson, eða Valdi í Hjólakrafti, eins og hann er

Hnignun eftir blómaskeið R-listans

Framsóknarflokkurinn bauð fram sameiginlega með vinstri flokkunum undir merkjum Reykjavíkurlistans árin 1994, 1998 og 2002 og öll þessi kjörtímabil var R-listinn með meirihluta í borginni. Flokkarnir buðu hins vegar fram hver í sínu lagi í kosningunum 2006 og þá fékk Framsóknarflokkurinn einn mann kjörinn, Björn Inga

Hrafnsson.

Þegar Jón Gnarr og Besti flokkurinn buðu fram árið 2010 náðu Framsóknarmenn engum inn en bættu úr því í kosningunum þar á eftir með samfloti við flugvallarvini og fengu tvo borgarfulltrúa kjörna, þær Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur og Guðfinnu Jóhannu Guðmundsdóttur.

Flokknum hefur gengið betur í samfloti við aðra síðustu ár

Kosningar	Framboðslisti	Fjöldi fulltrúa
94 - 02	Reykjavíkurlistinn	8
2006	Framsóknarflokkurinn	1
2010	Framsóknarflokkurinn	0
2014	Framsókn og flugvallarvinir	2
2018	Framsóknarflokkurinn	0


gjarnan kallaður, oft nefndur sem kandidat fyrir Framsókn í Reykjavík. Hann var valinn Reykvíkingur ársins 2020 fyrir ötult hjólréiðastarf með ungmennum.

Framsóknarfólk sem Fréttablaðið ræddi við bindur miklar vonir við næstu borgarstjórnar-

kosningar og áhrifafólk í flokknum segir stefnuna setta á að ná allavega fjórum borgarfulltrúum inn fyrir flokkinn. Stemningin á suðvesturhorninu hafi verið engu lík fyrir kosningarnar og nýtt og ungt fólk streymt í flokkinn.

Áherslan verði á að byggja ofan á það sem ráðherrar flokksins hafa unnið að, bæði Lilja Alfreðsdóttir í skólamálu og Ásmundur Einar Daðason í velferðarmálum, einkum fyrir börn. Þá binda þau sem Fréttablaðið ræddi við vonir við að formaðurinn setjist í veglegt innviðaráðuneyti með áhrifum sem skipt geti máli fyrir skipulags- og húsnæðismál í Reykjavík. ■

Reykjavík Laugavegur 12 Laugavegur 116 Kringlan Mjóddin	Akureyri Viðjulundur 2
Borgarnes Borgarbraut 4	Húsavík Garðarsbraut 44
Patreksfjörður Bjarkargata 11	Þórshöfn Glaðheimar
Blönduós Húnabraut 13	Egilsstaðir Dýnskógar 4
Skagatrönd Vallarbraut 4	Eskifjörður Strandgata 50
Sauðárkrókur Aðalgata 108	Stöðvarfjörður Fjarðarbraut 48
	Djúpivogur Bakki 3
	Reykjanesbær Smiðjuvellir 8



Þú finnur gersemar í Rauðakrossbúðunum

og styður í leiðinni við hjálpar- og mannúðarstörf



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup þjóðkirkjunnar.

Biskupinn vill fjölga á samskiptasviði og kanna viðhorfið til þjóðkirkjunnar

gar@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Agnes M. Sigurðardóttir biskup leggur fram tillögu á Kirkjuþingi sem hefst í dag um að gerð verði könnun um viðhorf þjóðarinnar til þjóðkirkjunnar. Tillaga Agnesar er byggð á vinnu starfshóps um samskipta-, ímyndar- og kynningarmál þjóðkirkjunnar.

„Veruleiki þjóðkirkjunnar er breyttur að því leyti að við erum á frjálsum markaði og þar gildir ímyndin þín og að þú sért í kynningu og aðrir viti hver þú ert,“ segir í greinargerð starfshópsins, sem kveður mikilvægt að greint verði hvaða leiðir séu bestar „til að boða fagnaðarerindið“.

Til að fá sem raunhæfasta niðurstöðu er könnunin sögð þurfa að vera unnin í sátt innan kirkjunnar. „Það þyrfti að vinna hana í samráði við Kirkjuþing og prestasamfélagið og því er mikilvægt að umræða fari fram um hana á Kirkjuþingi,“ er undirstrikað í greinargerð starfshópsins. „Mikilvægt er að við séum tilbúin til þess að taka mark á henni, sama hverjar niðurstöðurnar verða.“

Sérstaklega er ætlunin að styrkja notkun kirkjufólks á samfélagsmiðlum. Mikilvægt er sagt að sett séu viðmið og leiðbeiningar um miðlana. „Dæmi um það er að setja fram hvað miðlar kirkjunnar mega líka við (e. like), hvort þeir eigi að fylgja einstökum miðlum (e. follow), og hvort þeir megi deila efni frá öðrum,“ segir starfshópurinn.

Verkefninu fylgir ýmis kostnaður.



Við erum á frjálsum markaði og þar gildir ímyndin þín.

Starfshópur um samskipta- og ímyndarmál þjóðkirkjunnar

Meðal annars á að fjölga stöðugildum á samskiptasviði Biskupsstofu úr einu og hálfu í þrjú og er það stærsti einstaka kostnaðarliðurinn; 16,5 milljónir króna árlega. Til viðbótar er tæplega 5 milljóna króna reikningur frá Gallup vegna viðhorfskönnunar sem gera á bæði meðal almennings og fjögur hundruð starfsmanna kirkjunnar.

„Við þurfum að spyrja þjóðina hvað hún vill til þess að við getum þjónustað hana, í stað þess að okkar þjónusta beinist að því sem okkur langar að þjóðin sækist eftir.“

Í umsögn um tillögu biskups kveðst Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, sakna þess að hvorki í nýsamþykktu skipuriti né í nokkru máli sem liggja fyrir Kirkjuþingi skuli vera minnst á að kirkjan syngi. „Sú fjöldahreyfing sem þjónar kirkjunni með söng undir stjórnl vel menntaðra kirkjutónlistarmanna er oftast en ekki hinn trú kjarni safnaðarinn,“ segir í umsögn Margrétar. ■



Auglýsing á tillögum að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, auglýsir hér með tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Tillögur að burðarþolsmati og áhættumati erfðablöndunar ásamt umhverfismatsskýrslu og fylgigögnum eru aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda, www.samradsgatt.is, frá og með mánudeginum 25. október 2021.

Allir sem þess óska geta gert athugasemdir við tillögurnar og umhverfismatsskýrslu. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri er til og með 6. desember 2021 og skulu þær berast á samráðsgátt stjórnvalda, www.samradsgatt.is.

Tillögurnar ásamt fylgiskjölum liggja einnig frammi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.



Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Dagur Jólatertunnar er á morgun 24.

- tryggðu
þér eina,
núna strax



- með sultu og kremi með sveskjusultu með kremi með rabarbarasultu

Bragðaðu þær allar
- kaupu Myllu Jólatertur



Alltaf nýbakað
síðan 1959

> nánar á myllan.is

TAX FREE



Allir sófar og sófaborð
á taxfree tilboði*

LÝKUR Á MÁNUDAG



HEAVEN

Draumasófinn í Diamond Moss dökkgrænt
rifflað flaueli.

3,5 sæta. 290 x 105 x 82 cm.


266.137 kr. ~~329.990 kr.~~

3ja sæta. 220 x 105 x 82 cm.

254.039 kr. ~~314.990 kr.~~



Pú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is



STANLEY

3ja sæta sófi. Vandaður og flottur í ekta
leðri með rustik áferð.

218 x 84 x 77 cm

346.787 kr. ~~429.990 kr.~~




FRIDAY

Tungusófi. Dökkgrátt áklæði.
Þægilegur og rúmgóður sófi með háu baki.

256 x 175 x 91 cm

177.422 kr. ~~219.990 kr.~~



BONNY

Fallegur og
þægilegur sófi í
Bloq 28 orange áklæði.

2,5 sæta. 196 x 87 x 80 cm

137.097 kr. ~~169.990 kr.~~

3ja sæta. 216 x 87 x 80 cm

145.162 kr. ~~179.990 kr.~~



CHARLIETOWN

3ja sæta sófi í dökkgráu Vic sléttflauelsáklæði.
Svartir viðarfætur.

219 x 88 x 78 cm

137.097 kr. ~~169.990 kr.~~


Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í
auglýsingunni eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað
verð sýnir fullt verð vöru.



CLEVELAND

Hornsófi í dökkgráu áklæði með krómfótum. Tungu hægra megin en fæst einnig með vinstri tungu.

308 x 203 x 81 cm

161.292 kr. ~~199.990 kr.~~

**TAX FREE
AF ÖLLUM
MOTTUM**



NIRMAL

Motta. Ishian antrazit
80x250 cm

12.823 kr.

~~15.900 kr.~~

160x240 cm

24.115 kr.

~~29.900 kr.~~

200x300 cm

40.245 kr.

~~49.900 kr.~~



COMO

2ja eða 3ja sæta sófi í Brunei 55 Mustard sléttflauelsáklæði.

3ja sæta. 209 x 90 x 72 cm

112.902 kr. ~~139.990 kr.~~

2ja sæta. 169 x 90 x 72 cm

96.772 kr. ~~119.990 kr.~~


**TAX FREE
AF ÖLLUM
SÓFABORÐUM**



DUNCAN

Sófaborð. Ø80 cm. 39.990 kr.

Nú 32.252 kr.



VISION

2,5 x 2,5 sæta hornsófi í koníakslituðu Kentucky bonded leðri. Einnig fánlegur í gráu Kentucky bonded leðri.

288 x 288 x 84 cm

403.119 kr. ~~499.990 kr.~~



ALISMA

Sófaborð. 80 x 80 cm. 29.990 kr.

Nú 24.187 kr.



WOODSTOCK

Sófaborð. Oliuborin eik eða svartur askur. 120 x 60 cm. 39.990 kr.

Nú 32.252 kr.



PETRI

Sófi í dökkgráu velúr áklæði. Svartir tréfætur. Sófanum fylgja stórir bakpúðar fylltir dúnkurlí.

3ja sæta sófi. 242 x 100 x 78 cm

185.487 kr. ~~229.990 kr.~~

2,5 sæta sófi. 210 x 100 x 78 cm

173.389 kr. ~~214.990 kr.~~



IBIZA

Sófaborð. Ø70 cm. 39.990 kr.

Nú 32.252 kr.



AMBLE

Sófaborð. Svart marmara melamin. Ø77 x H44 cm. 29.990 kr.

Nú 24.187 kr.

* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og sófaborðum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Kvennafrídagurinn 24. október 2021

Baráttukveðja frá konum í Straumsvík

RioTinto



Titlar Manchester United

Deildartitlar	20
Bikarmeistarar	12
Samfélagsskjöldurinn	21
Titlar innanlands	58
Evróputitlar	6
Titlar alls	66

Súpersunnudagur með athyglina á Old Trafford

48

leiki spilaði Ryan Giggs gegn Liverpool.

15

gul spjöld er United búið að fá í deildinni.

85%

er sendingarhlutfall United í deildinni.

16

mörk er United búið að skora í deildinni.

3

mörk hefur Ronaldo skorað fyrir United í deildinni.

59,5%

er meðaltal Manchester United með boltann í átta leikjum í deildinni.

Starfið undir

Starf Ole Gunnar Solskjær, stjóra Manchester United, hangir á bláþræði. Hann náði vissulega að kreista fram úrslit í vikunni sem er svo sem gömul saga og ný því yfirleitt þegar hann þarf að ná í úrslit þá tekst honum það.

En það er eitthvað í loftinu sem segir að hann sé ekki rétti stjórninn fyrir liðið. Hann virðist ekki ná fram því besta úr leikmönnum og það má lesa ýmislegt í ummæli Paul Pogba um að eitthvað þurfi að breytast.

Leikplanið er yfirleitt ekki beisið. Solskjær virðist vona að einhver af stórstjörnum hans búi eitthvað til. Geri eitthvað. Ekkert endilega eitthvað sem er planað heldur bara eitthvað. Varnarleikurinn er heldur ekki beisinn. Manchester United hefur nú fengið á sig fjölmörg

mörk úr fóstum leikatriðum – sem flestir eru sammála um að þá er eitthvað ekki í lagi á æfingasvæðinu. Hlutirnir eru fljótir að breytast í fótbolta og vissulega fór Solskjær með liðið í 29 leiki án þess að tapa á úti-velli. En skyndilega hefur liðið tapað 10 stigum og október er ekki búinn. Meistarar hafa tapað í yfirleitt um 20 stigum síðustu ár, sumir meira að segja minna.

Árangur Solskjær eftir 163 leiki

- **Sigarar:** 90
- **Jafntefli:** 36
- **Tap:** 37
- **Sigurprósenta:** 54,9%
- **Mörk skoruð:** 302
- **Mörk fengin á sig:** 170





Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas
@frettabladid.is

Stundum eru fótboltaguðirnir bara einfaldlega í góðu skapi þegar deildarkeppnum er raðað upp. Á morgun verður nefnilega svakalegur sunnudagur þar sem Derby d'Italia er spilaður á Ítalíu, El Classico á Spáni, Le Classique í Frakklandi og meira að segja Pakistan mætir Indlandi í krikket. Það verða þó allra augu á Leikhúsi draumanna í Manchester þar sem erkifjendurnir í Liverpool mæta í heimsókn.

Titlar Liverpool

Deildartitlar	19
Bikarmeistarar	7
Samfélagsskjöldurinn	15
Titlar innanlands	50
Evróputitlar	13
Titlar alls	64

Manchester United gegn Liverpool

Leikir	207
Sigurleikir Manchester	81
Sigurleikir Liverpool	68
Jafntefli	58

Smurstöðin Klopp

Jurgen Klopp er í öðru sæti í deildinni með Liverpool og kemur inn í leikinn eftir alveg svakalega góða frammistöðu gegn Watford. Þar virkaði Liverpool sem vel smurð vél. Það er erfitt að sjá tapleik í kortunum þegar liðið spilar af slíkum krafti.

Klopp bauðst að taka við Manchester United þegar hann var með Borussia Dortmund árið 2014 en hefur sagt að það hafi ekki verið rétti tímamunkturinn. Hann tók við Liverpool ári síðar og hefur umbreytt liðinu í eitt skemmtilegasta lið Evrópu.

Liverpool spilaði gegn Atletico Madrid í vikunni í Meistaradeildinni þar sem Mo Salah, hver annar, skoraði eitt mark liðsins. Salah er búinn að spila þannig

það sem af er að hann er besti leikmaður heims um þessar mundir. Og hann er að renna út á samningi. Er sagður vilja 400 þúsund pund á viku næstu árin. Það er í raun ótrúlegt að það þurfi einhvern samningafund. Enda hvert ætti skrefið að vera frá Liverpool? Það eru nefnilega fá lið betri í dag.

Árangur Klopp eftir 163 leiki

- **Sigur:** 88
- **Jafntefli:** 44
- **Tap:** 31
- **Sigurprósenta:** 54%
- **Mörk skoruð:** 333
- **Mörk fengin á sig:** 174

100

mörk er Sadio Mane búinn að skora í deildinni.

22

mörk er Liverpool búinn að skora í deildinni.

9

leikjum í röð er Mo Salah búinn að skora í.

9

gul spjöld er Liverpool búinn að fá í deildinni.

61,1%

er meðaltal Liverpool með boltann í átta leikjum í deildinni.



FÖGNUM VETRI

MED ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU - NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi landnáms hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu – og öll viljum við meina að „okkar súpa“ sé best. Fögnum vetrinum með fjölbreyttri íslenskrí lambakjötssúpu – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is



BJORK@FRETTLADID.IS

Geðveikt leikhús

Edna Lupita Mastache, líf hennar og barátta við geðhvörf, er til umfjöllunar í heimildarmynd sem sýnd er í Bíó Paradís. Í einlægum viðtali í þessu tölublaði segir hún jafnframt sögu sína.

Edna, sem er lærð leikkona, hefur lengi viljað nýta þá menntun sína, leiklist og listþerapíu, til bættrar andlegrar líðanar. Með stuðningi Hlutverkaseturs stofnaði hún leikhóp þar sem saman koma ólíkir einstaklingar og nota leikþjáninguna til að vinna með tilfinningar. Sjálf segir Edna þá útrás geta jafnast á við tíma hjá sálfræðingi.

Þótt undirrituð ætli alls ekki að mæla með að eitt komi í stað annars fagnar hún opinni umræðu um geðsjúkdóma, geðheilbrigði og ólíkar leiðar til bættrar geðheilsu. Saga um geðhvörf í kvikmyndahúsi á Hverfisgötu er skref í rétta átt. Leiksýning um veröld stjórnléysis og örvæntingar hinum megin við götuna, í Þjóðleikhúsi allra landsmanna, er af hinu góða. Og leikhópur sem notar slagorðið „geðveikt leikhús fyrir alla“, er svo sannarlega góð leið til að halda umræðunni um geðheilbrigði á lofti. Geggjað! ■



Saga um geðhvörf í kvikmyndahúsi á Hverfisgötu er skref í rétta átt.

Við mælum með

Veitingastaðnum Gandhi

Indverski veitingastaðurinn Gandhi er fluttur úr kjallaranum undir Skólalátt og í bjartara og betra húsnæði við Bergstaðastræti, þar sem Bernhöftsbakarí var áður til húsa. Hvað eru mörg B í því? Maturinn sem þar er boðið upp á er eins og hann gerist bestur og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem þú ert grænmetisæta, með glútenóþol eða einfaldlega gourmet aðáandi.



Eimbaðinu í Sundhöllinni

Eimbaðið á bökkum nýju laugarinnar í Sundhöll Reykjavíkur er ekkert minna en hamingjunnar hof, en það er eitthvað í rými þess og lögun sem skapar einstaka stemningu á meðal sundlaugargesta, gott ef nú þegar sem þar er að finna er ekki afslappaðra og hægara en gengur og gerist. ■



Sóley segir að eftir á að hyggja sé það gríðarlega dýrmætt fyrir sig að eiga myndir af öllu ferlinu en einnig fyrir fjölskyldu hennar þar sem þau fengu aldrei að koma með henni í neinar meðferðir vegna Covid-reglna. MYNDIR/ÞÓRÐIS ERLA

Of ung fyrir krabbamein

Sóley Björg Ingibergsdóttir leyfði ljósmyndaranum Þórðisi Erlu Ágústsdóttur að fylgja sér í lyfja- og geislameðferð og tvöfalt brjóstnám og verður í dag opnuð sýning með afrakstrinum.

bjork@frettbladid.is

Sóley var aðeins 25 ára þegar hún fékk þær fréttir að hún væri BRCA2 arfberi, þrátt fyrir að ekki væri þekkt áhætta um krabbamein í nánustu fjölskyldu hennar. Hún átti að hefja eftirlit fimm árum síðar en aðeins liðu tvö ár þar til Sóley sjálf fann hnút í brjósti og greindist í kjölfarið með brjóstakrabbamein.

Þegar hún sá póst frá Þórðisi Erlu Ágústsdóttur ljósmyndara, þar sem hún leitaði að konu í meðferð til að taka þátt í vitundarvakningarverkefni, ákvað hún að senda henni línu.

„Fyrst átti ég bara að vera hluti af stóra verkefninu en eftir því sem leið breyttist planið og hún og Anna Margrét Bjarnadóttir, formaður Brakka samtakanna, vildu halda sýningu bara um mig. Í fyrstu var þetta allt mjög yfirþyrmandi en á sama tíma fannst mér ég þurfa að taka þátt, enda ótrúlega mikilvægt málefni.“

Sóley segist hafa ákveðið um leið og hún greindist að vera opin með sín veikindi á Instagram-síðu sinni, @soleybjorg, og segist hafa sótt mikinn styrk í skilaboð frá jafnvel ókunnugu fólki. Hún verður viðstödd opnunina ásamt fjölskyldu sinni og segir eftirvæntinguna mikla.



Sóley er spennt fyrir opnun sýningarinnar og segist hafa séð nokkrar myndir.

Af hverju ekki ég?

„Ég er búin að sjá nokkrar myndir og það var ótrúlega erfitt að sjá sumar af því ég man nákvæmlega hvernig mér leið þarna og þá ósjálf-rátt fer maður að hugsa til baka hversu veik ég var.“

Þórðis fylgdi Sóleyju alla leið og var tekið vel á móti þeim á spítalanum, segir Sóley það jafnvel hafa minnkað stressið að hafa hana með. „Óþægilegasta myndin var samt þegar hún tók myndir af mér berri að ofan fyrir aðgerðina. Þarna stóð ég með mín brjóst og leið eins og ég ætti að skammast mín fyrir þau. Þau voru ekki fullkomin og ég er búin að hugsa mikið um það hvað fólk muni hugsa þegar það sér

mig standa þarna með mín lafandi brjóst.“

Aðspurð segist Sóley ekki hafa efast um ákvörðunina en nokkrum sinnum hugsað sig um. „En ég endaði alltaf á þeirri skoðun að ég hefði viljað að einhver annar hefði haft hugrekkið í þetta. Þannig, af hverju ekki ég?“

Sýningin Of ung fyrir krabbamein verður opnuð í Gallery Ramskram, Njálsgötu 49, í dag, laugardag, en mun svo verða farandsýning um landið. Í tengslum við sýninguna munu Brakka-samtökin halda fræðslufund 23. október um arfgeng krabbamein, BRCA og aðrar erfðabreytingar í Klínikinni, Ármúla. ■

Í vikulokin



Ólafur Arnarson

Aðeins tveir kostir eru í boði

Íslenska krónan er komin í vaxtahækkunarferli, einn vestrænna gjaldmiðla, þrátt fyrir að vextir á Íslandi séu þegar margfaldir á við það sem tíðkast í öllum helstu viðskiptalöndum okkar. Ástæðan er veikur gjaldmiðill sem hvergi er gjaldgengur utan íslenskrar landhelgi. Engin önnur lönd í okkar heimshluta eru farin að huga að vaxtahækkunum í miðjum heimsfaraldri. Greiningardeild Landsbankans

spáir 4,25 prósentu stýrivöxtum 2023, en þeir standa nú í 1,5 prósentum. Af þessu leiðir að vaxta- og greiðslubyrði íslenskra heimila og fyrirtækja hækkar til muna, en hún er nú þegar miklu þyngri en þekktist í öðrum löndum.

Greiðslubyrði af 30 milljóna króna óverðtrygððu húsnæðisláni myndi þannig hækka um 36 þúsund krónur á mánuði, 432 þúsund krónur á ári. Venjulegar fjölskyldur munar um minna. Ekki má gleyma

því að þessi hækkun kemur ofan á þá háu greiðslubyrði sem fyrir er.

Íslensk fyrirtæki keppa á hverjum degi við erlend fyrirtæki sem búa við allt annan fjármögnunarveruleika en ríkir hér í landi krónunnar. Enn fremur kallar sligandi greiðslubyrði heimila á íþyngjandi launakröfur sem draga enn frekar úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum.

Stærsta hagsmunamál íslensks



Venjulegar fjölskyldur munar um minna.

almennings og atvinnulífs er traustur gjaldmiðill. Eina leiðin til að bæta varanlega fjármögnunarumhverfi heimila og fyrirtækja hér á landi, og þar með samkeppnishæfni Íslands, er að taka hér upp stöðugan gjaldmiðil. Til þess eru tvær raunhæfar leiðir. Við getum annaðhvort tekið upp evru með inngöngu í ESB eða fest gengi krónunnar við evru með fulltingi Evrópska seðlabankans. Reynist seinni leiðin ofær er sú fyrri eini kosturinn. ■

Hreyfðu við heiminum.

IONIQ 5

100% rafmagn.



ENNEMM / SIA / NM007243

Hvað finnst þér mikilvægast í heimi? Markmiðin, fjölskyldan, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú dregur 481 km. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína örugglega hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

Opið í dag frá 12–16



Hyundai IONIQ 5. Verð frá: 5.990.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is





Eyþór Arnalds hætti í Tappa Tíkarrassi 17 ára og tók menntaskólann utanskóla til að einbeita sér að sellóleik. Hann hefur átt líf í tónlist, viðskiptum og pólitík enda segir hann mikilvægt að endurnýja sig. Það hefur hann sjálfur gert, er ástfanginn á leið á svið Eldborgar.



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Ég er ekki með neinar beinagrindur í skápnnum

Þannig hefur rauði þráðurinn verið í mínu lífi. Maður er búinn að eiga mörg skeið: mikið í listum, mikið í viðskiptum og svo líka pólitík.

Vildi ekki verða leikari

Grunnurinn og uppeldið var þó í listunum. „Mamma, Sigríður Eyþórsdóttir, var leikstjóri. Hún kenndi mörgum núlifandi leikurum og stofnaði til að mynda leikhópin Perluna sem systir mín Bergljót stjórnar nú í dag. Ég byrjaði því í leikhúsinu,“ segir Eyþór en bendir á að pólitíkin sé ekki algjörlega ólík leiklistinni. „Að vissu leyti er pólitíkin með sitt svið, sínar persónur og leikendur og sinn söguþráð.“

Eyþór fór mikið með mömmu sinni í leikhúsið og lék í Þjóðleikhúsinu sem barn. „Svo hætti ég að leika þegar ég var 12 ára,“ rifjar hann upp og hlær. „Ég ákvað þá að ég ætlaði ekki að vera leikari. Á þeim tímamarki ætlaði ég að verða stjarnedlisfræðingur. Það mistókst en félagi minn sem ætlaði sömu leið lét þó drauminn rætast og er í dag stjarnedlisfræðingur. Ég fór í annað og stofnaði hljómsveit með Björk Guðmunds, Eyjólfí Jóhannessyni og Jakobi Smára Magnússyni,“ rifjar hann upp og á auðvitað við Tappa Tíkarrass.

Hætti í rokkinu fyrir klassíkina

Eyþór segist ekki sjá eftir því að hafa sveigt af braut á leið til stjarnedlisfræðináms og hellt sér út í rokkið kornungur.

„Ég sé ekki eftir þessum skiptum því þarna átti sér stað ákveðin sköpun sem var aðeins á þessu eina augnabliki í íslensku tónlistarsögu. Við sem þjóð vorum að koma út úr austur-evrópsku skömmtunarþjóðfélagi þar sem ekki mátti selja erlent



Ég er ekki með neinar beinagrindur í skápnnum. Ég keypti hlutabréf í Arvakri af Samherja fyrir fjórum árum síðan. Ég skulda þeim ekki neitt og þeir mér ekkert heldur.

súkkulaði, hvað þá bjór. Það var aðeins einn útvarpsþáttur í viku, Áfangar, sem spilaði ný lög,“ rifjar hann upp.

Eyþór ólst upp í Árbænum til tólf ára aldurs þegar fjölskyldan færði sig í Vesturbæinn en vinirnir og hljómsveitarfélagar komu víða að.

„Þegar internetið og farsímarnir voru ekki til kynntust unglingar þvert á hverfin. Það voru hljómsveitir í mörgum bílskúrum og voða fljótt að spyrjast út ef einhver var góður,“ segir hann en sjálfur var Eyþór bassaleikari og söngvari með Tappa Tíkarrassi og sveitin vakti mikla athygli í kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Rokk í Reykjavík, þar sem hún átti tvö lög.

Stuttu síðar hætti Eyþór í sveitinni og segja má að hann hafi sagt skilið við rokkið aðeins 17 ára gamall.

Munkaskeiðið

„Ég hætti til að snúa mér alfarið að klassíkinni. Þetta var akkúrat öfugt við jafnaldrana sem þarna fóru inn á sitt villtasta skeið en ég var meira

á einhverju munkaskeiði,“ segir Eyþór sem lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Námið stundaði hann þó utanskóla til að geta betur nýtt tímann til að æfa sig á sellóid. „Maður reynir að taka hlutina föstum tökum,“ segir hann og við erum sammála um að í dag hefði hann líklega verið sendur í greiningu.

„Nei, það var ekki búið að finna upp þessar almennu greiningar þegar ég var unglingur. Ég er voða feginn því ég hefði klárlega verið greindur með eitthvað og ekki mátt gera það sem ég gerði,“ svarar hann og jánkvar því að líklega sé hann einhvers staðar á hinu fræga rófi.

Eyþór einbeitti sér að sellóleik og tónsmíðum og tók lítinn þátt í félagslífi á menntaskólaárunum. „Það má segja að það hafi verið mikið meira röt á mér á aldrinum 13 til 16 ára. Svo var það bara sellóid. Ég fór svo meira að segja í tvö klaustur í kringum tvítugt. Mig langaði að kynna merkilegu lífi munkanna. Ég fór í klaustur sem heitir Solemnnes og er franskt móðurklaustur Clervaux-klaustursins sem Laxness dvaldi í á sínum tíma í Lúxemborg.“

Eyþór dvaldi í nokkrar vikur í klaustrinu sem er að hans sögn hvað fremst í gregor-söng. „Ég fór þangað til að syngja með munkunum. Það voru fimm messur á sól-arhring og vaknað klukkan fimm og aðeins mátti tala í eina klukkustund á dag,“ rifjar Eyþór upp.

Ofríki virkar ekki

„Ég náði líka að kynna kommúnismanum í Austur-Evrópu áður en hann leið undir lok og ég myndi segja að þetta hafi allt saman verið hluti af menntun minni.“

Eyþór tók unglingsárin út á annan hátt en margir. Rokkið átti hug hans allan frá 13 til 17 ára og svo einbeitti hann sér að sellóinu og klassíkinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Fræðsla fyrir alla

Við leggjum okkur fram við að vera fremst í fjármálafræðslu á Íslandi. Frá árinu 2015 höfum við boðið upp á ríflega 600 fræðslufundi sem hátt í 40.000 gestir hafa sótt og fjöldi til viðbótar fylgst með á vefnum.

Næstu fræðslufundir

Svona eignast þú íbúð


- Veffundur
- 28. október
- Kl. 19:30 til 20:30

Fæðingarorlof - Þetta þarftu að vita

- Veffundur
- 4. nóvember
- Kl. 19:30 til 20:30

Fjármál við starfslok

- Veffundur
- 24. nóvember
- Kl. 19:30 til 20:30



Kynntu þér fjölbreytt fræðslustarf bankans á islandsbanki.is/fraedsla

„Ég fór með þjóðleikhúsinu til að leika og spila í Austur-Berlín og prófaði svo að leigja herbergi í Prag og kynna lífinu þar.“ Eyþór segir ótal sögur koma upp í hugann frá þeim tíma en sérlega minnstætt sé partí sem hann sótti ásamt jafnöldrum sínum á föstudagskvöldi.

„Hápunktur kvöldsins var þegar Nivea-prufa var látin ganga manna á milli. Fólk var ekkert að bera kremið á sig heldur einfaldlega þefa af því.“

Hann segir bágt ástandið hafa haft áhrif á sig og að hann hafi séð að slíkt ofríki virkaði ekki. Hann hafi endanlega sannfærst um þá lífsskoðun sína að trú á einstaklinginn og treysta honum.

„Ísland var þarna að fara úr haftastefnunni, litasjónvarpið var komið og það var hægt að kaupa einhvern gjaldeyri til að fara til útlanda. Ísland var að opnast en þarna var eins og allt væri frosið í tíma.“

Ég man að ég og Örn Árnason leikari ætluðum að borða á finum stað í Austur-Berlín þar sem Þjónn í gömlum slitnum kjölfötum tók á móti okkur. Hann spurði hvort við ættum pantað borð sem við áttum ekki og var vísað frá. Þegar við spurðum hvernig stæði á því að við fengjum ekki borð á tónum staðnum sagði hann okkur að panta þyrfti hráefnið með margra daga fyrirvara.“

Hundrað tónleikar á einu ári

Upp úr tvítugu varð Eyþór hluti af hljómsveitinni Todmobile ásamt þeim Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni og Andreu Gylfadóttur, en sveitin varð í raun til fyrir slysin að sögn sellóleikarans. „Við vorum þá að læra tónsmíðar og Þorvaldur stakk upp á að við tækjum upp nokkur lög. Þetta bætti svo utan á sig eins og snjóbolti og við enduðum á að spila á fullu í fjögur ár. Eitt árið spiluðum við á hundrað tónleikum,“ rifjar hann upp en sveitin starfaði í fimm ár og gaf á þeim tíma út jafn margar plötur sem hlutu frábærar viðtökur.

Árið 1993 hætti sveitin formlega þó að hún hafi síðan þá nokkrum sinnum komið aftur saman og gefið út enn meira efni.

„Við vorum búin að gera flest sem hægt var að gera hér heima. Ég fór að vinna í tækninni,“ segir Eyþór og er augljóst að tækniþróun er eitt-hvað sem brennur á honum. „Fyrst í OZ og svo í Símanum og það kom einfaldlega nýr kafla í mitt líf. Ég stúderaði tækni mikið, sérstaklega í kringum hljóð og tónlist, en svo fór ég í MBA og tók svolitíð viðskiptavinkilinn í þessu en hef alltaf lesið mjög mikið um tækni. Ég trúi því að tækni geti leyst mjög margt.“

Við erum að fara að fara sjá gríðarlegar breytingar í samgöngumálum, bæði orkuskiptin og svo sjálfskeyrandi bíla. Fyrst nú eru þetta litlu rafskúturnar og það er komið talsvert af rafmagnsbílum, en þetta er bara byrjunin,“ segir Eyþór og heyrna má að nú hefur borgarfulltrúinn Eyþór tekið tónlistarmanninn yfir.

Rótgróin trú á einstaklinginn

„Krafan um þjónustustig og umhverfisvernd verður há og tæknin mun svara því. Það eru mjög margar borgir farnar að huga að framtíðinni varðandi sjálfskeyrandi bíla en við erum lítið að því hér. Tæknin er nálæg og ég held að þetta geti verið lausnin á mörgu, þannig má lækka kostnað, bæta almenningsamgöngur og fækka slysum.“

Reykjavíkurborg getur verið mikið snjallari en hún er. Sem dæmi þá vita allir sem hafa bedið við umferðarljós að þau eru ekki mjög gáfuð. Það eru til hreyfi- og snertiskynjarar sem sjá umferðina og haga ljósum eftir því. En við erum enn að notast við klukku sem er nítjándu aldar aðferð. Við erum alltaf að tala um að stytta vinnuvikuna og minnka umferð, þetta er einföld lausn í þeim efnum.“

Fyrst borgarfulltrúinn Eyþór er



Hún er góð jarðtenging fyrir mig. Ég fer stundum of hratt og það er gott að hafa góða jarðtengingu.

tekinn við er ekki úr vegi að spyrja oddvita Sjálfstæðisflokksins í borginni hvort hugurinn hafi alltaf stefnt í pólitík.

„Það var ekki endilega á planinu en ég hef alltaf haft þessa rótgrónu trú á einstaklinginn. Þegar ég var í Tappa tíkarrassi var ég anarkisti og hef alltaf verið á móti yfirvaldi og ofríki.“

Samgöngu- og skólamála brenna á Eyþóri. „Framtíðin verður allt öðruvísi og við ættum að undirbúa börnin betur undir hana í skólanum og efla sköpun og vísindanám. Á þessari öld keppir fólk við tæknina. Tæknin mun taka yfir fjölmörg störf og við ættum því að leggja áherslu á mennsku störfin, hvort sem það er list, vísindi eða önnur sköpun.“

Eyþór var formaður bæjarráðs í Árborg fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins árin 2010 til 2014. Hann segist hafa fundið sinni sýn og skoðunum ágætis farveg í flokknum. „Enginn flokkur er fullkominn en Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir einstaklingsfrelsi og býr yfir meira umburðarlyndi en flestir flokkar. Hann er stór því innan hans rúmast ólíkar skoðanir og fólk.“

Mamma var harður herstöðvaandstæðingur, pabbi var íhaldsamari en þau ólust upp á tímum þegar við höfðum nýverið öðlast sjálfstæði sem þjóð. Ég er því alinn upp við þann tón, að við gætum gert meira sem sjálfstæð þjóð og það er inngróið.“

Hollt að vera í minnihluta

Eyþór segist hafa lært mikið á tímanum í bæjarstjórn Árborgar þar sem hann var bæði í minnihluta og meirihluta.

„Að vera í minnihluta er besta þjálfunin áður en tekið er við stýringu. Það er að mínu viti hollara en að fá völd of fljótt,“ segir Eyþór sem ætlar sér ekki að vera í minnihluta í Reykjavík mikið lengur. „Sama

fólkið er búið að vera við völd lengi og það vill stundum festast í filabeinsturni. Ég held að það sé gott fyrir borgina að hrista boxið og breyta til. Það er kominn tími á að opna Reykjavík, fá fleiri lóðir til að byggja og opna eyrun. Heyra hvað fólk í hverfunum hefur að segja eins og rekstraraðilar á Laugavegi sem hafa upplifað að ekki sé hlustað á þá. Við þurfum að ná sátt og færa borgina hraðar inn í nútímann. Ég held að Reykjavík geti orðið besta borg Evrópu til að búa í en þá þarf hún að vera aðeins stærri, aðeins opnari og færa sig nær nútímanum.“

Engar beinagrindur í skápnum

Tónlistarmaðurinn og pólitíkusinn hefur einnig látið að sér kveða á viðskiptasviðinu og hefur hlutur hans í Morgunblaðinu verið milli tanna á fólki en lengi vel var Eyþór stærsti hluthafinn.

„Hlutur minn í Mogganum hefur rýrnað á hverju ári, því miður. Ég átti þennan hlut áður en ég fór í borgarpólitíkuna en um leið og ég fór þangað sagði ég mig úr stjórn Árvakurs og hef engin afskipti þar. Hlutur minn hefur verið til sölu en það er litil eftirspurn enda afkoman neikvæð. Aðalatriðið er að þegar fólk er með hagsmuni sé það uppi á borði. Þessi hlutur er verst geymda leyndarmálið í íslenskri pólitík enda margskræður,“ segir Eyþór. „Ég er ekki með neinar beinagrindur í skápnum. Ég keypti hlutabréf í Árvakri af Samherja fyrir fjórum árum síðan. Ég skulda þeim ekki neitt og þeir mér ekkert heldur. Hlutabréfin hafa orðið verðlital eins og í öðrum frjálsum fjölmíðlum og því edlilegt að hlutabréfin séu færð niður þegar taprekstur er á eftir ár.“

Aðspurður segist Eyþór alltaf hafa haft mikinn áhuga á fjölmíðlum og fyrstu hlutabréfin sem hann fjárfesti í voru í Dagblaðinu sem hann keypti fyrir launin sem hann fékk

Eyþór fann ástina á ný með Ástriði Jakobínu myndlistarkonu. Hann segist heppinn að hafa kynnst Ástriði og það sé dásamlegt að finna ástina. Hún sé ákveðið hreyfiafl.

fyrir að selja Vísi í miðbænum, hann var þá ellefu ára.

„Ég hef alltaf lesið mikið og man eftir að hafa þurft undanþágu í bókaþilnum í Árbænum því þar mátti bara fá lánaðar þrettán bækur á viku og það dugði mér ekki. Ég hef gaman af skritnum bókum,“ segir Eyþór og má sjá á bókasafni hans í stofunni að fjölbreytileikinn er þar í fyrirrúmi og mest lesið á ensku.

Yfir tuttugu ára aldursmunur

Eyþór og barnsmóðir hans og eiginkona skildu fyrir fjórum árum en ástin hefur aftur bankað á dyr og var henni tekið fagnandi.

„Það er dásamlegt að finna ástina og kannski er hún lífið, það er að segja að elska aðra manneskju og allt sem maður gerir. Ég held að það sé ákveðið hreyfiafl. Ég var heppinn að kynna Ástriði.“

Aðspurður um rúmlega tuttugu ára aldursmun parsins gefur Eyþór lítið fyrir það. „Það er vissulega aldursmunur á okkur en það dregur okkur saman að við deilum sömu gildum og áhugamálum og brennum bæði sérstaklega fyrir listinni og klassískri tónlist. Við erum mjög samhuga.“

En ætli aldursmunurinn hafi ekkert setið í þeim í upphafi?

„Ekki nægilega til að stöðva ástina. En jú, lífið er ævintýri og ekki alltaf eftir forskrift og það er bannað að hafa leiðinlegt og það er einmitt mottó Ástriðar.“

Þarið kynntist í gegnum sameiginlega vini og varð Eyþór strax heillaður.

„Hún er ólík flestum sem ég hef kynnst. Hún er máleri í klassískum stíl. Endurreisnarmáleri. En hún er ekki bara máleri heldur stundar hún líka „aerial silks“, eins og þú sérð í Cirque du Soleil,“ lýsir Eyþór, augljóslega heillaður og bendir blaðamanni á sterklega róluna á ganginum þar sem sambýliskonan æfir sig.

Hún er jarðtenging fyrir mig

„Hún er sterk manneskja í mörgum skilningi þess orðs og hefur þurft að hafa fyrir lífinu. Hún er góð jarðtenging fyrir mig. Ég fer stundum of hratt og það er gott að hafa góða jarðtengingu.“

Lífið er að verða allt öðruvísi en það var, við vorum alltaf í einföldum kössum: nám vinna, eftirlaun eða dauði. Nú lifum við lengur og höldum heilsu lengur. Við erum allt öðruvísi. Það að eiga fleiri en einn feril er framtíðin. Ég hef aldrei passað inn í einhvern einn kassa en frá síðustu öld höfum við verið svolitíð í sérfræðingakössunum: „Hann er lögfræðingur, hún er listakona og svo framvegis.“ Ef einhver fór út fyrir kassann var hann talinn skritinn. En það hafa verið tímabil í mannkynssögunni eins og „renaissance“-tíminn, þegar fólk gat verið í fleiri en einum kassa, verið til að mynda vísindamenn og listamenn.“

Var farinn að drekka of mikið

Eyþór segist hafa farið í gegnum mikla sjálfskoðun eftir að hafa verið tekinn fyrir ölvunarakstur árið 2006, atvik sem fór hátt í fjölmíðlum.

„Við áföll hefur maður tvo valkosti, að vera fúll og jafnvel kenna öðrum um eða horfa inn á við og ákveða að gera eitthvað í sínum málum. Það var það sem ég gerði. Ég held að það sé ekki nokkur spurning að ég var farinn að drekka of mikið og hraðinn var of mikill. Það er svo mikilvægt að fara ekki fram úr sjálfum sér og vera í tengslum við eðlilegan takt. Það á við drykkju, vinnu og metnað. Allir þessir hlutir geta farið illa með mann og ég held að ég hafi farið fram úr mér á öllum sviðum.“

Eitt af því sem er mikilvægt að passa sig á er að of mikill metnaður getur farið illa með fólk, ef það fer ekki illa með viðkomandi getur það farið illa með fólk í kringum mann,“ segir Eyþór að lokum. Reynslunni ríkari. ■



Ég held að það sé ekki nokkur spurning að ég var farinn að drekka of mikið og hraðinn var of mikill.



ÍSLENSKA ÓPERAN



LA TRAVIATA

6. NÓV-7. NÓV HARPA

13. NÓV-14. NÓV HOF

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

MIÐASALA Á HARPA.IS

OG MAK.IS

Mexíkóska leikkonan og danskennarinn Edna Lupita Mastache er viðfangsefni heimildarmyndarinnar Ekki einleikið. Í henni er barátta Ednu við geðræn veikindi með nýstárlegum aðferðum leiklistarinnar, umfjöllunarefni.

Edna Lupita elti ástina frá Mexíkó til Íslands fyrir rúmum tveimur áratugum, heimsóknin átti að vera stutt en hér er hún enn ásamt þremur dætrum.

Edna er alin upp í Mexíkóborg og segir umhverfið að mörgu leyti hafa verið óöruggt. „Ég var hrædd við að búa þar enda var barnsfaðir minn myrtur þegar ég var nýorðin ólétt af dóttur okkar. Pabbi hafði sagt mér að ef ég yrði ólétt ógift myndi hann henda mér út. Eins höfðu fjölskyldumeðlimir varað mig við Dani, barnsföður mínum. Hann var „el malo“, en hann var svo sætur,“ rifjar Edna upp og hlær. Hún var auðvitað aðeins 19 ára og segist hafa verið viss um að með henni yrði hann betri maður. „Hann var í óreglu en við höfðum rætt það að hann vildi hætta en sjálf hef ég aldrei notað fíkniefni.“

„Hann var myrtur tólf árum áður en þáverandi forseti, Felipe Calderón, lýsti yfir stríði gegn fíkniefnainnflutningi. Ástandið var slæmt og margir í kringum mig myrtir,“ segir Edna, sem fannst hún óörugg í Mexíkó.

Edna strauk að heiman ólétt enda hafði faðir hennar lýst því yfir að hún fengi ekki að búa hjá þeim ógift með barn. „En hann fór að leita að mér, sem betur fer.“

Örlagarík afmælisveisla

Edna var því ein með dóttur sína Angie, sem fæddist árið 1994, en fékk stuðning frá foreldrum sínum og fór í háskólanám í leiklist og þýsku þegar Angie var átta mánaða gömul. Það var svo í afmælisveislu í Mexíkóborg árið 1997 sem örlögin tóku í taumana.

„Vinkona mín var að deita íslenskan mann sem hélt veislu vegna afmælis síns. Ég fór með enda hafði þess vinkona sagt að þar yrði svissneskur maður sem vildi hitta mig. Ég var að læra þýsku og var því spennnt að spjalla við hann en hann hitti ég aldrei,“ það var aftur á móti íslenskur skiptinemi sem fangaði undir eins athygli hennar.

„Þegar ég gekk inn í veisluna sá ég Pétur og hugsaði með mér að ég yrði alla vega að sofa hjá honum, enda minnti hann mig á Axl Rose,“ rifjar Edna upp í léttum tón. „Ég hugsaði með mér að þetta hlýti að vera Svisslendingurinn sem ég átti að hitta. Þetta var ekki hann en Pétur talaði smá þýsku svo við fórum að tala saman. Ég varð strax ástfangin af honum, en veit þó ekki með hann,“ segir hún og hlær.

Ástin virðist hafa verið endurgoldin, enda voru Edna og Pétur farin að búa saman eftir tvær vikur. „Það var ekki planað en bara gerðist. Ég var undir eins mjög skýr með að við værum tvær, ég og Angie, dóttir mín sem hann kynntist mánuði eftir að við hittumst. Þau náðu strax mjög vel saman, svo vel að þegar við Pétur skildum árið 2010 fann ég að hún var tengdari honum en mér. Hún er svolítið lokuð eins og Íslendingur þótt hún sé mexíkósk í hjarta. Hún er ólík yngri dætrum mínum sem eru opnari og tala mjög mikið.“

Frá Mexíkóborg í Vesturbæinn

Upphaflega ætlaði unga parið að búa í Mexíkóborg en árið 1998 fóru þau í það sem átti að vera heimsókn til Íslands og hér eru þau enn.

Dóttirin, Angie, varð upphaflega eftir í Mexíkó. „Ég vildi ekki taka hana frá foreldrum mínum og við vorum ekki viss um að Pétur væri í alvöru Pétur en ekki einhver glæpamaður. Þremur mánuðum síðar, þegar ég var sannfærð um að allt væri eins og það ætti að vera,



Edna segir hugræna atferlismeðferð hafa breytt lífi sínu en hún hefur lengi glímt við geðræn veikindi. Leiklistina vill hún jafnframt nota til hjálpar sér og öðrum sem glíma við slíkar áskoranir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vildi vinna með mína djöfla



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

fór ég að sækja hana. Allt í einu var allt lífið breytt,“ segir Edna, sem uppgötvaði fjórum dögum eftir að hún lenti á Íslandi að hún væri með barni. „Við ákváðum að stofna fjölskyldu hér og ég þurfti að kveðja fjölskyldu mína mjög brátt. Ég var með mikið samviskubit, mamma grét mikið og sókk í mikið þunglyndi eftir að við fórum.“ Edna bendir á að á þeim tíma hafi verið mun erfiðara að halda sambandi á milli landa. „Ég man að mig dreymdi um síma þar sem ég gæti séð þau þegar ég talaði við þau. Eins og eru til í dag.“

Edna kom hingað til lands í ágúst árið 1998, hún var þá 23 ára gömul og eldri dóttir þeirra Péturs, Ariedna, kom í heiminn í maí árið eftir.

„Það var eftir annað barnið sem ég upplifði fyrst alvarlegt þunglyndi. Ég var rúmfast og man eftir að hafa upplifað reiði gagnvart mannum mínum og tengdaforeldrum. Þau vildu leyfa mér að hvilast og létta undir með stelpurnar. Þær fóru þá að treysta meira á þau með allt. Ég er enn að berjast fyrir því að sýna þeim að ég geti gert ýmislegt en ég þarf líka að viðurkenna að ég get ekki hjálpað þeim með allt, eins

og til að mynda skólamála og fjármál. Þá eru það frekar pabbi og amma og afi en það getur svo sem líka verið þægilegt,“ segir Edna og hlær.

Edna og Pétur skildu árið 2011 en það er augljóst á öllu hennar tali að þau eru enn mjög góðir vinir og uppeldi dætranna þriggja er á beggja ábyrgð.

Sjálfsvígshugsanir frá sex ára aldri

Aðspurð segist Edna fyrst muna eftir sjálfsvígshugsunum þegar hún var aðeins sex ára gömul en þær hafi orðið algengar seinna meir. Faðir Ednu var lækni og móðir hennar hjúkrunarfræðingur og þó hún segi föður hennar oft hafa haft það í flimtingum að hún væri geðhvarfasjúklingur, hafi lítið verið talað um geðheilsu.

„Það er í raun mjög skritið að enginn hafi talað um þetta þegar ég var krakki því mamma var mjög þunglynd. Síðar veiktist hún af Alzheimer og lést fyrir tveimur árum eftir 15 ára erfið veikindi.“

Þunglyndið jókst og segist Edna hafa upplifað mikla þreytu og tilgangslaysi. Hún hafði kennt þöfimi og dans en hætti á meðgöngunni. „Ég fann fyrir að geta ekki lagt neitt af mörkum til samfélagsins. Ég held



Það gekk vel á meðan þær voru hjá mér en þegar þær fóru var allt hræðilegt. Ég lá bara í gólfinu og fann fyrir óraunverulegum verum í kringum mig.

að það hafi haft mikil áhrif. Þegar barnið fæddist var ég bara mamma,“ lýsir Edna, sem upplifði félagslega einangrun.

„Ég vildi ekki senda barnið frá mér svo ég gerðist dagamma til að vera með hana heima. Það var mjög erfitt að vera heima allan daginn og ég upplifði jafnframt reiði ofan í þunglyndið. Ég var aldrei að gera það sem ég vildi gera, sem var að dansa og leika. Ég festist inni í mínum eigin heimi. Upplifði mikla þreytu og þyngsli. Lífsstíllinn var í rusli og ég borðaði og svaf illa. Ég sem hef gaman af félagslífi forðaðist jafnframt mannfögnuði.“

Alltaf með grímuna uppi

Edna skræði sig í spænskunám við Háskóla Íslands en segir að sér hafi líðið illa meðan á náminu stóð enda þunglyndið svæsið. „Ég átti erfitt með að fela líðan mína en maður þorði ekki að láta á neinu bera. Í dag spyrja kennarar nemendur hvernig þeim líði en það tíðkaðist ekki á þessum tíma. Það var líka erfitt að kenna salsa á meðan ég var í miklu þunglyndi. Ég var alltaf með grímuna uppi.“

Hún segir líðan sína hafa leitt til þess að þau hjónin skildu árið 2011. „Ástin var alltaf til staðar en ástríðuna vantaði.“ Eftir skilnaðinn sökk hún þó enn lengra niður. „Við reyndum viku og viku með stelpurnar í upphafi. Það gekk vel á meðan þær voru hjá mér en þegar þær fóru var allt hræðilegt. Ég lá bara í gólfinu og fann fyrir óraunverulegum verum í kringum mig. Ég var farin að vinna í Kramhúsinu og fannst ég hafa hlutverk. En þegar ég kom heim fann ég fyrir miklum einmanaleika. Ég sá drauga og ofsjónir og átti erfitt með að skilja á milli.“

Edna leitaði til geðdeildar og fékk viðtöl einu sinni í mánuði, þó það hafi hjálpað dugði það ekki til. Eins fékk hún uppáskrifað þunglyndislyfið Sertral, sem hún telur hafa verið mistök, enda fékk hún nýja greiningu fyrir þremur árum síðan, geðhvörf, og við þeim eru gefin annars konar lyf.

Sjálfsvígstílaun

„Ég fann að ég var að veikjast, mér var alveg sama hvort ég lifði eða dó. Fannst dæturnar ekki þurfa á mér að halda og ég ekki vera nógu sterk fyrir þær. Þær voru lengi það eina sem ég lifði fyrir. Ég treysti mér ekki til að halda áfram. Fannst ég ekki góð manneskja, vildi bara hverfa.“ Edna gerði tílaun til sjálfsvíg, tók lyf en komst sem betur fer undir læknishendur í tæka tíð. „Ég man eftir að hafa verið ánægð með mig að hafa loks hugrekki til að reyna eitthvað. Ég hafði verið langt niðri en upplifði þarna manú.“

Eins og fyrr segir höfðu sjálfsvígshugsanir lengi fylgt Ednu en hún segir þetta tilfelli þó hafa verið af hvatvísi. En í framhaldi af innlögn á geðdeild hafi hún fengið mjög góða meðferð í Hvíta bandinu.

„Þar lærði ég hugræna atferlismeðferð sem hjálpaði mér mjög mikið. Ég lærði tilfinninga- og streitustjórnun, samskiptafærni og núvitund. Þetta breytti algjörlega lífi mínu.“



Ég var hrædd við að búa þar enda var barnsfaðir minn myrtur þegar ég var nýorðin ólétt af dóttur okkar.

Hvernig hljómar Ribeye nautasteik?



20%
afsláttur

Nauta ribeye

4.559 kr/kg
Verð áður 5.699

ÍSLANDS
NAUT
Stof. Lýðveldisins

Gildir til 24. október á meðan birgðir endast.



M&M's
Spennandi nýjungar

Verð frá **799** kr/pk



Reese's
Hrekkjavökunammi

999 kr/pk



Monkey Bread
Ekta amerískt kanilbrauð

1.199 kr/pk



30% afsláttur af öllum
Betty Crocker vörum



30%
afsláttur



Ekta amerískar
Smucker's sultur

Verð frá **599** kr/pk



Sour Patch Kids
Hrekkjavökunammi

Verð frá **749** kr/pk

HAGKAUP

» Aukaverkanir vegna lyfs

Edna segist hafa upplifað miklar aukaverkanir við lyfi því sem hún fékk ávísað gegn geðhvörfum. „Ég fann hnúta í brjóstum og óttaðist að um krabbamein væri að ræða. Það var rannsakað og reyndist vera um stækkaða kirtla að ræða og komst ég að því að um þekktu aukaverkun lyfsins væri að ræða.“

Ég var því ekki tilbúin að halda áfram á þeim lyfjum. Ég vildi frekar vinna með mína djöfla. Lyfjameðferð er að mínu mati plástur. Ég ákvað að hætta og hagnýta allt það sem mér hafði verið kennt. Skapsveiflur mínar mátti líka að mörgu leyti rekja til hormónabreytinga og vanvirks skjaldkirtils.“

Hún segist hafa náð að halda sér í ágætis jafnvægi, jafnvel í gegnum erfiða tíma, en foreldrar hennar féllu frá með árs millibili. „Ég trúi á óhefðbundnar lækningar og hef mikla trú á að heilbrigður lífsstíll hafi áhrif til góðs.“

„Frá því ég var á geðdeild hef ég fundið þörf fyrir að vinna með þessa leiklistaraðferð,“ segir Edna en megininntak heimildarmyndarinnar er að velta fyrir sér hvernig leiklist geti hjálpað fólki sem glímur við geðræna kvilla. „Ég vildi að það væri aðaláhersla myndarinnar og leitaði að fólki sem vildi vinna með þetta áfram.“

Geðveikt leikhús

Þær Ásthildur Kjartansdóttir og Anna Þóra Steinþórsdóttir framleidda og leikstýra myndinni sem nú er í sýningu í Bíó Paradís. „Upphaflega vildu þær gera mynd um leikhópinn Húmor,“ segir Edna, en áhugaleikhópurinn „Húmor“ lýsir sér sjálfur sem geðveiku leikhúsi fyrir alla. „En þær fengu ekki styrk til þess heldur til að gera mynd um líf mitt,“ segir Edna en leikhópurinn kemur töluvert við sögu í myndinni. „Ég er mjög þakklát fyrir það. Það var æðislegt að sjá myndina. Mér fannst lokaútkoman frábær.“

Edna leitaði til Hlutverkaseturs sem býður upp á umgjörð, hvatningu og stuðning fyrir þá sem vilja viðhalda virkni og komast aftur út á vinnumarkaðinn.

„Þar fékk ég frábærar móttökur hjá Elinu Ebbu Ásmundsdóttur framkvæmdastjóra. Ég sagði henni að mig langaði að þróa aðferð. Hún sá að ég var bæði með leiklistar-



Edna segist hafa náð að halda sér í ágætis jafnvægi. Jafnvel í gegnum erfiða tíma þegar foreldrar hennar féllu frá með árs millibili.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Úr heimildarmyndinni Ekki einleikið, eða Acting out, sem sýnd er í Bíó Paradís.



Leikararnir Valur Freyr Einarsson og Sólveig Guðmundsdóttir ásamt Ednu.



Ég fann að ég var að veikjast, mér var alveg sama hvort ég lifði eða dó.



Leikhúsið býður upp á möguleika í bataferlinu og þessi leiklistartækni byggir á þeirri hugmyndafræði.



Styrkir úr Tónlistarsjóði

Umsóknarfrestur til 1. nóvember

Tónlistarsjóður auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2022.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur rennur út 1. nóvember 2021 kl. 15.00.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannis,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800
tonlistarsjodur@rannis.is



PHOTO: GÖRUGUR/GETTIK HÖRNUM

menntun og lífsreynsla, ég væri „un loco professional,“ segir hún og hlær.

„Ég vildi búa til leiklistaraðferð fyrir fólk með geðræna kvilla. Þetta var bara draumur, en þessi draumur er að rætast. Ég er viss um að leiklist getur hjálpað.“ Edna stofnaði Leikhópinn Húmor í samstarfi við fólk á Hlutverkasetri, og þar er hún í dag leikstjóri.

„Við erum enn að þróa okkar aðferðir en finnum að þetta hjálpar. Leiklistin er oft eins og margir tímar hjá sálfræðingi,“ segir Edna en í hópnum er alls konar fólk, með greiningar og ekki, jafnvel í afneitan eins og hún segir í myndinni. En þau eiga það sameiginlegt að vilja hjálpaðast að og finna styrk í samstöðunni. Edna vill leita fjölbreyttari leiða að geðheilsu og myndin fjallar um það. „Læknar vita kannski hvað er að en ekki endilega hvernig eigi að leysa það. Leikhúsið býður upp á möguleika í bataferlinu og þessi leiklistartækni byggir á þeirri hugmyndafræði.“

Þær Ásthildur Kjartansdóttir og Anna Þóra Steinþórsdóttir eru handritshöfundar, leikstjórar og framleiðendur heimildarmyndarinnar Ekki einleikið sem sýnd er í Bíó Paradís. ■



Leikstjórnarnir Anna Þóra Steinþórsdóttir og Ásthildur Kjartansdóttir.

Ekki einleikið

Ásthildur kynntist Ednu fyrir sex árum þegar hún kom í áheyrnarprufu til hennar fyrir hlutverk í bíómyndina Tryggð. „Þá komst ég að því að Edna var að vinna með leikhóp hjá Hlutverkasetri og hreift af því hvernig hún notaði leiklistina til að hjálpa fólki með geðræn vandamál. Ég ákvað þá að gera heimildamynd um hana og leikhópinn.“

Í framhaldinu fékk Ásthildur Önnu Þóru Steinþórsdóttir til liðs við sig og haustið 2016 fylgdu þær Ednu og leikhópnum Húmor til Bratislava þar sem hópurinn tók þátt í leiklistarhátíð fyrir jaðarhópa og þannig byrjaði þetta ferli.

„Hugmyndin var fyrst að gera heimildarmynd um Ednu og hópinn en smám saman breyttist hún og fókusinn fór að vera meira á Ednu og hennar sögu.“

Ásthildur þekkti vel sögu Ednu, sem hefur verið að kljást við geðræn veikindi í mörg ár. Þannig færðist aðalfokus myndarinnar yfir á Ednu og þær ákváðu að hún segði sögu sína með eigin leiklistaraðferð og með atvinnuleikurum.

Ásthildur og Anna Þóra unnu lengi að þeirri hugmynd. Skrifuðu saman handrit og gerðu tilraunir með ýmsar útfærslur áður en þær ákváðu að taka stóran hluta myndarinnar upp á sviðinu í Tjarnarbíói og að nota ljósmyndir og gömul myndbönd úr lífi Ednu sem leikmynd. Leikararnir Valur Freyr Einarsson og Sólveig Guðmundsdóttir voru til í að taka þátt í þessu verkefni og það gekk upp.

Vonumst
til þess að
sjá sem flesta!

K100

HREKKJAVAKAN BYRJAR SNEMMA Í PARTYBÚÐINI!

Laugardaginn 23. okt. frá kl. 13-14 verður K100 í beinni útsendingu

Starfsmenn stöðvarinnar dreifa gjafabréfum frá Partybúðinni til nokkurra heppinna viðskiptavina og svo gefst nokkrum heppnum hlustendum K100 færi á að kaupa tilbúna hrekkjavökupakka á MIKLUM afslætti um leið og þeir verða auglýstir í beinni útsendingu. Fyrstur kemur - fyrstur fær!

20% AFSL.
af öllum skikkjum
þennan eina dag

HREKKJAVÖKUOPNUN:

Lau. 23. okt - sun. 24. okt: 11-18
Mán. 25. okt - föst 29. okt: 10-21
Lau. 30. okt: 11-21
Sun. 31. okt: 11-18

Erum á 
en þar er hægt að
taka þátt í veglegum
hrekkjavökuleik

Sjá alla
búninga á
partybudin.is

Þurrís til sölu
föst. 29. okt,
lau 30. okt og
sun 31. okt
eða meðan
birgðir endast

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534
www.partybudin.is



Borgarfulltrúarnir Dóra Björt og Ragnhildur Alda hafa mætt sams konar áskorunum enda báðar með ADHD og ræða það á hispurslausan og skemmtilegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rata ekki neitt og muna engin nöfn



Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

Dóra Björt Guðjónsdóttir og Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir borgarfulltrúar deila kannski ekki nákvæmlega sömu hugsjónum í borgarpólitikinni en þær hafa þó fetað svipaða braut og mætt sams konar áskorunum enda báðar með ADHD.

„Oft er talað um ADHD sem vandamál en ég lít svo á að þetta sé ofurmáttur sem dreif mig út í pólitikina,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir Pírati og hneppir að sér kápunni. Ragnhildur Alda María Vilhjálmssdóttir Sjálfstæðiskona hendir sinni kápu frá sér og segist taka heils hugar undir með Dóru.

Þær stilla sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins og spjalla við blaðamann við spegilslétta Tjörnina í Reykjavík á fallegum haustdegi. Við veltum fyrir okkur hvort það sé of kalt til að sleppa kápu. „Kápa? Ekki kápa? Kápa.“

Við röltum í kringum Ráðhúsið og smellum af nokkrum myndum og mætum öðrum borgarfulltrúum á leið út úr húsi. Nokkrum sinnum staldra konurnar við og benda á samstarfsfólk sitt og segja gladar í bragði: „Þessi er með ADHD. Já, og þessi líka.“ Að lokinni myndatöku dregur blaðamaður þá ályktun að hálf borgarstjórnin hljóti að vera annað hvort með athyglisbrest eða ofvirkni.

„Já, það eru nefnilega fjölmargir jákvæðir eiginleikar ADHD sem nýtast vel í pólitík,“ segir Alda.

Dóra Björt og Alda eiga það sameiginlegt að vera hugmyndaþarfar, listrænar og miklir eldhugar með óseðjandi forvitni. Þær eiga auðvelt með að sjá stóru myndina og vinna einstaklega vel undir pressu en þetta eru einkenni ADHD sem stundum gleymast enda er svo oft einblínt á neikvæðu hliðarnar.

Alda kallar þetta listamanna-

sálina að geta þrífist og lifað í öllu með ofhugsandi hvatvísi. „Það getur verið furðulegur kokteill,“ segir Alda. „Já, og mjög þreytandi,“ skýtur Dóra inn í.

Nú röltum við um Ráðhúsið og upp tröppurnar að skrifstofurými þar sem er lítið kaffihorn. Dóra segist vera nýbúin að fá greiningu og lýsir gríðarlegum létti og uppljómun þegar hún fékk staðfestinguna. Hún ákvað að láta til skarar skríða eftir að hún lenti á vegg í borgarstjórn. „Ég byrjaði í borgarstjórn og hætti bara að sofa,“ útskýrir Dóra og afþakkar kaffibollann. Þegar hún byrjaði í borgarstjórn var hún einnig að kenna í háskólanum og að reyna að vinna sig í gegnum lágt sjálfsmat. „Það er mikið basl að burðast með í pólitík þegar allir eru að reyna að draga mann niður og gagnrýna mann.“

Þegar hún leit yfir augnablikin í lífi sínu sem kyntu undir þessu lága sjálfsmati sá hún tenginguna við ADHD. „Allt í einu tengdust allir punktarinn á korti lífs míns.“

Blaðamaður fær kaffibolla í hendurnar og er stefnan þá tekin niður ganginn. Alda nælir sér í banaana, útskýrir að hún hafi gleymt að borða í morgun. Aðspurð segist hún hafa fengið sína greiningu 23 ára gömul eftir að hún las sér til um ADHD í sálfræðitíma í háskólanum. Hún segir sammennendur sína hafa lagt tvo og tvo saman meðan hún var í afneitun.

„Ég afsakaði allt og sagðist bara vera smá utan við mig og eiga erfitt með að sofa. Svo las ég mér til um þetta í sálfræðitíma og áttaði mig á því að ég væri skólabókardæmi um konu með ADHD.“

Alda segir ákveðið innsæi fylgja greiningunni. „Fyrir mér var mjög mikilvægt að fá greiningu. Ég tékk-aði í öll boxin og það var mikill léttir þegar sálfræðingurinn staðfesti grunsemdir mínar.“

”

„Ég afsakaði allt og sagðist bara vera smá utan við mig og eiga erfitt með að sofa. Svo las ég mér til um þetta í sálfræðitíma og áttaði mig á því að ég væri skólabókardæmi um konu með ADHD.“

Dóra Björt

Kaótiskur heili

Við erum komin í Hamingjubúð, huggulegt fundarherbergi á annarri hæð Ráðhússins. Hér eru litríkir sófar og stór rifblaðka sem stendur fyrir framan plaggat af Mahatma Gandhi. Undirrituð verður að taka fram að það er frekar magnað að taka viðtal við tvær konur með ADHD því samtalið flýgur fram og til baka í tíma og rúmi meðan við göngum um húsið. Við förum hliðarleiðir í sögunni og stöldrúms stundum við á áhugaverðum og óvenjulegum stöðum eins og í sögu eftir Virginíu Woolf.

Blaðamaður spyr konurnar tvær hvernig þessi eiginleiki lýsi sér í þeim og Dóra og Alda skiptast á að telja upp einkennin og nánast botna hvor aðra í annarri hverri setningu.

„Ég get étíð upp, innfært og þulið upp ótrúlegar staðreyndir en get ekki munað nöfn fyrir mitt litla líf,“ segir Alda. „Sama hér,“ segir Dóra skælbrosandi og heldur áfram: „Ég á ótrúlega erfitt með að muna nöfn og ég rata ekki neitt.“ Alda hlær. „Sama

hér! Google Maps breytti lífi mínu.“ Og Dóra tekur undir. „Ég get farið á sama stað tíu sinnum en þarf samt að nota Google Maps.“

Segjast þær sía upplýsingar öðruvísi en flestir. „Dæmigerðir stærðfræðingar taka linulega nálgun í hugsunarhætti en fólk með ADHD tekur allt mengið,“ segir Alda. „En þannig er heimurinn. Hann er kaotískur, ekki linulegur,“ segir Dóra. „Einmitt,“ segir Alda. „Við erum alltaf að hugsa um alla mögulega áhrifaþætti og út frá því reynum við að komast að bestu niðurstöðunni.“

Dóra segir athyglisbrest vera ákveðið rangnefni. Þetta sé fyrst og fremst ofureinbeiting. „Ef ég er að vinna með eitthvað sem skiptir mig máli get ég sest niður og einbeitt mér í margar klukkustundir,“ segir hún. „Ég skil abstrakt hugtök og samhengi hlutanna mjög vel. Ég er með fræðilegan heila og elska að sitja við rannsóknir en þá teiknast upp allur heimurinn og ég skil hvernig allt hangir saman.“

Alda kinkar kalli. „Forvitni fylgir þessu. Algjör óseðjandi forvitni.“

Góðar í feluleik

Dóra og Alda voru báðar með lágt sjálfsálit þegar þær voru yngri og eru enn að vinna í því. Þær áttu erfitt með að passa inn í rammann í grunnskóla og menntaskóla og upplifðu fordóma í kringum sig eins og umræðuefnið væri tabú. Skólinn var ekki jarðvegur þar sem þær gátu blómstrað.

Dóra lýsir leiðinlegu atviki í Menntaskólanum við Hamrahlíð þegar kennari dró verkefnaeinkunnir hennar markvisst niður því honum líkuðu ekki vinnuaðferðir hennar.


„Ég mætti snemma í skólann en seint í tímann og var að sjálfsögðu lækkuð í einkunn fyrir lélega mætingu. Það var ekkert mál að hlusta á fyrirlestur en ég átti erfitt með >>

”

Það var ekkert mál að hlusta á fyrirlestur en ég átti erfitt með að sitja og vinna verkefni í tíma.

Dóra Björt

Við kynnum nýja
Línu af úrum



JÖRUNDUR



GILBERT ÚRSMÍÐUR
FAGMAÐUR Í YFIR 50 ÁR



JS WATCH CO. REYKJAVÍK KYNIR MEÐ STOLTI NÝJA LÍNU AF ÚRUM GILBERT VINTAGE WATCH COLLECTION. ÚRIN KOMA Í 38,5 MM STÁLKASSA MEÐ ÞREMUR MISMUNANDI SKÍFUM OG VÍSUM OG ERU FÁANLEG MEÐ ÚRVALI AF BRÚNUM EÐA SVÖRTUM LEÐURÓLUM EN EINNIG ER HÆGT AÐ FÁ STÁLKEDJU Á ÚRIN.

ÚRVALIÐ AF JS ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á VEFSÍÐU WWW.GILBERT.IS EÐA WWW.JSWATCH.COM.

JS Watch co.
REYKJAVÍK
WWW.JSWATCH.COM

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Umsóknarfrestur 5. nóvember 2021

Viðbótarúthlutun 2021-2022

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem eru ekki hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Áformað er að verja allt að 150 m.kr. til íslenskukennslu útlendinga árið 2021-22 sem viðbót við fjármagn sem útteilt er fyrir hvort árið um sig. Úthlutuninni er ætlað að svara aukinni eftirspurn og er miðuð að námskeiðum sem haldin verða síðari hluta árs 2021 og fyrri hluta árs 2022.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember 2021, kl. 15:00.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá, tækifæri til að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að geta orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi. Hælisleitendur eru þó undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá á meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Fræðsluaðilar, fyrirtæki og stofnanir sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Krafa er gerð um að námskeið sem hlýtur styrk skuli hafa skýra og sýnilega tengingu við Evrópska tungumálarammann. Fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við viðurkenndan fræðsluaðila, sem annast kennsluna, fylgja umsókninni.

Upphæð sjóðsins er samþykkt af Alþingi í fjárlögum fyrir árið 2021. Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á rannis.is.

Nánari upplýsingar veitir Skúli Leifsson, verkefnastjóri á mennta- og menningarsviði, islenskukennsla.utlendinga@rannis.is, sími 515 5843.



Frábært saman Milka & Oreo



Þær segja mikla fordóma ríkja gagnvart lyfjagjöf þó sýnt hafi verið fram á að lyfjameðferð leiði ekki til fiknar.

að sitja og vinna verkefni í tíma. Ég gat alveg unnið heima en það fór í taugarnar á kennaranum sem hélt að ég væri með lélegt vinnuskiðferði. Hann var farinn að draga mig markvisst niður fyrir verkefni sem voru góð,“ útskýrir Dóra.

Einn daginn brast hún í grát á bókasafninu og kom þá eldri nemandi til hennar og huggaði hana. Reyndist það vera Tyrfingur Tyrfingsson leikskáld. Hann hvatti hana til að kvarta, sem hún gerði, og eftir athugun á málinu voru grunsemdir Dóru staðfestar og fékk hún að taka 100 prósent lokaverkefni.

„Ég verð ævinlega þakklát fyrir Tyrfing. Hann fékk mig til að standa með sjálfri mér og mótmæla þessu óréttlæti.“

Alda segist hafa verið allt öðruvísi. Hún slugsaði í námi og náði að redda sér korter í lokun. Hún þurfti pressu til að vinna verkefni sín sem var að sjálfsögðu streituvaldandi.

„Ég var ekki vinnusöm ef mér fannst námsefnið leiðinlegt. Ég var hræðilegur nemandi þangað til rétt fyrir lokaprófin. Þá fór ég í þetta „crunch mode“. Ég var alltaf með fimm í vinnueinkunn og tíu í lokaprófum og algjör vinnuhestur í hópverkefnum því ég fékk svo mikið samviskubit gagnvart fólki sem þurfti að vinna með mér.“

Konurnar tvær gera óspart grín að sér en eru duglegar að benda hvor annarri á þegar sjálfsgagnrýnin fer af stað. Hér skýtur Dóra inn í: „Þú varst greinilega góður námsmaður fyrst þú fékkst tíu í lokaprófum.“ „Já, ég veit,“ svarar Alda. „En ert farin að gagnrýna aðferðina.“ Þætir Dóra við. „Já, alveg týpískt ADHD,“ segir Alda. „Alltaf að gagnrýna sjálfa sig,“ botnar Dóra. „Og þera saman,“ segja þær á sama tíma og hlæja.

Alda segist hafa upplifað mikinn kvíða og keyrt sig út á tvítugsaldri. Hún rifjar upp fyrsta samtalið við móður sína þar sem hún bar upp spurninguna um hvort hún ætti ekki að fara í greiningu. „Mamma, ég held að ég sé með ADHD.“ Svaraði þá móðir hennar: „Nei, nei, Alda mín. Þetta er ekki svo slæmt. Ertu ekki bara þreytt?“ Að fara í greiningu var enn mikið feimnismál.

Dóra segir svipaða sögu að segja. „Foreldrar mínir eiga til dæmis erfitt með að horfast í augu við að ég sé með ADHD því mér hefur tekist að gera það sem ég vildi í lífinu,“ segir Dóra. Eldri systir hennar er líka með ADHD sem er meira „týpískt“ að sögn Dóru. Foreldrar hennar áttu fullt í fangi með systur hennar á meðan Dóra lærði snemma að setja upp grímu. Dóra var þó ekkert minna ofvirk þótt hún virtist yfirveguð og róleg á yfirborðinu.

„Oft er talað um ofvirkan heila. Ég hélt að ég væri með athyglisbrest en

heilinn minn var samt snarofvirkur og stoppaði ekki.“

Ofvirkni kemur stundum ólíkt fram hjá konum og körlum og konur greinast því oft seinna á ævinni. Á sama tíma og ungur strákur íðar í skinninu og getur ekki setið kyrr er stelpa með allt í gangi í huganum og virkar utan við sig eða eins og hún geti ekki hætt að tala.

„Við konur greinumst seint vegna þess að við erum góðar í að fela það,“ segir Alda.

„Við setjum upp grímu og erum með mikla aðlögunarhæfni,“ segir Dóra.

Fordómar gegn lyfjum

Borgarfulltrúarnir segja mikla fordóma ríkja gagnvart lyfjagjöf en líkt og ADHD samtökin hafa margoft bent á sýna rannsóknir að meðferð með örvandi lyfjum leiði ekki til fiknar. Í raun virðast börn og ungmenni, sem hafa fengið meðferð með örvandi lyfjum, síður líkleg til að leidast út í misnotkun á vimefnunum en önnur börn með ADHD.

Alda segir lyfin hafa breytt miklu í sínu lífi. „Þessi lyf fara illa í fólk sem er ekki með ADHD en eru mjög róandi fyrir okkur. Ég náði að sofa betur eftir að ég fór á lyfin því þá róaðist ofhugsandi heilinn minn,“ segir Alda.

Dóra segir heilann fara einmitt á milljón þegar hún leggst upp í rúm. „Þá fer af stað eitthvert ótrúlegt greiningarferli. Ég vissi ekki að svefnvandi væri hluti af þessu fyrr ég ræddi við fólk sem vissi betur.“

Miklar umræður hafa skapast um lyfjanotkun eftir að kona var svipt tímabundið ökuréttindum fyrir að keyra „undir áhrifum ADHD-lyfja“ sem hún hafði fengið löglega uppáskrifuð af lækni sínum eftir greiningu.

Dóra og Alda segja þetta dæmi um rötgróna fordóma bæði gegn ADHD og fikniefnaneytendum í kerfinu. Staðan hefur ekki batnað, þvert á móti eru lögin strangari.

„Einu sinni var hægt að sækja þriggja mánaða skammt í einu en núna er bara hægt að leysa út lyf nákvæmlega þrjátíu dögum eftir fyrsta skammt. Þetta á að koma í veg fyrir sölu á svörtum markaði en hlutfall þeirra sem misnota ADHD-lyfer í heildarmyndinni mjög lágt,“ segir Alda. Bæði hún og Dóra hallast að skaðaminnkunarræðum. „Ef það eru einstaklingar að misnota þetta er þá ekki betra að þeir fái öruggari lyf heldur en einhverja stórhættulega blöndu frá einhverjum fúskara úti í bæ?“

Alda segist þó hafa tekið eftir miklum breytingum í umræðunni síðustu tíu árin. „Nú er búið að lyfta smáanarhulunni af ADHD.“

Kaffið er búið en Alda hefur ekki



Við konur greinumst seint vegna þess að við erum góðar í að fela það.

Ragnhildur Alda

snert við banana sínum enda beinir hún allri sinni athygli að bládamanninum rétt eins og Dóra. Út um gluggann má sjá tvo aðra borgarfulltrúa á Vonarstræti stinga saman nefjum yfir einhverri skýrslu og spyr þá bládamáður hvað það þýði fyrir stefnumál þeirra að vera með ADHD. Dóra er fyrri til að svara.

„Ákveðið umburðarlyndi og fordómaleysi fylgir því að vera með greiningu. Ég hef lagt mikla áherslu á að skapa skólakerfi sem tekur mið af þörfum einstaklingsins og lyftir honum upp á hans forsendum.“

Alda stýður þessa hugsjón. „Fjölbreytileikinn er lykillinn að góðu samfélagi. Við Dóra eigum það sameiginlegt að brenna fyrir okkar mállefnum og vinna að þeim markvisst. Kannski er það ástæðan fyrir því að við völdum báðar þennan veg.“

Þær segja erfitt að breyta kerfinu. „Skólakerfið er svo miðstýrt hér á Íslandi. Bæði ríki og sveitarfélög stýra skólanum og það eru of margir kokkar í eldhúsinu. Þess vegna er svo erfitt að knýja fram eina heildstæða breytingu,“ segir Alda.

Dóra segir menntastefnu Reykjavíkurborgar snúast um að láta draumana rætast. „Stefnan er meðal annars byggð á því að reyna að skapa einstaklingsmiðuð tækifæri fyrir börn. Þetta er umfangsmikið verkefni og við þurfum að halda áfram á sömu braut. Þetta snýst líka um hvernig við menntum kennarana okkar og hvaða námsgögn við notum. Þó við séum með metnaðarfulla menntastefnu í Reykjavík er námsgagnagerð í höndum ríkisins.“

Fyrst og fremst segja þær mikilvægast fyrir fólk með ADHD að hætta samanburðinum. „Við erum öll að gera okkar besta. Allir heilar eru margbreytilegir og sérstaklega meðal ADHD-fólks,“ segir Dóra.

„Við erum með mismunandi hæfileika og þurfum að innbyggja meiri fjölbreytileika á öllum sviðum,“ segir Alda að lokum og litur niður á ótínn ávöxtinn á borðinu. „Týpískt ADHD, ég gleymdi að borða.“ „Alveg týpískt,“ segir Dóra og brosir. ■

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 23. október 2021



Gleðilegan vetur! FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vetur konungur kemur í dag

thordisg@frettabladid.is

Fyrsti vetrardagur er í dag. Hann er fyrsti dagur gormánaðar og var, líkt og sumardagurinn fyrsti, messudagur fram til ársins 1744. Í rímtali Arngríms Jónssonar lærða og Guðbrands Þorlákssonar biskups er gormánuður kallaður slátrunarmánuður, enda hefst vetrarmisserið að aflokinni sláturtíð og er síðasti dagur hennar 1. nóvember. Var sá dagur kallaður sviðamessa og var oft haldið upp á sviðamessu með tilheyrandi sviðaáti og mat sem var ferskur eftir sláturtíðina. Tíðkast sá síður enn víða í dag. Var tilstandi á þessum tvennum tímamótum oft slegið saman í eina hátíð með tilheyrandi veislumat.

Vetrarnætur og veisluhöld

Ekki er haldið upp á fyrsta vetrardag nú til dags, ólíkt því sem við höldum upp á sumardaginn fyrsta sem almennan frídag. Þar sem fyrsti vetrardagur er ævinlega á laugardegi er heldur ekki ástæða til þess að lýsa hann almennan frídag. Þessu var ólíkt farið í heiðni þar sem hátíðin vetrarnætur, sem fór fram síðustu tvo daga sumars og náði hámarki á fyrsta vetrardegi, virðist hafa verið eitt meginblóta heiðinna og veisludagur lengi eftir kristnitöku.

HEIMILD: ISLENSKALMANAK.WORDPRESS.COM

LJÓMANDI KOLLAGEN
UPPLIFÐU DÝPRI VIRKNI ÚR
ÍSLENSKU HAFI

Íslenskt í húð & hár
sjáðu árangur á 30 dögum



25%
afsláttur
í Lyfju

PROTIS



Gunnar Þór Jóhannesson segir að eftirspurn eftir gólfefni hafi aukist mikið á Covid-tímum. Fólk hafi notað tímann til að gera fint heima hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gólfefnaval í nýju og betra húsnæði að Höfðabakka 9

Gólfefnaval flutti nýlega í nýtt og betra húsnæði að Höfðabakka 9b þar sem er rúmgóður og glæsilegur sýningarsalur. Umhverfisvitund hefur verið aðaláherslan hjá fyrirtækinu. **2**

Gunnar Þór Jóhannesson og eiginkona hans, Sigurborg Íris Vilhjálmsdóttir, stofnuðu Gólfefnaval í október 1998. Fyrirtækið heldur því upp á 23 ára afmæli sitt um þessar mundir. Nýlega flutti fyrirtækið í betra húsnæði og getur nú boðið viðskiptavinum að skoða vörur í glæsilegum sýningarsal sem unninn var í samstarfi við THG arkitekta.

Gunnar Þór segir að sérstaða fyrirtækisins liggja í mikilli reynslu í sölu og þjónustu með gólfefni. „Við höfum sterka umhverfisvitund og góða vörubekkingu enda höfum við átt ákaflega gott samstarf við fagmenntaða iðnaðarmenn í gegnum árin.

Gólfefnaval selur teppaflísar, teppi, vínigólfefni, lúxus víniparket og lúxus víniflísar, ofinn víniparket og alls kyns hljóðvistarlausnir. „Okkar helstu umboð eru Bona, sem hefur í yfir hundrað ár sérhæft sig í viðhalds-efnum fyrir viðargólf – lökk, olíu, hreinsivörum og vélbúnaði til að slípa og viðhalda parketi. Teppi og teppaflísar koma frá Tarkett Desso, vínildúkar og lúxus víniparket og víniflísar frá Polyflor og Moduleo, parket frá Bauwerk og Stile og hljóðvistarlausnir frá Zilenzio fyrir fyrirtæki og einstaklinga,“ útskýrir Gunnar Þór.

Víniparket vinsælast

Þegar hann er spurður hvort einhverjar breytingar hafi orðið á vinsældum gólfefna að undanförunu, svarar hann: „Gólfefnaval hefur selt víniparket um 20 ára skeið. Í dag seljum við víniparket og víniflísar bæði frá Moduleo og Polyflor. Í Evrópu hefur lúxus vínigólfefni tekið fram úr sölu á viðar-, plast- og harðparketi samanlagt. Núna er hægt að kaupa víniparket eða -flísar með áföstu undirlagi sem gefur allt að 22 dB hljóðvist á milli hæða og 10 dB inni í rýminu. Efnið er algjörlega vatnshelt og hjá okkar birgjum endurtekur mynstrið sig eftir 88-92 planku, eða eftir rúmlega 23 fermetra. Moduleo LAYRED kemur frá Moduleo. LAYRED má leggja á allt að 260 fermetra rými án þess að setja skil-lista og það veitir okkur ákveðna sérstöðu. Víniparket og víniflísar eru langvinsælasta gólfefnið hjá okkur í dag, Polyflor Encore Rigid og Moduleo Layred,“ segir hann og bætir við:

„Parketið á enn góðan sess hjá Íslendingum en áherslur hafa aðeins breyst. Núna erum við að selja parket í fleiri breiddum, til dæmis plankaparket sem er frá 220 til 240 mm og alveg upp í 300 mm á breidd. Fiskibeinamynstrið hefur aldrei verið vinsælla hjá okkur. Við bjóðum þar meðal annars upp á ómeðhöndlað efni sem fólk getur algjörlega gert að sínu. Við bjóðum upp á ellefu grunnliti í tveggja þátta olíu frá Bona sem fólk getur blandað að vild og lakað svo yfir það og gert það að sínu. Við seljum yfir 60 liti í parketi frá Stile og annan eins fjölda frá Bauwerk.“

Teppaflísar í endurvinnslu

Gólfefnaval býður jafnframt upp á teppi og sérpantaðar mottur. „Við seljum teppi og sérpantaðar mottur frá Tarkett Desso. Motturnar verða breiðastar 4 metrar og er hægt að sérsníða eftir þörfum fólks. Jafnframt erum við með stíghúsateppi sem eru mjög vinsæl, eins og Essence frá Tarkett Desso. Lykkjan er gegnumlituð og endurvinnanleg,“ segir Gunnar Þór.

„Við erum jafnframt að vinna með einum stærsta teppaflísaframleiðanda í Evrópu, Tarkett Desso. Teppaflísar eru líklega besta gólfefnið þegar kemur að



Gunnar Þór segir að Gólfefnaval leggi mikla áherslu á umhverfisvernd.



Nýlega flutti fyrirtækið í nýtt og betra húsnæði þar sem er rúmgóður og glæsilegur sýningarsalur og aðkoma þægileg til að skoða úrvalið.

því að tryggja góða hljóðvist í fyrirtækjum. Gaman að segja frá því að Tarkett Desso tekur gamlar teppaflísar og endurvinnur þær. Á síðasta ári í samstarfi við Reiti fasteignafélag endursendum við um 4.000 kíló af teppaflisum aftur til Hollands í endurvinnslu, garnið er fjarlægð af baki flisanna, garnið aflitað og endurnýtt, bakið er svo brotið niður í smærri búta og nýtt aftur. Þessi fjögur tonn af gólfefni hefðu annars farið í landfyllingu hér á landi en með ReStart-kerfinu hjá Tarkett Desso getum við tekið allar teppaflísar þeirra til baka og sparað eigendum fasteigna töluvert af peningum í urðun hér á landi því þessi þjónusta er eigendum teppaflísa frá Tarkett Desso að kostnaðarlausu.

Umhverfismál í brennidepli

Umhverfismál skipta okkur máli og við leggjum áherslu á það. Samstarf okkar við Recofloor og Tarkett ReStart þjónusturnar gerir það að verkum að minna gólfefni lendir í landfyllingum hér á landi. Recofloor tekur við víniparket og endurvinnur hann. Tarkett hefur lagt mikla áherslu á umhverfisþáttinn eða „frá vöggju til vöggju“ eins og við kjósum að kalla það (e. cradle to cradle), þá er framleiðsla Tarkett Desso að mestu leyti unnin úr polyamid 6 garni sem unnið er úr gömlum fiskinetum (ECONYL),“ upplýsir Gunnar Þór og bendir á að þau hjá Gólfefnavali hafi verið mjög heppin með að vera í samstarfi við Polyflor þegar kemur að gólfúku. „Við bjóðum upp á

77 Parketið á enn góðan sess hjá Íslendingum en áherslur hafa aðeins breyst. Núna erum við að selja parket í fleiri breiddum, til dæmis plankaparket sem eru frá 220 – 240 mm og alveg upp í 300 mm á breidd.

mikið úrval gólfúka frá Polyflor. Vinsælasti dúkurinn sem við seljum heitir Palettone og kemur í 50 mismunandi litum, ótrúlega fallegur dúkur. Þá er Polyflor einnig með eitt mesta úrval öryggisgólfefna fyrir blautsvæði.“


Hljóðvistarlausnir í úrvali

Gunnar Þór segir að nýlega hafi fyrirtækið farið að selja hljóðvistarlausnir frá Zilenzio. „Fyrirtækið leggur áherslu á talað mál og að minnka klišið í rýmum. Zilenzio hentar mjög vel fyrir vinnustaði sem eru með opin vinnusvæði og sali þar sem klišið getur orðið mikill.“

Í Gólfefnavali eru starfsmenn með mikla reynslu í sölu og þjónustu með gólfefni, sumir hafa starfað við fagið frá 1980 en aðrir eru með minni reynslu en bæta það upp með mikilli ástríðu fyrir því að þjóna hverju verkefni sem best. Gunnar Þór segir að mikil



Hægt er að velja um ellefu grunnliti í tveggja þátta olíu frá Bona.



Fjölbreytt úrval er af víniflísam og -parketi í mismunandi útfærslum.



Bona býður einnig fjölbreytt úrval ræstingaefna fyrir lökkuð og olíuborin viðargólf.



Stile býður fjölbreytt úrval viðargólfefna í mörgum plankabreiddum.

eftirspurn hefði verið eftir gólfefnum á Covid-tímum, sérstaklega hafa sala til einstaklinga aukist. „Margir vildu gefa heimilinu andlitslyftingu enda heima- vinna algeng og fólk mikið heima. Gólfefnaval hefur ávallt verið í góðu samstarfi við fagaðila. Við höfum meðal annars staðið fyrir námskeiðum erlendis sem og hér á landi í frábæru samstarfi við Iðuna

fræðslusetur fyrir fagaðila. Við getum vísað viðskiptavinum á góða fagmenn, hvort sem er í parket-slípun, dúka- eða teppalögn.“ ■

Gólfefnaval er staðsett að Höfðabakka 9b og síminn er 517 8000. Gólfefnaval er með Facebook-síðu þar sem ýmsar góðar upplýsingar birtast.

NÝ SENDING FRÁ KAFFE CURVE

Stærðir 42-56

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða komdu
í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA



Blússa
8.990 kr



Kjól
12.990 kr



Glimmerkjól
12.990 kr



Skyrtukjól
14.990 kr



Kjól
14.990 kr



Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Notalegt að dunda sér við LEGO á kvöldin



Starri Freyr Jónsson starri @frettabladid.is

Áhugi Péturs Breiðfjörð Péturssonar á LEGO hófst á barnsaldri. Hann var þó kominn á fullorðinsaldur þegar hann byrjaði að safna LEGO með formlegum hætti. Í dag á hann tæplega 600 LEGO-sett í bílskúrnum heima. Næstu kaup eru Titanic-skip sem verður stærsta settið í safninu, eða um 135 sentimetrar að lengd.

Menningarhátíð Seltjarnarness var haldin fyrr í þessum mánuði þar sem fjölbreyttir viðburðir voru í boði fyrir alla aldurshópa. Einn þeirra viðburða sem voru vel sóttir var LEGO-sýning Péturs Breiðfjörð Péturssonar sem hann hefur haldið í bílskúr fjölskyldunnar á Menningarhátíðum undanfarinna ára við mikla gleði yngri og eldri gesta enda tengja nær allir landsmenn við gömlu góðu LEGO-kubbana. „Ég tók fyrst þátt í Menningarhátíð Seltjarnarnesbæjar 2017 og það



Pétur Breiðfjörð á um 600 LEGO-sett. Elstu settin eru frá árunum 1955-1960.

“Dætur mínar hafa einnig gaman af þessu og eiga þær þó nokkur sett sem eru til sýnis hjá mér.

Pétur Breiðfjörð Pétursson

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:



- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættri starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is

Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3 Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

www.lagarlif.is

Nordic Salmon vinnufundur

Vinnufundur um laxeldi verður haldinn 27. október í húsakynnum Ölfus Cluster að Hafnabergi 1 í Þorlákshöfn



Á fundinum verður fjallað um laxa/fiskilús, fóðurgerð og stórðseiðaelði. Norrænir sérfræðingar, hver á sínu sviði, munu halda erindi á fundinum.

Fundinum lýkur með heimsókn í Lax-inn að Mýrargötu 26 þar sem haldin verður kynning á starfsemi og boðið upp á léttar veitingar.

Skráning fer fram á:

<https://matis.is/frettir/nordic-salmon-vinnufundur-i-matis/>

VERÐ ER KRÓNUR 3.000 - ALLAR VEITINGAR INNFALDAR Í VERÐINU
NORDIC SALMON - STUTT AF AG FISK

virðist alltaf gleðja gesti jafn mikið að skoða safnið mitt. LEGO hefur verið til á heimilum flestra landsmanna og gestir kannast við margt sem ég er að sýna og þá rifjast upp góðar minningar. En um leið er auðvitað fullt af munum sem gestir eru að sjá í fyrsta sinn, bæði nýtt og gamalt, og gleður unga sem aldna.“

Byrjaði með jólagjöf

Áhugi Péturs á LEGO byrjaði jólni 1982 þegar hann fékk sitt fyrsta stóra LEGO-sett (nr. 8860) frá foreldrum sínum í jólagjöf. „Þetta var bill sem ég byrjaði strax að setja saman á aðfangadagskvöld og hætti ekki fyrr en ég var búinn að setja hann saman snemma á jóladagsmorgun. Upp frá því fékk ég alltaf LEGO í afmælis- og jólagjöf. Á þessum tíma var pabbi minn oft í útlöndum vinnunnar vegna og keypti mjög oft sitt LEGO-tækni-settið hvort fyrir okkur tvo.“

Hann segist alla tíð hafa verið mikill LEGO-tækni áhugamaður. „Ég tók oft strætó niður í bæ til að kíkja í leikfangabúðina Liverpool á Laugavegi og fór upp á aðra hæð til að skoða LEGO-settin. Það kom oft fyrir á þessum árum að ég hafði safnað pening til að kaupa nýtt LEGO en af því ég hafði líka nýtt strætópeninginn í kaupin þurfti ég að labba heim út á Seltjarnarnes með nýja dóti.“

Boltinn byrjar að rúlla

Pétur var þó kominn á fullorðinsár þegar hann byrjaði að safna LEGO með formlegum hætti. „Það má segja að boltinn hafi byrjað að rúlla þegar dóttir mín flutti til Danmerkur árið 2012. Hún gaf mér LEGO Technic þyrlu (nr. 9396) í afmælisgjöf og þá kviknaði áhugi minn aftur á fullu. Frá þeim degi varð ekki aftur snúið og nú eru settin að nálgast 600. Á undanförunum árum hef ég keypt bæði ný og notuð sett þegar ég er staddur erlendis en líka hér heima. Auk þess hef ég fengið gefins sett frá fólki sem vill styðja mig í að halda þessu safni úti og liður betur að vita að settin séu vel varðveitt hjá mér.“

Næsta sett á listanum er LEGO Titanic (nr. 10294) sem kemur í verslanir síðar á árinu. „Það verður stærsta settið í safninu og inniheldur 9.090 hluti enda um 135 sentimetrar að lengd.“

Bæði róandi og fræðandi


En hvað gerir þetta áhugamál svona heillandi? Pétur segir það vera bæði róandi og fræðandi að dunda sér með kubbana en um leið krefjist vinnan mikillar einbeitingar. „Það er notalegt að sitja við eldhúsbordið á kvöldin og setja saman sett. Það má segja



Pétur Breiðfjörð Pétursson safnar LEGO og á um 600 LEGO-sett í bílskúrnum heima. MYNDIR/ÞÓSENDAR



Gestir sýningarinnar tengdu marga muni við æskuminningar sínar.



Svona leit bílskúrinn út þegar Pétur hélt sýninguna á Menningarardögum Seltjarnarness fyrr í þessum mánuði.



LEGO Technic Crawl Crane inniheldur 1.401 kubb. Kom út 2015 og Pétur keypti hann á Íslandi.



Pétur á mikið úrval bíla, til dæmis fólksbíla, strætisvagna og vörubíla.




Nasa Space Shuttle Discovery inniheldur 2.354 kubba. Kom út 2021.

að þetta sé mín núvitund. Dætur mínar hafa einnig gaman af þessu og eiga þær þó nokkur sett sem eru til sýnis hjá mér. Þær hjálpa mér við að koma þessu öllu saman. Svo má ekki gleyma eiginkonunni sem hvetur mig áfram og er minn helsti styrktaraðili.“

Pétur opnar safnið reglulega sé þess óskað sérstaklega. „Það er alltaf hægt að hafa samband við

mig og þá er fundinn tími fyrir heimsókn. Svo kemur nú fyrir að bílskúrsdyrnar séu opnar hjá mér og þá kemur fólk, sem er að ganga, hjóla eða keyra fram hjá, við og kikir inn.“ ■

Áhugasamir geta fylgt Pétri og safninu á Instagram (@peterslego-collection).



Rauði krossinn

Hjálpin

Fréttablað Rauða krossins

LAUGARDAGUR 23. október 2021



Sayed segir að það sé algjör draumur að fá að vinna fyrir Rauða krossinn og að hann sé gríðarlega þakklátur íslensku þjóðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gerðu mér kleift að halda áfram að lifa

Sayed Hashem Qureshi flúði valdatöku talibana í Afganistan og starfar nú á sóttkvíarhótel Rauða krossins. Hann er gríðarlega þakklátur forstöðumanni sóttkvíarhúsanna og íslensku þjóðinni, en óttast um fjölskyldu sína.

Sayed Hashem Qureshi flúði til Íslands frá Afganistan við upphaf kórónaveirufaraldursins og var fyrsti gesturinn á sóttkvíarhótel Rauða krossins. Nú er hann starfsmaður þar og hjálpar fólki sem er í sömu sporum og hann var áður. Hann segir að þar með hafi draumur ræst.

Talibanar gerðu árás um nótt

„Í Afganistan rákum við bróðir minn gistið og við ákváðum að kenna börnum og konum ensku

þar á kvöldin í sjálfboðastarfi, því margir hafa ekki efni á slíku námi. En vandamálið var að svæðið sem gistið var á var undir stjórn talibana á næturnar,“ segir Sayed. „Þeir bönnuðu okkur að halda áfram að kenna og sögðu að við værum að snúa fólki frá íslam og að vestrænni menningu, sem var auðvitað ekki satt.

Við höldum að við værum öruggir en því miður versnaði ástandið og eina nóttina gerðu þeir árás á heimili okkar. Þeir bönnuðu

á dyrnar og um leið og bróðir minn opnaði myrtu þeir hann þar sem hann stóð. Svo brenndu þeir gistið okkar,“ segir Sayed. „Faðir minn hafði eytt ævinni í að mennta okkur bræður og gat ekki hugsað sér að missa mig líka, svo hann sagði mér að flýja, sama hvað það kostaði. Ég yfirgaf því heimili mitt og hef ekki snúið aftur. Ég skildi eiginkonuna mína, föður minn og þrjú börn bróður míns eftir. Nú stjórna talibanar öllu landinu og þeir hafa bannað

enskukennslu í skólum og bannað stúlkum að ganga í skóla.

Ástædan fyrir því að ég kom til Íslands er sú að faðir minn vildi að ég færi til lands sem myndi ekki senda mig aftur til Afganistan og Ísland var eina landið sem kom til greina,“ segir Sayed. „En fjölskyldan mín glímur enn við mikla erfiðleika og ég vona innilega að þau komist hingað. Konan mín á mjög erfitt og ég hef miklar áhyggjur af henni. Henni hefur líðið illa síðan ég flúði og hún

glímur við kvíðaköst eftir árásina. Það er líka mjög erfitt að vera kona í Afganistan núna og hún hefur engan stuðning. Ég hef líka miklar áhyggjur af bróðursonum mínum, þeir eiga engan annan að og ég er að reyna að ættleiða þá.“

Fór strax í sjálfboðastarf

„Eftir þetta átti ég mjög erfitt og þjáðist af áfallastreituröskun, en ég hef getað talað við sálfræðing og jafnað mig, þökk sé Rauða krossinum,“ segir Sayed. „Það opnaði >>

Ágæti lesandi



Sveinn Kristinsson
formaður Rauða krossins á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi kynnir hér í þessu blaði nokkur verkefni félagsins sem um 3.000 sjálfbodaliðar sinna um allt land á degi hverjum. Við höfum líkt og aðrir þurft að laga starf okkar, verkefni og þjónustu að þörfum fólks og aðstæðum á tímum farsóttar.

Undanfarin misseri hafa loftslagsbreytingar, jarðhræringar, eldgos og ofanflóð einnig kallað á aukna viðbragðsgetu Rauða krossins. Þá hefur félagið aukið þjónustu sína til að bregðast við félagslegri einangrun og vanlíðan margra í samfélaginu.

Verkefni Rauða krossins eru ef til vill mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr, svo sem fræðast má um í blaðinu. Rauði krossinn er viðbragðsfélag sem tekst af ábyrgð og fagmennsku á við áskoranir eins og þann heimsfaraldur sem nú vonandi fer að sjá fyrir endann á. Ekki má þó gleyma því að þessari viðureign er ekki lokið né heldur þeirri staðreynd að ekki sitja allir íbúar heims við sama borð hvað varðar aðgengi að vörnum og heilbrigðisþjónustu til að takast á við þennan vágast. Heimsfaraldurinn mun þó vonandi færa þjóðum heims þann lærdóm að samkennd og samstaða hefur aldrei verið eins mikilvæg.

Við horfum bjartari augum til framtíðarinnar en vitum þó líka að margir finna fyrir vanlíðan, kvíða og óvissu um hvað morgundagurinn beri í skauti sér. Ekki má gleyma stærstu áskorun samtímans, loftslagsbreytingum. Þá reynir ekki síður á samvinnu allra þjóða til þess að vernda berskjölduðustu hópana.

Grunnstefi í öllum verkefnum Rauða krossins er að stuðla að sjálfbærni samfélaga og aukinni samfélagslegri ábyrgð. Nýstofnuðum Sjálfbærnisjóði Rauða krossins á Íslandi er einmitt ætlað að brúa bil á milli þriðja geirans, stjórnvalda og fyrirtækja til að vinna saman að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Það er von mín að þú, lesandi góður, verðir margs visari um þau mikilvægu störf sem Rauði krossinn sinnir hér heima og erlendis.

Starf Rauða krossins á Íslandi er borið uppi af sjálfbodaliðum um allt land og væri ekki mögulegt án þeirra. Þá leggja Mannvinir Rauða krossins, fólk sem styrkir félagið mánaðarlega, grunninn að öflugum starfi og gera okkur kleift að sinna áfram þjónustu við þá er höllum fæti standa. ■



Rauði krossinn á Íslandi hefur sinnt mannúðarverkefnum í tæp hundrað ár.



Sayed Hashem Qureshi gekk í gegnum mikla erfiðleika áður en hann kom til Íslands og þurfti að skilja fjölskylduna sína eftir í Afganistan. Nú er Ísland orðið heimili hans og hann vinnur á sóttkvíarhótelu Rauða krossins. Hann vonast til að geta komið fjölskyldunni sinni til Íslands og úr hættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Vilt þú gerast sjálfbodaliði?

Skráðu þig á raudikrossinn.is



» dyr fyrir mig sem gerði mér kleift að halda áfram að lifa.

Erfiðasti tíminn var þegar ég kom fyrst til Íslands og leitaði til lögreglunnar til að sækja um hæli hér," segir Sayed. „Lögreglan setti mig á sóttkvíarhótelu, en það leið vika þangað til ég komst að því að ég væri í sóttkví, fram að því hélt ég að þetta væru flóttamannabúdir.“

Sayed segir að dvölin þar hafi verið erfið, en að starfsfólk hótelsins hafi auðveldað hana.

„Bara það að tala við fólkið þegar það fær mat og láta það vita að þú sért til staðar breytir miklu. Það er svo gott að vita að það er hjálp til staðar ef þörf krefur og þetta er það sem ég geri fyrir gestina á hótelinu núna," segir hann. „Vð þóssum upp á að fólki líði ekki illa og reynum að auðvelda því lífið.“

Það var erfitt að vera einn og innilokaður á sóttkvíarhótelinu dögum saman eftir allt sem ég hafði gengið í gegnum, en einn morguninn opnaði ég dyrnar og þá var þar einstaklega indæl eldri kona sem var að koma með morgunmat handa mér," segir Sayed. „Á þessum tíma þorðu margir ekki út úr húsi af ótta við heimsfaraldur-

inn en þarna var hún hugröck í sjálfbodastarfi að hjálpa mér, þó að hún þekkti mig ekki neitt. Þá hugsaði ég með mér að ef hún gæti hjálpað þá gæti ég það líka, þannig að ég ákvað að fara í sjálfbodastarfi fyrir Rauða krossinn um leið og ég gæti. Um leið og ég losnaði úr sóttkví fór ég svo að kenna flóttamönnum ensku.“

Draumur að vinna fyrir Rauða krossinn

Það er starf sem hentaði Sayed vel, því tungumál hafa alltaf legið vel fyrir honum og hann talar sex; pashto, úrdú, arabísku, ensku og tvö staðbundin tungumál frá Afganistan. Hann er líka að læra íslensku núna. Örfáum dögum eftir að Sayed fékk íslensku kennitöluna sína var honum svo boðið launað starf hjá Rauða krossinum.

„Það var algjör draumur," segir hann. „Þá voru líðin næstum fimm mánuðir síðan ég var á sóttkvíarhótelinu en Gylfi Þór Þorsteinsson, forstöðumaður sóttvarnahúsanna, hafði uppi á mér til að bjóða mér starfið. Ég hafði alls konar reynslu sem Rauði krossinn gat nýtt og ég greip að sjálfsögðu tækifærið til að endurgjalda Rauða krossinum alla

ómetanlegu aðstoðina.

Ég spurði ekki einu sinni hvort þetta væri launað starf, ég var bara ánægður með að fá að leggja Rauða krossinum lið, en svo reyndist þetta vera launuð vinna," segir Sayed. „Það hafði verið draumur minn að klæðast einkennisbúningi Rauða krossins og hjálpa öðrum, það gefur manni ánægju sem hverfur aldrei.“

Gylfi Þór er hetja

„Gylfi Þór er einstakur maður sem er orðinn fyrirmyndin mín. Hann hefur hjálpað mér í gegnum alla mína erfiðleika og var alltaf til staðar. Ég vil þakka honum innilega frá dýpstu hjartarótum fyrir allt sem hann hefur gert fyrir mig og alla aðra," segir Sayed. „Hann er algjör hetja sem hefur staðið vaktina í framlínunni allan tímann og lagt allt í vinnuna sína. Ég get ekki þakkað honum nóg.“

Ég er líka bara mjög þakklátur allri íslensku þjóðinni. Þetta er besta þjóð í heimi. Það er augljóst þegar maður ferðast um heiminn og kynnist aðstæðum annars staðar. Nú er þetta heimili mitt og mér líður eins og ég hafi alltaf búið á Íslandi," segir Sayed að lokum. ■

Það er nóg að byrja á

hæ

Ekkert vandamál er of stórt eða of lítið fyrir netspjall 1717

HJÁLFAFSÍMI OG NETSPJALL
RAUÐA KROSSINS
1717.is

Fann hve smá við erum gagnvart náttúrunni

Þegar óvæntir atburðir eða áföll raska daglegu lífi fólks svo mikið að það þarfnast stuðnings, þá eru viðbragðshópar Rauða krossins virkjandi.

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, neyðarvarnarlífi Rauða krossins og sjálfbodaliði í viðbragðshópi Eyjafjarðar, var meðal þeirra sem komu frá Akureyri til að aðstoða þegar alrýming var fyrirskipuð á Seyðisfirði vegna stórrigninga og aurskriðufalla sem ógnuðu byggðinni tæpri viku fyrir júl 2020. Aðeins einu sinni áður hefur heilt sveitarfélag verið rýmt, vegna eldgossins í Heimaey.

„Þetta var krefjandi,“ segir Álfheiður Svana. „Kortir í júl og verkefnið svo stórt að það þurfti mikla aðstoð austur. Engin Covid-smit voru á Austurlandi á þessum tíma og ekki æskilegt að flytja margt fólk annars staðar frá án skimunar. Engin smit voru heldur á Akureyri og því tókst að koma sjálfbodaliðum þaðan strax á föstudeginum. Sjálfbodaliðarnir frá Seyðisfirði voru líka þolendur í þessum hamförum og því stigu aðrir inn en þannig styðja viðbragðshóparnir hver við annan.“

Álfheiður Svana segir samheldni fólks hafa verið eftirtektarverða. „Allir lögðust á eitt. Fólk hafði samband og bauð fram húsnæði svo gisting fannst fyrir alla. Þarna var einstök samkennd, samhugur og samvinna. Magnþrunginn tími, komið að jólum, skammdegið drungalegt og mikil óvissa. Sem betur fer gekk þetta allt vel, ekki síst vegna þess hve skipulagið var skilvirkt og hve samstarf allra viðbragðsaðila var gott.“



Álfheiður segist hafa fundið fyrir því hvað maðurinn væri smár andspænis náttúrunni þegar aurskriðan féll á Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Allir lögðust á eitt. Fólk hafði samband og bauð fram húsnæði svo gisting fannst fyrir alla. Þarna var einstök samkennd, samhugur og samvinna.“

Samráðshópur um áfallahjálp var að störfum bæði á staðnum og í Reykjavík. Hlutverk þeirra er að samræma og kortleggja stuðning við íbúana.

„Viðbragðshóparnir grípa þá

sem lenda utan kerfisins,“ segir Álfheiður Svana, „fólk sem verður vitni að alvarlegum atburðum og aðra þá sem ekki þurfa beina aðstoð viðbragðsaðila en þurfa sálrænan stuðning. Í viðbragðshópnum er vel þjálfað fólk með þekkingu og reynslu af sálrænum stuðningi í gegnum menntun, reynslu og störf sem veitir þolendum sálræna aðstoð á vettvangi eða fyrstu dagana á eftir.“

Á mánudagskvöldinu gekk ég um á Seyðisfirði. Allt var kyrrt. Nokkrir íbúar voru komnir í hús sín en enginn á götum úti. Þögn fyrir utan vélardyn, jólaljós, hús á bensinplani, rústir og sár í hlíðunum fyrir ofan bæinn. Ég fann hve smá við erum andspænis náttúrunni þegar svona dynur yfir. ■

Reyndi mest á að sjá ekki fyrir endann á þessum hamförum

Þegar rýma þarf heilt bæjarfélag skiptir öllu máli að skipulagning sé markviss, samvinna góð og þjálfaðar hendur að verki.

Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar, leiðbeinandi með umsjón í grunnskólanum á Egilsstöðum, er sjálfbodaliði í viðbragðshópi Rauða krossins á Austurlandi. Tveimur dögum eftir að jólafríð hófst í skólanum var viðbragðshópurinn kallaður út um kaffileytið, föstudaginn 18. desember 2020. Alrýming hafði verið fyrirskipuð á Seyðisfirði vegna mikilla rigninga og aurskriðna sem ógnuðu byggðinni.

Langflestir íbúar Seyðisfjarðar voru samankomnir í grunnskólanum á Egilsstöðum þar sem sett hafði verið upp fjöldahjálparstöð en hluti viðbragðshópsins var sendur til Eskifjarðar þar sem hlutaráyting stóð yfir af sömu orsökum.

Margrét segir verkefni viðbragðshópsins vera af ýmsum toga. „Yfirleitt eru þetta afmarkaðir atburðir. Einhver atburður verður, slys eða áfall, og við erum virkjuð til að aðstoða og veita nokkurs konar sálræna fyrstu hjálpu. Í framhaldinu vísum við fólki á fagaðila.“

Margrét segir þessari stóru aðgerð að adventu. Prestar gengur á milli fólks, félagsþjónustan hjá Múlaþingi var á staðnum og ýmsir sérfræðingar. „Við vorum þarna til



Margrét Dögg er sjálfbodaliði í viðbragðshópi Rauða krossins á Austurlandi.

að hjálpa,“ segir Margrét. „Ef fólk þurfti fékk það stuðning. Þetta byrjaði á föstudag og stóð í nokkra sólarhringa. Við unnum á vöktum og alltaf voru að minnsta kosti tvær manneskjur á staðnum.“

Fyrst var opnuð miðstöð í Herðubreið á Seyðisfirði þar sem viðbragðsaðilar voru til staðar. Fólk skráði sig þar og var svo sent í fjöldahjálparmiðstöðina í grunnskólanum á Egilsstöðum. Þetta voru fimm sólarhringar og við lokudum á Þorláksmessu. Þá var opnuð þjónustumiðstöð í Herðubreið á Seyðisfirði sem starfaði fram eftir janúar.

Það sem stendur upp úr hjá mér, fyrir utan hvað þetta var gríðarlega stórt verkefni að rýma heilt bæjarfélag, var hve óvissan var mikil. Venjulega er verkefnið afmarkað. Slys verður og við bregðumst við. Í framhaldinu leitar fólk til sérfræðinga. Það sem reyndi mest á þarna var að sjá ekki fyrir endann á þessu. Enginn gat svarað því hvernær fólk mætti fara heim. Hvort það gæti haldið jólni heima.“

Margrét segir þessa sólarhringa greypta í minni sér. „Núna, þegar aftur eru rýmingar vegna vatnsveðurs og hættu á aurskriðum, er þetta mér í ljósu minni. Allt rifjast upp.“ ■



Hörður Jónsson hefur verið sjálfbodaliði hjá Frú Ragnheiði í á fjórða ár og þekkir starfið vel og hópinn sem sækir þjónustu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meistarar götunnar eru gegnumgott fólk

Sjálfbodaliðinn Hörður Jónsson hljóp Laugavegin til styrktar Frú Ragnheiði í sumar. Hann hefur ástríðu fyrir skaðaminnkun.

„Mér þykir óendanlega vænt um þetta verkefni og þekki þennan hóp afskaplega vel. Þegar ég var drengur fór ég í sveit á sumrin til afa og ömmu í Gunnarsholti, þar sem afa var aðstoðarforstöðumaður á meðferðarheimili fyrir langt gengna alkóhólisma. Þar kynntist ég þessum meisturum götunnar og þótti einstaklega vænt um þessa karla sem voru gegnumgóðir og miklir vinir manns. Ég hef sjálfur glímt við alkóhólisma og öll mín reynsla af fólki sem lent hefur í þessari stöðu er eins. Það mætir mjög hörðum veruleika og þarf að bjarga sér á vegu sem við hin getum ekki einu sinni ímyndað okkur. Þá er oft máluð svört mynd af mjög góðu fólki.“

Þetta segir Hörður Jónsson, sem verið hefur sjálfbodaliði í skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins, Frú Ragnheiði, frá árinu 2017. Í sumar hljóp Hörður Laugavegin til styrktar Frú Ragnheiði. Hann lauk BS-gráðu í sálfræði í fyrra og var lokaverkefnið rannsókn á hópi skjólstaðinga Frú Ragnheiðar.

„Skaðaminnkun er ástríða hjá mér. Hún snýst um að lágmarka allan skaða sem hlýst af lífverni einstaklinga í vímuefnavanda. Það gerum við með því að kenna fólki að nota efni og áhöld til vímuefnanotkunar rétt, því þegar einstaklingar í vímuefnavanda nota vímuefni í æð er mikil hætta á smiti á HIV-veirunni, lífrabólgu C og fleiri sýkingum. Með því að skaffa þeim nýjan búnað má koma í veg fyrir þessa sýkingarhættu. Jafnframt fræðum við fólk um örugga notkun vímuefna, hvar best sé að hitta á æðar og hvaða æðar er öruggt að nota. Við sýnum því líka að til sé hópur í samfélaginu sem þykir innilega vænt um það. Við færum því hlý föt og gefum því að borða því margir í þessu lífverni þjást af miklum næringarskortum. Við erum þakklát veitingastöðum sem gefið hafa Frú Ragnheiði mat, en það er alltaf vöntun á slíku,“ greinir Hörður frá.

Sálrænn stuðningur mikilvægur Allir í vímuefnavanda geta leitað til Frú Ragnheiðar.

„Fólk nálgast bílinn á sínum forsendum og það er enginn sem

„Þeim finnst lítið hlustað á sig en þurfa mikið að létta á sér. Starfið snýst því líka um sálrænan stuðning, að bjóða öxl til að gráta á og hlusta.“

segir því að gera eitt né neitt. Það einfaldlega hringir í okkur og við mætum á staðinn þar sem viðkomandi vill hitta okkur. Áður vorum við með föst stopp í bænum en það nýttist verr. Þjónustan er því einstaklingsmiðuð og byggist á trausti. Orðspor Frú Ragnheiðar hefur svo aukist gríðarlega, orðið gengur á milli manna og þess vegna hefur Frú Ragnheiður fengið þennan status. Til að byrja með var hún ljóti andarunginn hjá Rauða krossinum og fáir sem sóttust í sjálfbodastarfið, en nú er orðið erfitt að komast þar að,“ upplýsir Hörður.

Hann segir einstaklinga í vímuefnavanda forðast að leita sér aðstoðar innan heilbrigðisgeirans þar sem þeir mæti gjarnan neikvæðu viðmóti.

„Við erum með sárþjónustu í bílnum því skjólstaðingar okkar eru oft komnir með mjög slæmar sýkingar sem þarf að meðhöndla í bráðafasa. Frú Ragnheiður fékk nýverið leyfi til að útdeila sýklalyfjum og það hefur breytt miklu.“

Meirihluti þeirra sem kalla eftir þjónustu Frú Ragnheiðar eru einstaklingar í vímuefnavanda.

„En þegar við förum í neyðarskýlið bætast við eldri karlar sem verið hafa meira í áfengi og þurfa líka á aðstoð að halda. Þeim finnst lítið hlustað á sig en þurfa mikið að létta á sér. Starfið snýst því líka um sálrænan stuðning, að bjóða öxl til að gráta á og hlusta. Við erum á ferðinni öll kvöld nema á laugardögum. Þegar ég byrjaði komu um tíu manns í bílinn á annasömu kvöldi, en nú eru þeir upp undir þrjátíu, enda vita æ fleiri af þessari þjónustu, sem betur fer,“ segir Hörður. ■

Síminn hjá Frú Ragnheiði á höfuðborgarsvæðinu er 788 7123, á Akureyri 800 1150 og í Reykjanesbæ 783 4747.

Mjög ánægjulegt að vera hundavinur

Rauði krossinn sinnir viðamiklu starfi með sjálfbodaliðum. Þeir eru meðal annars hundavinir, heimsóknarvinir, gönguvinir, leiðsöguvinir og símavinir.

Allir sjálfbodaliðar fara á undirbúningsnámskeið hjá Rauða krossinum og eru bundnir trúnaði við þá sem þeir heimsækja. Hlutverk vina er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Ávallt er þörf á fleiri sjálfbodaliðum og hægt er að skrá sig á heimasíðunni raudikrossinn.is.

Dagmar Traustadóttir og hundurinn hennar, Ruby Rose, eru sjálfbodaliðar Rauða krossins. „Ég byrjaði í mars á þessu ári. Sumarið áður var ég úti í göngu með hundinn þegar ég mætti konu sem bað um að fá að klappa honum. Þegar konan sá hvað hundurinn var ljúfur fór hún að segja mér frá hundavinerkefni Rauða krossins. Ég fór heim og las mér til um þetta verkefni og leist vel á það. Fannst þetta kjörlið verkefni fyrir mig og hundinn en ég var barnshafandi á þessum tíma. Mér fannst tilvalið að við Ruby ættum okkar eigin verkefni þegar barnið kæmi í heiminn. Við förum á námskeið í febrúar og byrjuðum síðan eftir það,“ segir Dagmar.

„Við reynum að fara einu sinni í viku til Hólmfríðar Benediktsdóttur en hún er einstakur hunda-

vinur. Hún er ljósmyndamenntuð og finnst gaman að taka myndir af hundinum. Ruby Rose er fimm ára og stendur sig frábærlega. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni. Ég hef gaman af því að spjalla við eldra fólk, var alltaf mikið með langömmu minni og -afa. Við Hólmfríður getum rappað mikið saman og ræðum alls konar hluti. Heimsóknin gerir jafnmikið fyrir mig og hana. Ruby er alsæl með að láta klóra sér og kjassa. Við löbbuðum mikið úti í sumar sem var heilsusamlegt fyrir okkur öll,“ segir Dagmar.

Eignaðist hundavin fyrir tilviljun Hólmfríður Ben Benediktsdóttir er ákaflega ánægð með Dagmar og Ruby Rose. „Ég hef átt erfitt með gang og flutti í þjónustuíbúð vegna veikinda. Ég eignaðist hundavin fyrir tilviljun. Foreldrar mínir bjuggu á hjúkrunarheimilinu Mörk á meðan þau lifðu. Faðir minn var sérstakur dýravinur. Ég sá auglýst að hægt væri að fá hundavin Rauða krossins og ég hjálpaði honum að fá slíkan vin. Hundaeigandinn fór síðan í barn-eignarleyfi og ég sótti um annan hund. Það reyndist vera Ruby. Þá var Covid og heimsóknarban. Ég óskaði þá sjálf eftir að fá hann til mín sem var samþykkt. Þannig að eiginlega stal ég hundinum frá pabba,“ segir Hólmfríður og hlær. „Faðir minn lést í sumar, og ég fæ



Dagmar og Hólmfríður með Ruby á milli sín. Það fer sannarlega vel á með þeim hundavininum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ruby reglulega í heimsókn sem gefur mér mikla gleði,“ segir hún. Ruby er æðislegur hundur, sérlega fallegur og góður. Mér finnst til dæmis mjög gaman að taka myndir af honum,“ segir hún. Ég var hundaeigandi áður fyrir

en get það ekki lengur vegna heilsufars. Það er því æðislegt að fá Dagmar og Ruby í heimsókn. Dagmar er líka frábær vinur og það var aukabónus að kynna henni. Við erum alltaf í netsambandi fyrir utan heimsóknirnar.

Við getum spjallað um allt og það er ekkert kynslóðabil á milli okkar. Hún hefur allt það sem sjálfbodaliðar þurfa að hafa, hjálpleg og þægileg. Sjálfbodaliðar bæta samfélagið að mínu mati.“ ■



Gönguvinirnir Kristín Ásbjörnsdóttir og Kórekur Hreinn Stefánsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vildi láta gott af mér leiða

Gönguvinir Rauða krossins hittast reglulega og fara í göngutúr. Kristín Ásbjörnsdóttir er gönguvinur Kóreks Hreins Stefánssonar. „Mér fannst ég hafa nægilegan tíma til að láta gott af mér leiða og hef alltaf verið mikil útivistarmannskja. Ég setti mig þess vegna í samband við Rauða krossinn og ætlaði í fyrstu að bjóða mig fram sem heimsóknarvin en þeim fannst henta mér betur að vera gönguvinur.“

” Göngurnar gera mikið fyrir okkur bæði.

Kristín Ásbjörnsdóttir, gönguvinur

Þetta hefur gengið afskaplega vel frá því ég byrjaði í fyrrahaust. Við hittumst einu sinni í viku og löbbum oft hring í Efra-Breiðholti, iðulega í hálf tíma til þrjú korter. Göngurnar gera mikið fyrir okkur bæði auk þess sem þetta er góður félagskapur. Við getum rappað saman allan göngutúrinn.“ ■



Hulda Ólafsdóttir er símavinur Rauða krossins. Hún segir að sjálfbodaliðastarf geti bæði verið skemmtilegt og erfitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mikilvægt að veita gleði

Hulda Ólafsdóttir hefur verið símavinur Rauða krossins í rúmlega ár. Hún og Ingibjörg Magnúsdóttir eiga gott spjall í síma einu sinni í viku. „Ég er í sambandi við þrjá símavini. Verkefnið er fyrst og fremst hugsað fyrir þá sem eru mikið heima, eru jafnvel einmana. Við spjöllum og ég reyni að vera á jákvæðum og uppbyggilegum nótum. Stundum þarf reyndar að ræða erfiða hluti. Mér finnst mikilvægt að ræða eitthvað sem gleður og er áhugavert. Síma vinir hittast ekki. Við ræðum saman í að minnsta kosti hálf tíma einu sinni í viku,“ segir Hulda. „Þetta getur verið mjög gefandi starf en erfitt líka þegar maður upplifir erfiðleika viðmælenda. Ég hef samt oft fengið skemmtilegar sögur. Maður lærir líka ýmislegt í gegnum símtölin,“ segir hún.

” Við spjöllum og ég reyni að vera á jákvæðum og uppbyggilegum nótum. Stundum þarf reyndar að ræða erfiða hluti.

Hulda Ólafsdóttir, símavinur

Ingibjörg Magnúsdóttir er viðmælendi Huldu. Hún segir að sér finnst æðislegt að heyra í Huldu. „Við getum rappað um allt mögulegt. Það gefur mér mikið að fá símtalið frá henni. Hulda er hvetjandi og mér líður vel eftir símtali. Ég er stundum einmana og er alltaf full tilhlökkunar þegar ég bíð eftir símtali. Við náum vel saman og hún er mjög traust. Ég er líka að bíða eftir gönguvini,“ segir Ingibjörg og hlakkar til að fara út að ganga. ■



Heimsóknarvinirnir Sigríður María Torfadóttir og Ásta Pétursdóttir. Þær eru orðnar mjög góðar vinkonur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Erum orðnar mjög góðar vinkonur

Sigríður María Torfadóttir er heimsóknarvinur Rauða krossins. „Ég vissi um þetta verkefni í langan tíma og fannst það spennandi og þarft, eitthvað sem mig langaði til að gera. Þegar ég sá auglýsingu frá RK um námskeið fyrir tæpum fimm árum ákvað ég að drífa mig,“ segir Sigríður María en hún hefur heimsótt Ástu Pétursdóttur vikulega í fjögur ár. „Ásta hafði ekki búið á Íslandi í áratugi og hafði ekki mikið tengslanet. Við erum orðnar mjög góðar vinkonur, smullum vel saman þótt við séum ólíkar og með ólíkan bakgrunn. Það er alltaf gaman að hitta hana. Hún er skemmtileg og við hlæjum mikið saman. Við lesum báðar mikið og skiptumst á bókum. Það er alltaf tilhlökkunarefni að fara í heimsókn enda hollt fyrir alla að kynna nýju fólk.“

” Hún er skemmtileg og við hlæjum mikið saman. Við lesum báðar mikið og skiptumst á bókum.

Sigríður María Torfadóttir, heimsóknarvinur

Ásta Pétursdóttir segir að það sé dásamlegt að fá Siggú Mæju, eins og hún kallar hana, í heimsókn einu sinni í viku. „Við eigum margt sameiginlegt eins og bækur og blómabúðir. Við skemmtum okkur konunglega þegar við förum í slíkar búðir. Yfir sumartímann förum við út að labba. Upphaflega var mér bent á heimsóknarvin eftir hjartaskurðaðgerð. Það hefur orðið til mjög góð vinátta á milli okkar sem er dýrmæt. Það má segja að ég hafi unnið í happdrættinu að fá Siggú Mæju.“ ■



Rannveig Garðarsdóttir og Hossam eru leiðsöguvinir í gegnum Rauða krossinn.

MYND/ADSEN

Kynnist öðrum menningarheimi

Rannveig Garðarsdóttir og Hossam frá Írak eru leiðsöguvinir. „Maður fær tækifæri til að kynna manneskju úr öðrum menningarheimi. Vinátta myndast á milli okkar og ég aðstoða hann við íslenskuna. Hann hefur verið að læra málið og er mjög áhugasamur. Við reynum að tala saman á íslensku þar sem hann er stöðugt að æfa sig. Hossam er nýbúinn að fá vinnu og við höfum einmitt rætt mikið um atvinnuöguleika.“

” Maður fær tækifæri til að kynna manneskju úr öðrum menningarheimi.

Rannveig Garðarsdóttir, leiðsöguvinur

Honum finnst gaman að hlusta á hvernig hið daglega líf Íslendinga er og hann segir mér frá sínu lífi. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni. Hossam horfir á íslenska fréttatíma og er að læra ljóð utanbókar. Hann fer með ljóð fyrir mig í hvert sinn sem við hittumst. Alveg dásamlegt,“ segir Rannveig og Hossam tekur undir að það sé mjög dýrmætt að hittast og ræða saman. ■

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



Blönduósbaer

Fjármála- og skrifstofustjóri

Blönduósbaer auglýsir lausa til umsóknar stöðu fjármála- og skrifstofustjóra. Viðkomandi heyrir beint undir sveitarstjóra og er staðgengill hans. Um er að ræða áhugavert atvinnutækifæri í vaxandi umhverfi fyrir einstakling sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, frumkvæði og góðum samskiptaþæfileikum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirmaður fjármála með ábyrgð á umsýslu fjármála og bókhalds.
- Fagleg forysta og daglegur rekstur skrifstofu sveitarfélagsins.
- Ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana ásamt eftirliti með framgangi þeirra.
- Ábyrgð á vinnu við ársreikninga.
- Umsjón með úttektum, frávíkagreiningum og kostnaðareftirliti.
- Staðgengill sveitarstjóra ásamt aðstoð við samninga og önnur fjármálatengd verkefni.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála.

■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Framúrskarandi þæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu, helst af vettvangi sveitarfélaga.
- Mjög góð tölvukunnátta. Þekking á Navision er kostur.
- Samvirksemi og nákvæmni ásamt góðri hæfni í íslensku í ræðu og riti.

Blönduósbaer er fallegur bær á Norðurlandi vestra og eru íbúar um 950 talsins. Samfélagið er fjölskylduvænt, með hátt þjónustustig við íbúa og metnaðarfullt starf í leik-, grunn- og tónlistarskólasterfi ásamt því að rekin er dreifnámsdeild frá Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Aðstaða til íþróttaiðkunar er mjög góð og er mikið framboð af menningar-, íþrótt- og tómstundastarfi á svæðinu auk möguleika til útivistar af ýmsu tagi. Hafnar eru formlegar viðræður um sameiningu Blönduósbaer og Húnavatnshrepps sem getur skapað tækifæri til eflingar starfsins strax á næsta ári enda hefur verið töluverð uppbygging á undanförunum árum. Nánari upplýsingar um Blönduósbaer má finna á:

www.blonduos.is.

Katrín segir að verkefnið snúist um að vera félagslegur stuðningur fyrir fjölskylduna. „Við fengum smá leiðsögn um það fyrst hvers er ætlast til af okkur. Svo höfum við þróað þetta samband út frá þörfum fjölskyldunnar. Við hittum þau ekki eins mikið þessa daga af því mamma á von á sér á næstu vikum. En ég fór í mat til þeirra á sunnudaginn og við höfum hist í kaffi hjá Fayrouz og nokkrum sinnum hjá þeim. Síðan ætlum við að plana meira þegar barnið er komið yfir fyrstu vikurnar,“ segir hún.

Fayrouz segir að þegar þau hittist spjalli þau um daglega



Fayrouz og Katrín eru góðar vinkonur og leiðsöguvinnur sýrlenskrar fjölskyldu en Fayrouz kom sjálf sem flóttamaður frá Sírlandi til Íslands árið 2016.

lífið og hvernig allt var í Sírlandi. „Við förum saman út í búð og við hjálpuðum verðandi móðurinni að redda því sem þarf fyrir komu barnsins. Við höfum líka heim-sótt aðrar fjölskyldur og vini með þeim.“

Eins og áður segir fékk Fayrouz sjálf leiðsöguvini sem léttu henni lífið og hjálpuðu henni að kynnst samfélaginu þegar hún kom til Íslands.

„Þau gáfu mér andlegan stuðning og voru alltaf til staðar fyrir mig,“ segir hún og bætir við

að reynsla hennar af því að vera flóttamaður gagnist vel þegar hún er leiðsöguvinnur.

„Ég veit nákvæmlega hvernig þeim líður, sérstaklega þegar þau eru enn þá ný hérna. Ég var heppin með það að ég kunni ensku þegar ég kom, það hjálpaði mér með öll samskiptin, en á sama tíma tók ég eftir því hversu erfitt það var fyrir hina flóttamennina að tala við leiðsöguvini sína. Mér finnst mikilvægt að vera með leiðsöguvini sem kunna sama tungumálið.“

Ég veit nákvæmlega hvernig þeim líður, sérstaklega þegar þau eru enn þá ný hérna.

Fayrouz Nouh

Líður vel að hjálpa öðrum

Fayrouz og Katrín mæla báðar með að gerast leiðsöguvinnur.

„Mér finnst fólk kannski ekki þora að gefa sig að fólki sem kemur frá annarri menningu, sérstaklega ef það eru tungumálaörðugleikar,“ segir Katrín.

„En það að bara stökkva inn í þetta og byrja á þessu verkefni opnar augu manns mikið. Ég hef fengið svo nýja sýn á lífið, bara við það að kynnst Fayrouz, sem var undir allt öðrum kringumstæðum, og svo að kynnst þessari fjölskyldu í gegnum sjálfboðaliðastarf. Ég hef eignast fjölskylduvini fyrir lífstíð. Svo finnst mér æðislegt fyrir dætur mínar að fá að kynnst öðruvísi menningu. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og þau eru mjög þakklát svo ég held við séum öll að fá eitthvað út úr þessu.“

Fayrouz tekur undir þetta og segir: „Það lætur manni líða vel þegar maður er að hjálpa öðru fólki sem þarf að hjálpa að halda.“ ■

Hjálpin kemur til þeirra

Frú Ragnheiður tók til starfa á Suðurnesjum 4. júní 2020. Það árið voru heimsóknir í bílinn alls 138, frá tíu körlum og fimm konum. Á þessu ári er talan komin upp í 22 og heimsóknirnar orðnar fleiri.

„Þegar þarfagreining á þjónustu Frú Ragnheiðar á Suðurnesjum var gerð var talið að 38 einstaklingar notuðu vímuefni um æð. Við vitum því að fleiri einstaklingar eru þarna úti og við viljum vera til staðar fyrir fólk sem gæti nýtt sér þessa þjónustu,“ segir Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri Frú Ragnheiðar á Suðurnesjum.

Frú Ragnheiður grípur einstaklinga sem nota vímuefni um æð.

„Við viljum að þau komi til okkar til að fá skaðaminnkandi leiðbeiningar og fræðslu um bæði efni og búnað til vímuefnaneyslu. Við athugum líka hvernig staða þeirra er; hjálpum þeim jafnvel að tengjast félagsráðgjafa og leita til læknis. Skjólstæðingar fara oft helst ekki til læknis því þeir hafa margir slæma reynslu af heilbrigðiskerfinu, finnst þeim oft mæta fordómum og að ekki sé tekið mark á þeim. Fólk hikar því oft við að leita sér hjálpar en þá reynir Frú Ragnheiður að koma því til hjálpar.“

Meðal þess sem sjálfböðaliðar Frú Ragnheiðar gera er að spyrja skjólstæðinga sína hvaða vímuefni þeir noti.

„Við biðjum alltaf um leyfi til að spyrja og fræða. Þau sem sprautu sig með vímuefnum um æð nota bæði læknalyf og önnur efni, svo sem kókaín, amfetamín og heróín, sem komið er í umferð hér á landi, en að mjög litlu leyti, tel ég. Sum lönd skipta út heróíni fyrir morfin

því þá er vitað um innihaldsefnið.

Við ráðleggjum þeim hvernig á að umgangast sum efni með skaðaminnkun að leiðarljósi.“

Skilningur og umhyggja

Hjá Frú Ragnheiði er einstaklingum í vímuefnavanda mætt eins og þeir eru.

„Það er ekki alltaf sem fólk getur verið edrú, og það hefur líka sín mannréttindi. Fordómar og þekkingarleysi almennings veldur því að fólk er hrætt við einstaklinga sem nota vímuefni, en mæti einstaklingar í vímuefnavanda skilningi og umhyggju verður framkoma þeirra og viðhorf líka annað,“ segir Jóhanna.

Sjálfböðaliðar Frú Ragnheiðar eru líka ósparir á hvatningu og huggunarorð.

„Með skaðaminnkun erum við í raun að draga úr skaða sem af vímuefnanotkun getur orðið. Við skimum eftir því hvort skjólstæðingar okkar séu í sjálfsvígshættu og tökum stöðuna á því hvort þeir sofi úti og lifi við óöruggar aðstæður, sem er oft og ídulega. Við bjóðumst til að keyra þau í athvörf en sum kæra sig ekki um að nýta sér þau og sofa heldur í bílageymslu, stíghúsum eða við aðrar hættulegar aðstæður. Við erum því alltaf með tjöld, svefnpoka og hlýjan fatnað til taks, en margar þjónakonur styðja Frú Ragnheiði með lopapeysum, húfum, sokkum og vettlingum, og erum við afar þakklát fyrir það.“

Hægt er að hringja í Frú Ragnheiði Suðurnesjum í síma 783 4747 eða senda einkaskilaboð á Facebook-síðunni Frú Ragnheiður Suðurnes. Þá kemur bíllinn þangað sem óskað er.

„Þau sem koma til okkar eru



Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir verkefnastjóri og Sigfríður Ólafsdóttir sjálfböðaliði hjá Frú Ragnheiði Suðurnesjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skjólstæðingar fara oft helst ekki til læknis því þeir hafa margir slæma reynslu af heilbrigðiskerfinu, finnst þeim oft mæta fordómum og að ekki sé tekið mark á þeim.

Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir

ánægð með þjónustuna og treysta okkur. Þau sýna líka eindreginn samstarfsvilja og vilja gera vel. Við kennum þeim að meðhöndla búnaði til förgunar, svo börn finni hann ekki í umhverfinu. Það skilja þau algjörlega og biðja alltaf um

box til að gera rétt,“ segir Jóhanna. Hún bætir við að enginn ætli sér að lenda á götunni. „Það býr alltaf eitthvað að baki og það hefur verið sýnt fram á að vímuefnanotkun tengist gjarnan áföllum á lífsleiðinni. Margir eru mjög berskjaldaðir eftir áfall ofan í áfall.“

Fólk eins og ég og þú

„Mér finnst málaflökkurinn áhugaverður. Ég er í meistaranámi í félagsráðgjöf og finnst sjálfböðastarfið góð reynsla samhliða náminu,“ segir Sigfríður Ólafsdóttir sem starfað hefur sem sjálfböðaliði hjá Frú Ragnheiði Suðurnesjum frá því í fyrrasumar.

„Starfið er aðeins öðruvísi en ég gerði mér í hugarlund. Á vaktinni veiti ég sálrænan stuðning, spjalla við þá sem koma, gef þeim hreinan búnað, næringu, fatnað og skaðaminnkandi leiðbeiningar.“

Sigfríður segir starfið gefandi. „Það er misjafnt hvernig liggur á

þeim þegar þau sækja þjónustuna en oft eru þau tilbúin að opna á áfallasöguna sína en einnig ræðum við líka bara daginn og veginn.“

Sigfríður ber hlýhug til einstaklinganna sem nýta sér þjónustu Frú Ragnheiðar.

„Þótt ég hafi ekki haft fordóma gagnvart einstaklingum sem nota vímuefni hef ég nú lært enn meira um málaflökkinn og skil margt svo miklu betur en ég gerði áður. Þetta er fólk eins og ég og þú, nema það notar vímuefni. Flest þeirra mæta miklum fordómum í samfélaginu.“

Sigfríður telur að fræða þurfi almenning svo fólk geti mætt einstaklingum í vímuefnavanda þar sem þeir eru staddir.

Hún hafði áhyggjur af því að geta ekki sleppt hugsunum af skjólstæðingum sínum á kvöldin.

„En það rændi mig ekki nætur-svefni. Almennt kveðjast allir sáttir og maður hefur gert allt sem maður getur gert hverju sinni.“ ■

Við þökkum fyrir stuðninginn

VÍNBUÐIN

Alcoa

Arion banki

BRIM

EASTUS

LEX
LÖGMANNSTOFA

VR
130
ARA

Landsvirkjun

icepharma
Bætt líðan - Betra líf

Íslandsspil

regla

SJÓVÁ

Bolungarvíkurkaupstaður
Sveitarfélagið Ölfus
Þjónustustofa ehf
Hársnyrtistofan Nína ehf
Malbikunarstöðin Höfði
Fjárhald ehf
Óskirnar þrjár ehf.
Sjúkranuddstofa Óskars ehf.
Síldarvinnslan hf.
Eðalbílar ehf.
Útgerðarfélagið Gummi ehf
Gistihúsið Seljavellir ehf.
OSN ehf
Landssamband lögreglumanna
Trausti fasteignasala ehf.
THG Arkitektar ehf.
GR Verk ehf
P.S. Verktakar ehf.
Visir hf
Argos ehf arkittektar stofa Grétars og Stefáns.
Baugsbót ehf
Brauhúsið ehf
Blikksmiðjan Vík
Úti og Inni arkitektar

Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hjallastefnan ehf.
Netorka hf.
Geir ehf útgerð
Málameistarar ehf.
Wurth á Íslandi ehf.
SR-Vélaverkstæði hf.
Samtök sveitarfélaga á Vesturla
Hlíð ehf
BSRB
SSF
Ráðhús ehf
Rafmiðun hf.
Þorsteinn Bergmann ehf
Hvalur
PFAFF hf.
Loftorka hf
Múlaradíó ehf.
Eldvarnarþjónustan ehf.
Höfðakaffi
Landsnet hf.
Blómasetrið ehf.
Terra Efnaeyðing hf
Ísfell ehf.
Verkval ehf

Bílasmiðurinn
Ósal ehf
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Grófgil ehf
Klausturkaffi ehf
Egilsstaðahúsið ehf
Íslensk verðbréf hf.
Samstaða stéttarfélag
Veiðivon ehf
Efling stéttarfélag
Ásvélar ehf
Þórsberg ehf.
Nonni litli ehf
Járnsmiðja Óðins
Verslunartækni og Geiri ehf
Fiskbúð Hólmgeirs ehf.
DMM Lausnir
Sveitarfélagið Hornafjörður
Endurskoðun Helga Númasonar ehf
Ós ehf
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
SE ehf
Bókráð bókhald og ráðgjöf
Samvirkni ehf
Rósaberg ehf

Verktækni ehf
Hveragerðissókn
Tölvar ehf
Garðabær
Brunavarnir Suðurnesja
DS Lausnir
Skólavefurinn ehf
Segull ehf.
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
Halldór Ólafsson úr og skartg.
Sæfell ehf
Ottó B. Arnar ehf.
Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra
Tannlæknastofa A.B. slf.
SS gólf ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf.
Útilegumaðurinn ehf.
Rafsvið sf
Gjögur ehf
Tannréttingar sf.
Smurstöð Akraness
Norm X ehf.
Gasfélagið ehf
Rarik
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða

Hlaðbær Colas
Fjárstöð ehf.
Vagnar og þjónusta ehf
Flóahreppur
Laugarnesskóli
Sjúkrahúsið á Akureyri
SÍBS
Orkubú Vestfjarða ohf.
N1 ehf.
Akureyrarbær
Manna ehf.
Míla ehf.
Hreinsitækni ehf
Valafell ehf.
Framtal sf.
Arkitektastofan OG ehf.
B.R. Sverrisson ehf
First Class ehf.
Beyki ehf
Reykjaprent ehf.
Fjallabyggð
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu
Íslensk erfðagreining

Trjáræktarverkefni bætir afkomu í Síerra Leóne

Trjáræktarverkefnið í Síerra Leóne hefst á komandi vikum og mánuðum en verkefnið mun hafa viðtæk áhrif á samfélagið, auka fæðuöryggi fólks á svæðinu og sporna við áhrifum loftslagsbreytinga.

Til stendur að planta allt að tveimur milljónum trjáa á næstu tveimur árum, fyrir árslok 2023, í Síerra Leóne. „Verkefnið er hluti af stærra verkefni Alþjóða Rauða krossins í Afríku þar sem á að planta fimm milljörðum trjáa fyrir lok 2030. Við byrjum hægt og byggjum upp reynslu og góðan grunn. Vonandi getum við stækkað verkefnið í framtíðinni, því þörfin er mikil fyrir aukna trjárækt, ekki bara í Síerra Leóne heldur víðar í Afríku og um heim allan,“ segir Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri alþjóðasviðs Rauða krossins.

Verkefnið er styrkt af utanríkisráðuneytinu og Mannvinnu Rauða krossins. „Landgræðsluskólinn kemur einnig að verkefninu með sérþekkingu á landgræðslu og endurheimt lífríkis og tengslanet. Hér er því um stóra og flotta teymisvinnu hins opinbera, Rauða krossins og almennings að ræða,“ segir Atli.

Hvers vegna Síerra Leóne?

„Síerra Leóne er eitt fátækasta land í heimi og hefur á síðustu árum gengið í gegnum hræðilega borgarastyrjöld, ebóla-faraldur, efnahagslegar þrengingar vegna heimskreppunnar og nú enn vegna heimsfaraldurs Covid-19. Aðgengi íbúa, sérstaklega afskekktari samfélaga, að hreinu vatni, sjálfbærum orkugjöfum og heilbrigði er afar lítið og ólæsi er algengt.“

Hvaða áhrif munu trén hafa á umhverfið og fólkið?

„Áhrifin eru margþætt og til



lengri tíma munu allir íbúar Síerra Leóne hagnast á verkefninu. Endurheimt skóglendis og gróðurs mun auka fæðu- og vatnsöryggi, bæta heilsu íbúa og viðnámsþól gegn loftslagsbreytingum. Trjárækt mun enn fremur veita efnahagslegan ávinning og stuðla að verndun líffræðilegs fjölbreytileika.“

Skammtímaáhrif munu ná til um 30 þúsund manns í rúmlega 60 samfélögum þar sem skógareyðing hefur verið mikið vandamál.

„Samfélögin voru valin í verkefnið á grundvelli slæmrrar stöðu íbúa, skorts á aðgengi að nauðsynjum og berskjöldun gagnvart hamföllum, skorti á vernd og samfélagslegri þátttöku. Áhersla er lögð á þá íbúa héraðanna sem hafa misst lífsviðurveru sitt vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Samhliða trjárækt þarf að finna leiðir til að draga almennt úr skógarhöggi sem er oft nauð-

synlegt til þess að elda matvæli. Ein leiðin er að finna skilvirkari eldunarleiðir sem krefjast minna eldsneytis. Önnur leið er að styðja fólk við að finna sjálfbæra framfærslumöguleika, því skógarhögg er ein leið til að afla tekna í samfélögum. Í samræði við samfélögin verða völdum einstaklingum sem stuðla að gróðureyðingu boðin tækifæri til sjá fyrir sér án ágangs á umhverfið, meðal annars með fjárstyrk og þjálfun sem hefur reynst vel í öðrum tilfellum. Einnig verður íbúum á svæðinu boðin þjálfun og annar stuðningur við framleiðslu á orkusparandi eldofnum til að minnka þörf á kolum og timbri.

Hafa skal í huga að við erum að tala um afskekkt samfélög þar sem hvorki er rennandi vatn, rafmagn né aðgengi að öðrum orkugjöfum í hýbýlum en að fella og nýta tré. Þetta verður stór og nauðsynlegur þáttur í verkefninu til að sporna

Atli Viðar Thorstensen segir að trjáræktarverkefnið í Síerra Leone muni hafa viðfeðm áhrif á afkomu fólks á svæðunum og sporna gegn loftslagsbreytingum.

neikvæðum áhrifum gróðurhúsa-lofttegunda.“

Eru fleiri svona verkefni á döfnni?

„Við hjá Rauða krossinum á Íslandi höfum mikinn hug á því að koma fleiri svona verkefnum af stað en til þess þurfum við aukinn stuðning. Þá er ég að tala um aukinn stuðning Mannvinnu Rauða krossins, stjórnvalda og atvinnulífsins. Þetta er risastórt verkefni sem við öll þurfum að takast á við í sameiningu með langtímamarkmið að leiðarljósi. Þá gæti Sjálfbærnisjóður Rauða krossins komið sterkur inn,“ segir Atli.

Meginmarkmið Sjálfbærnisjóðs Rauða krossins er styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þar má nefna aðgengi að hreinu vatni, að stuðla að heilbrigði og jafnrétti kynjanna, koma í veg fyrir hungur og fátækt og sporna gegn loftslagsbreytingum. Sjálfbærnisjóðurinn brúar bilið á milli þriðja geirans, stjórnvalda og fyrirtækja til að vinna saman að þessum markmiðum Sameinuðu þjóðanna, bæði í verkefnum okkar á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

„Fyrirtæki gegna lykilhlutverki þegar kemur að markmiðum Sameinuðu þjóðanna. Það finnst að vaxandi fjöldi fyrirtækja innleiðir í starfsemi sína lykilárangursmælikvarða, til að mæla og sannreyna áhrif á samfélags- og umhverfismál í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun. Með því að taka upp meðvitada stefnu í samfélagslegri ábyrgð skapa fyrirtæki verðmæti fyrir alla hagaðila og tryggja að rekstur samræmist sjálfbærni viðmiðum. Velgengni fyrirtækja mótast þannig ekki eingöngu af skammtímahagnaði heldur af langtímastefnu um samfélagsábyrgð og sjálfbærni,“ segir Atli að lokum. ■

Slys gera sjaldnast boð á undan sér

Starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar hafa um nokkurt skeið tekið rafrænt námskeið frá Rauða krossinum með mjög góðum árangri.

Öryggismiðstöðin og Rauði krossinn hafa um nokkurt skeið átt í samstarfi í tengslum við rafræna fræðslu starfsmanna Öryggismiðstöðvarinnar. Starfsmenn hafa tekið vel í fræðsluna að sögn Bjarka Péturssonar, sérfræðings hjá Öryggismiðstöðinni, sem segir hana nýttast vel í starfi. „Samstarfið hófst eftir að við fengum upplýsingar frá Rauða krossinum um aðgengilegt skyndihjálparnámskeið á vefnum. Við útbjuggum leiðbeiningar sem við settum upp í fræðsluferfinu okkar varðandi hvernig starfsfólk getur sótt skyndihjálparnámskeiðið rafrænt. Í kjölfarið geta stjórnendur fylgst með hvaða starfsmenn opna leiðbeiningarnar og klára námskeiðið.“

Færni sem skiptir máli

Hann segir það hafa verið heillaskref að veita starfsfólki fyrirtækisins aðgengi að rafrænu skyndihjálparnámskeiði svo það gæti öðlast nauðsynlega fræðslu og hæfni í skyndihjálpi. „Vaninn er að halda skyndihjálparnámskeið árlega í höfuðstöðvum okkar sem gagnvirk staðnámskeið til þess að starfsfólk geti fengið að athafna

sig í skyndihjálpi. Vegna Covid-19 var ekki mögulegt að halda staðnámskeið yfir langan tíma og því reyndist rafrænt skyndihjálparnámskeið eina færa leiðin til þess að bjóða starfsfólki okkar upp á nauðsynlega fræðslu í skyndihjálpi.“

Bjarki segir mjög mikilvægt að færni í skyndihjálpi sé til staðar inni á öllum vinnustöðum. „Í öryggisgeiranum er hún skylda og það er okkar faglega mat að vinnustaðir setji skyndihjálparnámskeið inn í almenna starfsmannafræðslu. Það er stutt á milli feigs og ófeigs og slys gera sjaldnast boð á undan sér. Því betur sem fólk er undirbúið, þeim mun meiri líkur eru á að málum ljúki farsællega.“

Bar strax árangur

Sem fyrr segir hafa starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar tekið fræðslunni vel og hefur hún gagnast þeim vel í starfi. „Sem dæmi var einn starfsmaður nýbúinn að horfa á rafrænt námskeið þegar neyðarboð barst inn á stjórnstöð. Starfsmaðurinn hélt ró sinni, bað viðkomandi að lýsa einkennum sínum og samkvæmt þeim var viðkomandi að upplifa einkenni hjartaáfalls. Starfsmaðurinn sýndi fram á rétt viðbrögð og veitti viðkomandi faglega aðstoð simleiðis á meðan viðbragðsaðilar voru á leið á vettvang. Viðkomandi



Bjarki Pétursson er sérfræðingur hjá Öryggismiðstöðinni,

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Því betur sem fólk er undirbúið, þeim mun meiri líkur eru á að málum ljúki farsællega.

Bjarki Pétursson

var komið undir læknishendur og atvikidi hlaut farsælan endi. Starfsmaðurinn er eftir á að hyggja ekki viss um að hann hefði vitað hvað viðkomandi hefði verið að ganga í gegnum ef hann hefði ekki verið nýbúinn að horfa á fræðsluefnið. Þetta atvik er góð áminning um mikilvægi þess að kunna rétt viðbrögð í fyrstu hjálpi og rifja hana upp reglulega.“

Frekari samvinna fyrirhuguð

Bjarki á von á frekari samstarfi við Rauða krossinn á næstu árum. „Við stefnum á að fá afhent fleiri rafræn námskeið frá Rauða krossinum.

Þessi námskeið hafa verið haldin sem staðnámskeið hjá Rauða krossinum í gegnum tíðina en eru nú komin yfir á rafrænt form. Þetta eru nokkur námskeið sem eru klæðskerasniðin að mörgum starfstengdum þáttum innan okkar ráða. Við teljum að námskeiðin komi til með að aðstoða starfsfólk okkar við að vera betur í stakk búið að bregðast við ýmsu sem getur komið upp á í þeirra störfum. Einnig er jákvætt fyrir starfsfólk að hafa aðgengi að hagnýtu fræðsluefni sem kennir því ákveðna verkferla og rétt viðbrögð í störfum sínum.“ ■



„Stundum er símtal
við okkur fyrsta
skrefið til hjálpar.“

— Sandra,
starfsmaður 1717,
hjálparsíma
Rauða krossins

Mannvinir eru allra mál

Starf Söndru er mögulegt vegna Mannvina.
Með mánaðarlegu framlagi styður þú við
mannúðar- og hjálparstarf innanlands
og utan þar sem þörfin er mest.

Vilt þú vera Mannvinur?
mannvinir.is

 Rauði krossinn

Ályktanir 38. landsþings Náttúrulækningafélags Íslands

Heilsueflandi samfélag

Landsþing hvetur stjórnvöld til að stuðla að heilsueflandi samfélagi með öllum tiltækum ráðum. Hæfileg hreyfing, nægur svefn, hvíld, hollt mataræði og jákvæð félagsleg gildi eru lykill að velferð allra landsmanna.

Einnig skorar Landsþing á skólayfirvöld að setja skýr mörk um notkun snjallsíma í grunnskólum.

Endurhæfing

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands hefur í áratugi vakið athygli á heilðrænni meðferð í endurhæfingu og það hefur sýnt sig að starfsemi hennar er mikilvægur hlekkur í heilbrigðisþjónustu landsins. Hún byggir á hreyfingu við hæfi, hvíld og heilsusamlegu mataræði í umvefjandi umhverfi. Lögð er áhersla á að einstaklingurinn beri ábyrgð á eigin heilsu. Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð eru hornsteinar Heilsustofnunar. Landsþing hvetur stjórnvöld til þess að huga betur að endurhæfingu og forvarnagildum á Íslandi.

Nikótínþúðar og orkudrykkir

Landsþing NLFÍ hvetur til átaks í fræðslu um skaðsemi munntóbaks, sérstaklega í formi tilbúinna nikótínþúða. Aukin notkun nikótínþúða meðal barna og unglunga er áhyggjuefni en fæst þeirra hafa neytt nikótíns í öðru formi. Neysla koffín- og orkudrykkja getur valdið svefnleysi og ýmsum kvillum hjá börnum og fullorðnum en efla þarf fræðslu um þessa tegund drykkja.

Umhverfis- og loftlagsmál

Landsþing NLFÍ skorar á íslensk stjórnvöld að grípa tafarlaust til afdráttarlausra og öflugra aðgerða til að snúa við þeirri ógnvænlegu þróun sem nú blasir við í loftslagsmálum og ógnar öllu

lífríki. Einnig verður að standa vörð um ósnortin víðerni í náttúru Íslands og fyrirbyggja að mikill ágangur ferðamanna skaði viðkvæma náttúru Íslands.

Varðandi endurvinnslu er nauðsynlegt að samræma reglur um flokkun og endurvinnslu á landsvísu.

Lífrænn landbúnaður á Íslandi

Landsþing NLFÍ krefst þess að stjórnvöld hefji þegar í stað vinnu við aðgerðaáætlun um eflingu lífrænnar framleiðslu. Ísland stendur öðrum Evrópulöndum langt að baki á því sviði. Nú stefna lönd Evrópusambandsins að því að innan tíu ára (árið 2030) verði 25% nytjaland vottað lífrænt og er þar unnið eftir fjölþættri áætlun um þróunarstarf á sviði lífræns landbúnaðar, vöruþróunar og neytendamála. Í grannlöndum okkar er markvisst unnið að stigvaxandi notkun lífrænna matvæla í stóreldhúsum mennta-, öldrunar- og heilbrigðisstofnana. Lífrænar ræktunar- og eldisaðferðir draga úr gróðurhúsaáhrifum með aukinni bindingu kolefnis í landbúnaði og rannsóknir staðfesta að þær skila hreinni matvælum með fjölþættari næringarsamsetningu.

Landsþing bendir á að tryggja þarf að ákvæðum reglugerðar um merkingar á matvælum sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra sé framfylgt. Tryggja þarf að upprunamerkingar matvæla séu réttar og greinilegar.



Náttúrulækningafélag Íslands

Laugavegi 7 - 101 Reykjavík - Sími: 552 8191 - www.nlfi.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu

Innblásturinn er svolítið sveitó

Flúðasveppir eru eina sveppabú landsins og rækta um 600 tonn af úrvals sveppum árlega landsmönnum til mikillar gleði.

sjofn@frettabladid.is

Ragnheiður Georgsdóttir er markaðsstjóri Flúðasveppa og Flúðajörfa og lætur sér ekki bara nægja að stýra markaðsmálunum þar heldur er hún rekstrar- og viðburðastjóri hjá hinum geysivinsæla veitingastað Farmers Bistro þar sem afurðir frá stöðinni eru nýttar í fjölbreytta sælkerarétti.

Ragnheiður kláraði stúdentspróf frá Menntaskólanum á Laugarvatni árið 2006 og flutti svo til Danmerkur og bjó þar í ellefu ár. Í Danmörku tók hún BA-gráðu í fyrirtækjaskiptum og ensku og tveggja ára viðbótarnám í viðburðastjórnun og þjónustuhagfræði. „Ég vann alltaf með skólanum sem aðstoðarveitingastjóri á listasafni í Aarhus þannig að ég hef alltaf verið með puttana í veitingabransanum. Núna vinn ég sem markaðsstjóri Flúðasveppa og Flúðajörfa ásamt að vera rekstrar- og viðburðastjóri Farmers Bistro. Ég á þriggja ára yndislega dóttur sem heitir Kirsten og búum við tvær saman hérna á Flúðum og elskum það,“ segir Ragnheiður.

Æðislegt að alast upp í þessu umhverfi

Hvernig var að alast upp á Flúðum í svepparæktinni?



Lambabagginn nýtur mikla vinsælda.

MYNDIR/ABSENDAR



Portobello-sveppaborgarinn er flottur á diskunum.



Ragnheiður Georgsdóttir lætur sér ekki nægja að stýra markaðsmálum hjá Flúðasveppum heldur er hún líka rekstrar- og viðburðastjóri hjá Farmers Bistro.

„Ég ólst ekki þannig upp í svepparæktinni, ég ólst upp í gróðurhúsunum á Flúðajörfa, sem er ein stærsta garðyrkjustöð Íslands. Flúðasveppir voru auðvitað þarna þegar ég var að alast upp. Ég hef unnið frá því ég man eftir mér. Þannig að öll þessi vitneskja um ræktunina kom strax á unga aldri.“

Pabbi keypti Flúðasveppi 2006 og þá byrjaði ég að fræðast aðeins meira um þá ræktun.“

Leið þér nokkurn tímann eins og þú byggir í Strumpalandi?

„Ég veit ekki alveg með það, en ég hef verið að leika mér svolítið með strumpa þegar ég hef verið að taka á móti yngri hópum, sem hefur vakið mikla ánægju en við erum samt hálfgerðir strumpar hérna,“ segir Ragnheiður og skellir upp úr.

Gott starfsfólk lykilatriði í blómlegum rekstri

Hver er galdurinn á bak við að hafa verið með þennan blómlega rekstur öll þess ár?

„Svepparæktun er mikil nákvæmisræktun, þannig að það skiptir miklu máli að vera með gott starfsfólk, sem við erum svo ótrúlega heppin að hafa. Svo er auðvitað hræfnið sem skiptir líka gríðarlegu máli. Við erum með um 300 hektara af landi, þar sem við erum að rækta strandreyr og bygg sem er undirstaðan í svepparækt. Okkur hefur tekist vel í þeirri ræktun og það skiptir mjög miklu máli að við vitum hvernig hræfnið er.“

Ræktið þið meira en sveppi?

„Já, eins og ég hef nefnt, þá eigum við líka Flúðajörfa. Þar erum við að rækta pink tómata og paprikur í gróðurhúsum og spergilkál, rauðkál og gulrætur úti. Við erum að nota öll þessi hræfni sem við ræktum á veitingastaðnum Farmers Bistro.“

Farmers Bistro draumur pabba
Segðu okkur aðeins frá hvernig það kom til að þið opnuðuð Farmers Bistro?

„Að opna veitingastað var alltaf draumur hjá pabba, og hugmyndin kom svo árið 2015. Ég var

í Danmörku á þeim tíma. Pabbi sagði mér frá þessu og spurði hvort ég væri ekki til í að vera með honum í þessu verkefni. Þetta var auðvitað tilvalið fyrir mig og mína menntun þannig að þetta var svo sem ekki erfið ákvörðun. Ég flutti heim 2017 og við opnuðum veitingastaðinn það sumar,“ segir Ragnheiður.

„Innblásturinn er svolítið sveitó en samt stílhreinn. Þannig að staðurinn er mjög rústik-hannaður með hlýleika. Við erum sem sagt að framreiða mat fyrst og fremst úr því sem við erum að rækta og svo úr nærumhverfinu. Það er þetta slow-food konsept.“

Sælkerahlaðborðið vinsælast

Aðspurð segir Ragnheiður að þau eigi öll heildurinn af uppskriftunum. „Við vinnum öll saman að því að koma með hugmyndir og útfærslur, við erum svo heppin að vera með frábært starfsfólk sem fer með okkur í þankahrið fyrir matargerðina.“

Sælkerahlaðborðið okkar er langvinsælast, þar er sveppasúpan okkar í aðalhlutverki, nýbókuð brauð og alls konar gúmmelaði úr okkar hræfnum.“

Ertu til í að svipta hulunni af einum rétti sem bodið var upp á í þættinum Matur og heimili á dögunum?

„Smjörsteiktu sveppirnir á hlaðborðinu hafa notið gríðarlegra vinsælda þannig að ég vil endilega deila þeirri uppskrift með þjóðinni.“

Smjörsteiktir sveppir að Farmers Bistro stíl

250 g af sveppum (helst litlum)

50 g af smjóri

1 msk. olía

2 tsk. salt

1 msk. timian

Setjið smjör og oliu á pönnu og bræðið. Bætið sveppunum við.

Látið malla í 10 mínútur áður en kryddinu er bætt við. Steikið í 5 til 7 mínútur eða þangað til þeir ná gylltum lit. Berið fram með því sem hugurinn gírnist og njótið. ■



LAGARLÍF
eldi og ræktun

LAGARLÍF 2021

Ráðstefna um eldi og ræktun

Grand Hótel Reykjavík, 28. - 29. október

Fimmtudagurinn 28. október

- 10:00 Gullteigur - Þróun byggða í tengslum við strandbúnað
- 13:00 Gullteigur - Menntun Starfsfólks í fiskeldi
- 13:00 Setur - Helstu hindranir á vegi þörungaræktunar
- 15:00 Gullteigur Staðleysur og áhrif þeirra á umræður um laxeldi
- 15:00 Setur - Skeldýrarækt
- 16:30 Móttaka við barinn

Föstudagurinn 29. október

- Gullteigur - Öryggismál starfsfólks í fiskeldi 9:00
- Hvammur - Landeldi á Íslandi 9:00
- Gullteigur - Framboð af vöru og þjónustu (sjóeldi) 11:00
- Hvammur - Framboð af vöru og þjónustu (landeldi) 11:00
- Gullteigur - Leyfisveitingar til sjókvíaldis 13:20
- Hvammur - Reynslusögur úr fiskeldi 13:20
- Ráðstefnuslit 15:00



SAMHERJI



LAXAR
FISKELDI



Skráning fer fram á www.lagarlif.is

Bílar & Farartæki



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Mercedes benz ML 500 2005. Ekinn 236. Verð 1.390.000. Uppl. 820-5181



BMW 5 520D, 2017 Xdrive, Ekinn 50.000. Svart leður. Einn með öllu! Einstaklega flott eintak! Ásett verð 5.990.000. Verð TILBOÐ Uppl í síma 7902342 og íslandsbílar höfða 5375566



Mercedes Benz C 250D AMG pakki, 2016 4matic, ekinn 37.000. Svart leður, panorama þak, glæsilegt eintak, einn með öllu! Ásett verð 6.590.000 TILBOÐ ÓSKAST Uppl. í síma 7902342 og íslandsbílar höfða 5375566

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Oskast keypt

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Timavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrur, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105. Þar getum við boðið nemendum að halda fjarlægðarmörk vegna Covid19 og aldrei fleiri en 10 í hverjum hóp. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu er Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:00 - 18:30
Mánudaga og miðvikudaga: 18:45 - 20:15
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska II:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:
Þriðjudaga og fimmtudaga 09:00 - 10:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska V:
Þriðjudaga og fimmtudaga 11:00 - 12:30

Námskeiðin hefjast 1. nóv. og 2. nóv., lýkur fimmtudaginn 25. nóv. Verð á mann er 35.000 krónur.

Upplýsingar í síma 790 5033 eða spenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: [Spænskuskólinn Háblame](https://www.facebook.com/Spenskuskólinn_Hablame)
Instagram: [spenskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spenskuskolinn_hablame)

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Hljóðfæri



Harmonikur í úrvali. Vantar notaðar harmonikkur í umboðssölu. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Þjónustuauglýsingar

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Hænsnahús á lager

- 6 fm innistýja.
- 4 fm útistýja.
- Aðrar stærðir fáanlegar.
- Öflug hús með rafmagni og einangrun.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

gott cbd

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Heilsa

Heilsuvörur



Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 2-5 students per course!
Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese.
Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Vietnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heilbrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personell. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start/Byrja: 18/10, 1/11, 18/11, 29/11. 4 weeks x 5 workdays or Sat/Sun x 10 weeks. AM & PM. Price: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

NÝLEG EKKJA, 68 ÁRA !

Nýleg ekkja, 68 ára ísl./158 cm/ frá SuðEU, IS ríkisborgari, vantar traustan vandamálalausan, heilbrigðan, ekta IS-kk 65-75 ára, tilbúinn að lifa áfram góða og skemmtilega stundir saman. Skilyrði: menntaður, jákvæður og hjartagóður, úr RVK.

heimur2001@hotmail.com
og í s. 845 4219

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á HringbrautGamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Sölumaður í
mannvirkjajafnaði

Leitað er að kröftugum og árangursdrifnum einstaklingi með reynslu af sölumennsku og þjónustu við mannvirkjajafnaðinn.

Við leitum að öflugum og árangursdrifnum starfskrafti með reynslu af sölumennsku og þjónustu við mannvirkjajafnaðinn. Frumkvæði í starfi og drifkraftur í sölustörfum eru eiginleikar sem við metum mikils.

Starfssvið og starfskröfur:

- Reynsla af sölustörfum
- Gott tengslanet í mannvirkjajafnaði
- Reynsla af tilboðs-/áætlanagerð vegur þungt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2021.

Umsóknir sendist til sigridur@vvit.is merktar „Sölustarf“. Ferilskrá og kynningarbréf skal fylgja með. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar á www.vpallar.is

VINNU
PALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Vinnupallar ehf sérhæfa sig í leigu og sölu á vörum og búnaði sem sinnir vinnustaðaðryggi í mannvirkjajafnaðinum. Vinnupallar ehf eru með þétt og hnitmiðað vöruúrval og líta svo á að hlutverk fyrirtækisins sé að bjóða hágæða alhlíða öryggisbúnað fyrir mannvirkjajafnaðinn á hagstæðu verði og stuðli þannig að bætt vinnuvernd á Íslandi.



Álpallar eru bestu kaup



VINNUPALLAR EHF

Smíðsbúð 10, 210 Garðabæ - s. 787 9933
vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is



- Er komið að húsnæðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún, lögmaður
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðipjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+

EIGNAMIDLUN

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI



Einbýlishús í Vesturborginni óskast

Viðskiptavinur okkar leitar að 250-350 fm einbýlishúsi í Vesturborginni. Staðgreiðsla í boði.



Sverrir Kristinnson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidun.is
861 8514

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidun.is

EIGNAMIDLUN



Einbýlishús í Grafarvogi óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 200-250 fm einbýlishúsi í Grafarvogi. Húsið þyrfti að vera á einni hæð.



Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidun.is
861 8511

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidun.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Parftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

GÓMSÆT HELGARTILBOÐ

GILDA 21.–24. OKTÓBER

HAMBORGARHRYGGUR

ÚRBEINADUR

KJÖTSEL



1.259 KR/KG

VERÐ-
SPRENGJA!

KJÖTBORÐ



25%
AFSLÁTTUR

Lambainnralæri

2.249 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG



30%
AFSLÁTTUR

Kofta-spjót
Stjörnugrís - fullelduð

1.259 KR/PK
ÁÐUR: 1.799 KR/PK



40%
AFSLÁTTUR

Kalkúnalæri
Ísfugl - á beini

1.679 KR/KG
ÁÐUR: 2.799 KR/KG

Heilsuvara
vikunnar!
★★★

25%
AFSLÁTTUR



Hair & nails vítamín
VitaYummy, ferskju -350 g

2.249 KR/STK
ÁÐUR: 2.999 KR/STK



HREKKJAVÖKU-
GRASKERIN
ERU KOMIN!



Hindber
125 g

30%
AFSLÁTTUR

419 KR/PK
ÁÐUR: 599 KR/PK



30%
AFSLÁTTUR

Brómber
125 g

475 KR/PK
ÁÐUR: 679 KR/PK



25%
AFSLÁTTUR

Klementínur

374 KR/KG
ÁÐUR: 499 KR/KG



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ
SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-
appið í öllum Nettó verslunum.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

Birna Varðardóttir vinnur nú að rannsókn um næringarástand íslensks íþróttafólks. Sjálf þekkir hún af eigin raun sem íþróttakona hver áhrif ófullnægjandi næringar á árangur geta verið en á unglingsárunum glímdi hún við átröskun.

Ahuginn á hlaupum kviknaði þegar ég prófaði um 12 ára gömul að taka þátt í fimm kílómetra víðavangshlaupi,“ segir Birna, sem í dag er doktorsnemi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands. „Fram að því hafði ég prófað ýmsar íþróttir en aldrei fundið mig almennilega. Ég hafði líka lent í frekar alvarlegu einelti og sjálfsmýndin var svolítið eftir því. Fljótlega eftir þetta fór ég að æfa frjalsar með áherslu á hlaupin og varð fljótt mjög metnaðarfull. Á brautinni fann ég ákveðna viðurkenningu og þótti ansi efnileg. Það er kannski til marks um mína fullkomnunarárættu að ég fór að leita leiða til að ná enn þá lengra og þar kom mataræðið og þyngdartap inn. Þetta er hættulegt því fyrst virkar þetta og maður nær að bæta sig og jafnvel ansi mikið og hratt en svo lendir maður bara á vegg.“

Var búin að missa tókin

Birna var nýbyrjuð í Versló þegar fór að halla undan fæti. „Ég hafði gengið það mikið á mig og mína orku að skyndilega átti ég erfitt með að komast upp tröppurnar í skólanum.“

Birna segir það hafa tekið hana svolitinn tíma að viðurkenna fyrir sjálfri sér og fólkinu sínu að í óefni væri komið. „Það var erfitt að átta sig á að maður væri búinn að missa tókin. Orkuleysið birtist á margan máta í daglegu lífi og á æfingum hætti ég til dæmis að ráða við hraðabreytingar úr hægu skokki í sprett og öll afkastageta hrundi. Það var mjög sérstakt að upplifa þetta. Það er ekki alltaf samasem-merki á milli átraskana og undirþyngdar en þarna var ég komin í verulega undirþyngd. Fjölskyldan hafði miklar áhyggjur, ég var kölluð á fundi í skólanum, tók eftir að stöðvarstjórar í ræktinni voru farnir að fylgjast með mér og ég man eftir sundferð þar sem laugarvörðurinn fylgdist sérstaklega með því að ég hefði það yfir laugina. Orkuleysið var bara orðið algjört. En maður var samt alltaf að vona að þetta myndi reddast einhvern veginn.“

Útbjó sitt eigið teymi

Birna var greind með átröskun á Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL) og sótti nokkur víðtöl þar. „Ég fann þó fljótt að það var ekki leiðin sem ég var reidubúin að fara sem íþróttakona og ákvað í samvinnu við foreldra mína að hætta í þeirri meðferð. Ég bjó mér hálfpartinn til mitt eigið teymi. Ég var með einstakan styrktarþjálfara í gegnum þetta allt og á frábæra fjölskyldu auk þess sem ég fór til hjartalækis, næringarfræðings og annarra sérfræðinga. Ég var búin að átta mig á því að það væri bara ein leið fær, að horfast í augu við þetta, ef ég ætlaði að geta stundað mína íþrótt og verða ég aftur. Ég var komin í vitahring.“

Birna tók sér árs frí frá keppni, fékk grænt ljós á að stunda léttar styrktaræfingar en vann adallega í að byggja sjálfa sig upp. „Eftir ár hafði ég varla snert hlaupaskóna og prófaði að taka 10 kílómetra hlaup og bætti mig mikið. Ég var nokkuð þyngri en ári áður en það var mikið kikk að finna að orkan var komin aftur og skilaði sér í bættum árangri. Þyngdaraukningin og styrkurinn gerði mikið fyrir mig. Það var gott að færa áhersluna frá þessum útlits- og þyngdarmiðaða fókusi og yfir á næringu og orku, afkastagetu og bara alla líðan.“

Birna fór að stunda Boot camp af fullum krafti og segir þjálfara sinn þar hafa stutt sig vel. „Það var mikil-



Birna fékk áhuga á hlaupum aðeins 12 ára gömul og fór fljótt að leita leiða til að bæta árangurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Íþróttafólk upplifir pressu vegna útlits og þyngdar



Björk Eidsdóttir bjork@frettabladid.is

vægt að vinna með einhverjum sem sýndi mér góðan skilning.“

Meðvituð um mörk sín

Birna segist hafa verið komin í þokkalegt jafnvægi síðasta ár sitt í menntaskóla og nú, sjö árum síðar, þurfi hún að vera nokkuð meðvituð um sig. „Ég náði fullum bata en það þýðir ekki að það verði aldrei neitt erfitt aftur eða ákveðin hlutir geti ekki triggjarað.“

Birna segist hafa verið inn og út úr keppnum síðustu árin en samhliða hlaupunum hafi hún líka fundið sig í kraftlyftingum og farið að blanda þessu saman. „Ég finn að að vissu leyti þoli ég ekki sama hlaupaálag og áður og þarf að vera meðvituð um það hvar mörkin mín liggja. Líkaminn er þínu á varðbergi þar.“

Birna lærði næringarfræði við Háskóla Íslands og bætti í framhaldi við sig meistaraáráttu í íþróttanæringarfræði í Hollandi. „Nú á doktorsnámið og RED-í rannsóknarverkefnið hug minn allan.“

RED-í rannsóknin fer fram í tveimur hlutum, fyrri hlutinn er rafrænn spurningalisti sem lagður er fyrir þátttakendur sem uppfylla skil-

yrdi um að hafa náð 15 ára aldri og vera afreks- eða framhaldsíkendur í sinni grein. Svo munu um 100 þátttakendur fá boð um þátttöku í frekari mælingum eftir áramót.

„Það er enn hægt að skrá sig til leiks og viljum við fá sem flest íþróttafólk til að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Birna og hvetur íþróttafólk sem vill taka þátt til að kanna málið á heimasíðunni redi.hi.is og tengdum samfélagsmiðlum.

Rannsakar næringu íþróttafólks

„Þessi hlutfallslegi orkuskortur (Relative Energy Deficiency in Sport, RED-S) sem við erum að skoða sérstaklega í RED-í getur átt sér ýmsar orsakir. Allt frá því að fólk er að æfa mjög mikið og gerir sér ekki grein fyrir að það þurfi að borða þetta mikið, eða gleymir einfaldlega að borða, og til klínískra átraskana.“

Við sjáum vissulega að líkamsmyndarvandi er til að mynda talsvert algengt vandamál hjá íþróttafólki í ýmsum greinum, meðal annars hérlendis. Sé litid til alþjóðlegra rannsókna þá virðist algengi neikvæðrar líkamsmyndar, átraskana og/eða RED-S nokkuð breytilegt



Við sjáum vissulega að líkamsmyndarvandi er til að mynda talsvert algengt vandamál hjá íþróttafólki í ýmsum greinum.

RED-í

Rannsóknin sem ber heitið RED-í er hluti af doktorsverkefni Birnu í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands en leiðbeinendur og samstarfskonur hennar í verkefninu eru þær dr. Sigríður Lára Guðmundsdóttir og dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir. Markmið rannsóknarinnar er að meta næringarástand íslensks íþróttafólks; með áherslu á það sem kallast tiltæk orka, algengi og áhættuþættir hlutfallslegs orkuskortis í íþróttum (RED-S).

Á heimasíðunni red.hi.is má finna allar upplýsingar um verkefnið og leiðbeiningar varðandi þátttöku.

milli íþróttageina en getur sannarlega komið upp hjá öllu íþróttafólki.“

„Í grunninn á allt íþróttafólk það sameiginlegt að vera metnaðarfullt og leita ólíkra leiða til að ná árangri. Oft kemur mataræðið þar fljótt upp sem mögulegur árangursaukandi þáttur. Sumt íþróttafólk upplifir innri og/eða ytri pressu til að ná fram breytingum á þyngd og líkamssetningu. Oft er svo talað um til dæmis úthaldsþróttir eins og hjól og hlaup, fagurfræðilegar greinar eins og fimleikar og ballett, og þessar eiginlegu þyngdarflokkaíþróttir sem áhættugreinar hvað þetta allt snertir.“

Tabú í umræðunni

Birna segir þetta hafa verið ákveðið tabú í umræðunni en sjálf hafi hún talað og skrifað opinskátt um sína baráttu frá upphafi. „Það er mikilvægt að umræðan sé opin og fólk upplifi sig ekki eitt. Á sínum tíma fannst mér umræðan hér heima mjög litil og lokuð en erlendis hefur margt íþróttafólk stigið fram og ég sótti svolítið í að lesa um það. En umræðan um andlegar áskoranir og fleira þessu tengt hefur aukist til muna síðustu árin og fólk bæði orðið opnara fyrir að segja frá og hlusta.“


Birna leggur áherslu á að íþróttir auki ekki líkurnar á átröskunum en það séu ákveðin þættir í umhverfi þeirra sem þurfi að kunna að vinna rétt með og ætlunin sé að nota niðurstöður rannsóknarinnar til þessa. „Við sjáum fyrir okkur að byggja á niðurstöðunum við þróun íslenskra ráðlegginga, matstækja og forvarna fyrir íþróttahreyfinguna. Þannig gætum við gripid fólk fyrir og betur en ella. Við vitum líka að í dag getur verið yfir árs bið að komast að hjá átröskunarteymum Landspítalans, sem er mikið áhyggjuefni. Sjálf upplifði ég vanmátt og þekkingarleysi víða en var heppin að finna þá aðstoð sem ég þurfti. Við þurfum að hafa einhvern meiri strúktur í kringum þessa hluti og við viljum byggja það upp. Eins þarf aukna vitundarvakningu hjá þjálfurum og í raun öllum fagaðilum sem vinna með íþróttafólki á einn eða annan hátt. Það skiptir máli að þeir þekki merkin og viti hvernig eigi að nálgast og styðja einstaklinginn í þessu, sem getur vissulega verið mjög vandasamt en engu að síður gríðarlega mikilvægt,“ segir Birna að lokum. ■



Ég var búin að átta mig á því að það væri bara ein leið fær, að horfast í augu við þetta, ef ég ætlaði að geta stundað mína íþrótt og verða ég aftur.

o n

Run on clouds.

 Swiss Engineering



Sölustaðir um land allt. Drefingaraðili: RJR ehf.

Merkisatburðir

- 1707** Breska þingið kemur saman í fyrsta skipti.
- 1728** Eldur í Kaupmannahöfn kulnar. Um þriðjungur borgarinnar brann svo og stór hluti bókasafns Árna Magnússonar.
- 1915** Í New York koma um 30 þúsund konur saman til að krefjast þess að fá kosningarétt.
- 1917** Lenin kallar eftir októberbyltingunni.
- 1938** Samband íslenskra berklasjúklinga (SÍBS) stofnað. Það rekur meðal annars Reykjalund og Múlalund.
- 1973** Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna, felst á að afhenda Watergate-upptökurnar.
- 1989** Lýðveldið Ungverjaland stofnað eftir að kommúnismi leið undir lok þar í landi. Matyás Szurós verður forseti.



Elsku besta móðir mín, dóttir og systir,
Heida Jóhannsdóttir
kvikmynda- og
bókmenntafræðingur,
Bergstaðastræti 43, Reykjavík,
sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans
18. október, verður jarðsungen frá
Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn
1. nóvember klukkan 13.

Magnús Kolbjörn Björnsson
Hanna Gunnarsdóttir **Sigurður Steinþórsson**
Anna Jóhannsdóttir, Ástráður Eysteinnsson og börn,
Magnús Jóhannsson og börn.



Okkar ástkæri eiginmaður,
faðir, afi, tengdafaðir og bróðir,
Jón Brynjólfsson
lést 11. október.
Útförin hefur farið fram að ósk hins
látna.

Sjöfn Ólafsdóttir
börn, barnabörn, tengdabörn og systir.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson www.utforin.is Jóhanna Eirisdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Skúli skorar á hagyrðinga landsins að endurvekja rimnahefðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/SITRYGGUR ARI

Rímur eru kröfuhörð list

Rímnaskáldið Skúli Pálsson gaf nýlega frá sér bókina Rímur af stígvélakisu þar sem ævintýrið sígilda er sett fram í bundnu máli.

arnartomas@frettabladid.is

„Þessi bók á sér langan aðdraganda og það má rekja hana til ársins 1978 þegar Disney-rímur eftir Þórarin Eldjárn komu út,“ segir Skúli Pálsson um bók sína Rímur af stígvélakisu. „Það að hann skyldi gefa út bók í þessu formi var spennandi því honum tókst að gera eitthvað fyndið og nútímalegt í þessu gamla formi.“

Á síðari árum hefur Skúli verið viðloðandi ýmsa hópa hagyrðinga og fer hann fyrir hópnum Boðnarmiði á Facebook þar sem hann hefur gert tækifærisvísur sem er bara gert að lifa einn dag.

„Mig langaði að fara með list lausavísunnar aðeins lengra því að í gamla daga voru rímur vinsælasta skemmtun Íslendinga en hafa í dag fallið aðeins í gleysku,“ segir Skúli. „Mér fannst leiðinlegt að þessi menningarfrjársjóður skyldi vera að mestu horfinn úr menningu og minningu Íslands. Þetta er háþrúð og kröfuhörð list.“

Heillandi svikahrappar

Rímurnar í gamla daga sögðu oft sögur sem sóttu efnivið sinn í erlend ævin-

Úr mansöng fjórðu rímu

Inni í dal og út við haf
áður ríma skemmtun gaf,
eddulist og orðagnótt
yndi veitti landa drótt.
Nú er ríma hædd og hrjád,
af heimsins tiskuliði smáð,
kölluð gömul, leið og ljót
og löngu úrelt sorpuðót.
Ljóðagyðja, gef þú að
græði rímur heiðursstað:
fremstu hillu í bókabúð,
best þeim unni fljóðin þrúð.

týri og ákvað Skúli að fylgja þeirri hefð. Hann segir að Stígvélaði kötturinn hafi heillað sig því hann er algjör svikahrapur.

„Ég hef gaman af bíómyndum um bankaræningja og svikahrappa,“ útskýrir Skúli. Það er gaman að fylgjast með söguhetjum sem plata alla aðra og labba burt með peningana. Stígvélaði kötturinn er persóna sem kemst upp með allt.“

Í útgáfu Skúla af sögunni túlkar hann söguna á sinn eigin hátt og er kötturinn gerður að kvenpersónu. „Eins og sagan er venjulega sögð af Stígvélaða kettinum þá er alltaf svo ótrúlegt að allir hafi trúað



Mig langaði að fara með list lausavísunnar aðeins lengra því að í gamla daga voru rímur vinsælasta skemmtun Íslendinga en hafa í dag fallið aðeins í gleysku.

honum,“ segir Skúli. „Mín útgáfa er smá túlkun til að útskýra af hverju allir hafi fallið fyrir þessum augljósu lygum.“

Skúli segir að þótt hann sé ekki að leitast eftir bókmenntaverðlaunum taki hann rímurnar samt alvarlega. „Ég er auðvitað aðeins að fíflast en yrki eftir hefðinni með öllum tilheyrandi bragarhættum, skáldamáli og efnistöku.“

Rímur af stígvélakisu hafa fengið góðar viðtökur lesenda og segir Skúli að ef fólk sé skemmt þá sé takmarkinu náð. „Ég er ekki með bein áform um að yrkja fleiri rímur, en ég skora á hagyrðinga að yrkja meira. Þetta listform hefur mikla möguleika.“ ■



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
Guðbjargar Þorleifsdóttir
Hrismóum 1, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við öllu starfsfólki hjúkrunarheimilis Hrafnistu, Hraunvangi, Hafnarfirði.

Sigurborg Sigurðardóttir **Ljótur Ingason**
Svanhvít Sigurðardóttir **Ragnar Jörundsson**
María Sigurðardóttir **Páll Sigurðsson**
Halldór Ó. Sigurðsson **Margrét H. Hjaltested**
Þóra Sigurðardóttir **Sigurður G. Jóhannsson**
Ingvar E. Sigurðsson **Edda Arnljótsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn



Okkar ástkæri
Þórður Sveinsson
bifreiðastjóri,
Körsölum 1,

andaðist á Hrafnistu Boðapingi
laugardaginn 16. október.
Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju
föstudaginn 29. október kl. 10.

Hafðis Baldvinsdóttir

Sigurður Pálmar Þórðarson **Erna Sigurðardóttir**
Jóhanna Guðrún Þórðardóttir **Bjarni Viggósson**
Ása Kristveig Þórðardóttir **Jens Magnússon**
Svanhvít Þórðardóttir Eikland
Erla Rúna Þórðardóttir **Haukur Hrafnsson**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

REXTON

ÞÚ GRÍPUR ÞAÐ ÞÝÐINGARMESTA MEÐ **M-CORE**

Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.





Ljósmyndari náði mynd af Kristjáni í brandarageymslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fimmaurarnir draga enn að

Fimmaurabrandarafjélagið gaf nýlega út sína þriðju bók og nýta aulahúmorinn aftur til að styðja við gott málefni.

arnartomas@frettabladid.is

„Það er von að þú spyrjir,“ segir Kristján B. Heiðarsson, formaður Fimmaurabrandarafjelagsins, aðspurður hvort fimmaurabrandarar séu gengisháðir. „Þetta er alltaf skemmtilegt, en spurningin er stundum hvort þetta séu tveir aurar eða sjö.“

Þriðja bók félagsins var nýlega gefin út og er stúf full af vel völdum fimmaurabróndurum frá meðlimum þess. En hvað er fimmaurabrandari og hvar liggja mörkin?

„Þessi spurning er eiginlega meira heimspekilegs eðlis,“ segir Kristján. „Ég hef oft skilgreint fimmaurabrandara þannig að hann sé svo slæmur að það sé eiginlega myndnara að sjá ofnæmisvið-

”

Ég hef oft skilgreint fimmaurabrandara þannig að hann sé svo slæmur að það sé eiginlega myndnara að sjá ofnæmisviðbrögð fólks sem heyrir hann en brandarinn sjálfur.

brögð fólks sem heyrir hann en brandarinn sjálfur. En fólk hefur skiptar skoðanir á þessu.“

Félagið var stofnað á Facebook árið 2013 og telur nú tæplega 26 þúsund með-

limi og segir Kristján að þeim fjölgi enn. „Það bætast við tugir í hverjum mánuði,“ segir hann og bætir við að meðlimirnir séu á öllum aldri. „Þetta er allt frá gömlu ömmunum sem eru að prófa Facebook yfir í krakkana sem eru nýbúnir að fá að stofna aðgang.“

Húmorinn gerir gott

Samhliða útgáfu fyrstu bókarinnar styrkti Fimmaurabrandarafjélagið Krabbameinsfélag Íslands um 100 þúsund krónur og verður haldið í hefðina að styðja við gott málefni.

„Covid vandaði aðeins að styrk yrði úthlutað fyrir aðra bókina, en við stefnum á að gera það samhliða styrkveitingu fyrir nýju bókina,“ segir Kristján. „Við höfum annars tekið þann pól í hæðina að allt sé þegar brennt er svo það er allavega ekki á döfinni að gefa út fjórðu bókina í þessari ritroð. En það er auðvitað nóg eftir afbröndurum!“ ■



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,
Ólafur Ólafsson
(Óli ljós)

lést á heimili sínu Svöluhrauni 19 þann 1. október sl. Útför hefur farið fram. Þökkum samhug og hlýjar kveðjur. Hjartans þakkir til yndislegs starfsfólks á Svöluhrauni 19.

Vigdís Ólafsdóttir **Agnar Ernuson**
Jóna Guðrún Sigurðardóttir
Þorlákur Magnús Sigurðsson
og frændsystkini.



Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir og afi okkar,
Stefán B. Ólafsson
(Stebbi í Crawford)
frankvæmdastjóri,

varð bráðkvaddur 13. október. Útförin fer fram frá Víðalinskirkju 5. nóvember klukkan 15.

Athöfninni verður streymt á mbl.is/andlat

Ingunn Magnúsdóttir
Valgerður Stefánsdóttir **Kristján Þór Hlöðversson**
Aglá Marta Stefánsdóttir
Daniel Traustason
Róbert Traustason **Anna Einarsdóttir**
og afabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Björgvin Þorsteinsson
hæstaréttarlögmaður,
Lindargötu 27, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þann 14. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þann 27. október kl. 15.00. Útförinni verður streymt: www.sonik.is/bjorgvin Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð blóð- og krabbameinslækningadeilda LSH.

Jóna Dóra Kristinsdóttir
Steina Rósa Björgvinsdóttir
Kristinn Geir Guðmundsson **Sylvía Rún Ellertsdóttir**
Afabörn: Sindri Þór, Kolbrá Sól, Styrmir Jökull,
Katla Nótt, Ellert Úlfur, Emil Huginn, Urður Eldey,
Aglá Eilíf og langafabörn.



Elsku systir okkar og mágkona,
Ólöf Erna Óskarsdóttir

lést á heimili sínu 23. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 26. október kl. 15.

Dóra Björg Óskarsdóttir
Hallgrímur Helgi Óskarsson **Pálína H. Magnúsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Júlíana Kristín Jónsdóttir
(Stella)

frá Flateyri,

lést 20. október á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði. Útför hennar fer fram í Flateyrarkirkju, laugardaginn 30. október kl. 11.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Bróðir okkar, mágur og frændi,
Guðmundur Guðjón Eggertsson

Hjúkrunarheimilinu Fellsenda, Dölum, áður til heimilis að Suðurgötu 78, Akranesi,
lést þriðjudaginn 5. október á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda. Útförin hefur farið fram með nánustu fjölskyldu.

Systkini og fjölskyldur hins látna.



Bróðir okkar,
Skapti Þorgrímsson

Esjurgund 5, Kjalarnesi,

lést 16. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli, þriðjudaginn 26. október kl. 11.

Einar Þorgrímsson
Sigríður Anna Þorgrímsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir, amma og langamma,
Hrafnhildur Einarsdóttir

lést sunnudaginn 17. október á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 28. október klukkan 11.00. Þeim er vilja minnst hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Guðmundur Konráð Rafnsson
Karlotta Ósk Óskarsdóttir
Hilmar Örn Óskarsson **Helga Þóra Ármann**
Auður Gréta Óskarsdóttir **Pétur Snorrason**
Guðjón Ó. Guðmundsson **Tavonna N. Strømsengbakken**
Einar H. Guðmundsson **Ólöf Lára Jónsdóttir**
systkini, barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
Friðrik Friðriksson

lést í faðmi fjölskyldu sinnar laugardaginn 16. október á Hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram miðvikudaginn 27. október kl. 13.00 í Filadelfiukirkju.

Ársæll Friðriksson **Björk Georgsdóttir**
Simon Friðriksson **Guðrún Hjálmsdóttir**
Hildur S. Friðriksdóttir
Kristin H. Friðriksdóttir **Sigurður Þ. Sigurðsson**
Ragnheiður E. Friðriksdóttir **Arnar H. Ottesen Arnarson**
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sigurður Ólafsson,

frá Háabæ, Þykkvabæ, Skyggisbraut 26-28, Reykjavík,
lést á hjartadeild Landspítalans þann 14. október. Útför hans fer fram í kyrriþey að ósk hins látna.

Herdís Hallgrímsdóttir
Hildur Sigurðardóttir **Robert W. Black**
Ólafur Sigurðsson **Sonja Schaffelhoferova**
Guðrún Á. Sigurðardóttir **Vilhjálmur Ó. Sverrisson**
Már Áspórrsson **Sune Petersen**
Grimur Steinn, Anna Karen, Jakob Elías, Ásta og Veronika



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Guðrún Gardarsdóttir
(Dúna)

Kirkjubraut 50, Akranesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 16. október. Útför hennar fer fram frá Akranesirkirkju mánudaginn 25. október kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju www.akranesirkirkja.is

Karl Örn Karlsson
Rakel Karlsdóttir **Bjarni Árnason**
Styrmir Karlsson **Hulda Sigmarsdóttir**
Sara Björk, Benjamin Karl, Tristan Bjarki,
Sigmar Örn og Baldur Hrafn

KRÓNAN

Fögnum vetri ... Með íslenskri kjötsúpu!

Pssst ...
Skoðu
uppskriftir á
**kronan.is/
uppskriftir**



Kjötkompaní íslensk kjötsúpa 1L

2499 kr. stk.



Krónu íslensk kjötsúpa 1L

1699 kr. stk.



Lamba súpukjöt 1/2 frampartur

999 kr. kg

Verð áður ~~1199~~ kr. kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Fjölskyld

Frábær dagskrá í Skútuvogi í dag



blómaval

Jólaalandið opnar

Hið vinsæla Jólalands Blómavals opnar í dag

Ís

fyrir alla
í Skútuvogi
alla helgina
kl. 12-16

Íþróttálfurinn og Solla stírða

skemmta
í Skútuvogi
kl. 14



Blöndunar-tæki

25%
afsláttur



Parket

25%
afsláttur



Flísar

25%
afsláttur



Græn vara

LADY málning

25%
afsláttur

Allar pottaplöntur blómaval

25-50%
afsláttur



blómaval
Nóvember
kaktus
11328200

1.190 kr
~~1.690~~ kr

29%



Borvél, 18 V

Tvær rafhlöður 1.5Ah,
hersla 37Nm, 10
fylgihlutir í tösku.
5245576

12.495 kr
~~20.995~~ kr

40%



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

Uffjör



Litaráðgjöf


Maja Ben veitir litaráðgjöf
í dag laugardag í Skútuvogi




Aðeins 62 dagar til jóla

Opnum seríudeildir um land allt

í verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals



LAUSNARORD Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist atvinnugrein (14) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. október“.



Sudoku

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
		3					4	
			6				9	5
8		7		1		3		
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Æfingabúðir í bridge á Rjúpnavöllum


Um helgina 8.-10. október fóru fram æfingabúðir nýliða á Rjúpnavöllum, við Hekluvætur, undir stjórn Ómars Olgeirssonar og Gunnars Björns Helgasonar. Tíu nýliðar tóku þátt og höfðu gagn og gaman af. Fyrirkomulagið var þannig að spilaðar voru átta spila lotur, Ómar og Gunnar Björn leiðbeindu spilurum og farið var yfir spilin jafn óðum og skoðað hvað mátti betur fara. Einnig voru ýmsar vinsælar sagnvenjur kynntar og farið yfir hindrunarstíl. Góðar pásur voru teknar inn á milli og fagurt nágreppi Rjúpnavalla skoðað, meðal annars Þjófafoss, Fossabrekkur og glæný göngubrú yfir Þjórsá. Þetta spil kom fyrir á námskeiðinu.

<p>Norður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ ÁG863 ♥ 85 ♦ 7 ♣ 109532 	<p>Austur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ K92 ♥ 9732 ♦ G652 ♣ Á8
<p>Vestur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ D754 ♥ D64 ♦ K983 ♣ 76 	<p>Suður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 10 ♥ ÁKD8 ♦ ÁD104 ♣ KDG4

Óvenju mikið var um slemmu-spil og þetta er eitt þeirra, sem reyndist þungt í meldingum, því punktastyrkur er ekki nægur í slemmu, en góð samlega í laufi gerir slemmu vænlega. Spiluð voru þrjú grönd á flestum borðum. Lesendur ættu að ræða við makker sinn hvernig best sé að ná laufslemmu á spil norðurs og suðurs. Gott framtak og nýliðunum er óskað góðs gengis í framtíðinni. ■

Lausnarorð síðustu viku var

SUÐUSÜKKULADI



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Greinir klárt og kenjött lið (9)
- 7 Hef ekki pláss fyrir kúluna karlsins (6)
- 10 Þessi fúi er mikill skellur sem slær mig alveg út af laginu (7)
- 11 Biðja um renninga á draumatöflu (9)
- 13 Þessi óttast uggann eins og annað rugl (6)
- 14 Kalkrönd festir blað við blað (7)
- 15 Brokkoli þessarar blöndu þarf viðeigandi ilát (9)
- 16 Hin fullkomna staka segir allt um þá sem allt vita (6)
- 17 Segja frá hinni sönnu skekkju sem þau löguðu (7)
- 20 Að striti loknu halda þau því áfram (10)
- 21 Kross fyrir sollinn og ringulreiðina miklu (8)
- 22 Hvað varð um akkerin fyrir amerísku kaggana? (7)
- 24 Þið bregðið ykkur oft af bæ þegar veðrið er svona (10)
- 29 Skornar eins og frændur Múmínsnáðans (7)
- 33 Gátum ekki annað en gengið meðfram skriðum (5)
- 34 Eimuðu ótta með því sem enginn hafði þælt í (8)
- 35 Það er erfitt en mögulegt að vera reið (7)
- 36 Leikur við sveit ef þið klúðrið engu (7)
- 37 Reykja þá þúsund aðskilin þór (8)
- 38 Veði minn mariulax (5)
- 39 Þegar þernan sofnar er svefninn fullkominn (5)
- 40 Safna fé og tvísta milli hoppleikja (10)
- 45 Fékk matarögn sem einhvern veginn rann í gin mitt (7)
- 47 Hún verður á endanum til þess að ég leita þess sem veldur (7)
- 50 Goshrammar heilla hálfar (9)
- 51 Sénsinn að ljósið slokknir (6)
- 52 Bæta lim með skæðum en rétt sköpuðum (7)
- 53 Hvi geiflar hann sig svona, strípaði hrúturinn sköllótti? (9)
- 54 Geltir eru sagðir fila tuskugyltu (6)

55 Er eðlilegt að tromlan sletti svona? (7)

LÓDRÉTT

- 1 Heljarinnar hópur leikur fyrir dansi í Skútustaðahreppi (9)
- 2 Hirði rýrt hey en þurrt (9)
- 3 Hvað varð um beiðnina um brauðið? (9)
- 4 Hin sisýngjandi sönglönd (9)
- 5 Rekur í vörðurnar er hann ræðir rakar (6)
- 6 Stjarna Rómar skín ei lengur skært um nætur/fer til þeirra systra sinna/sem að mest á næpu minna (8)
- 7 Ommiletta fyrir fallinn stríðsmann! (9)
- 8 Þessi skynjarar pípa ef Stebbi og Eyfi taka Nínu (9)
- 9 Skikka höfðingja í stjórn helstu dreka (9)
- 12 Farðafuglar gefa lífinu lit (7)
- 18 Það vekur undrun fólks og fangar athygli þess er bjúgtannar og boguggar birtast (11)
- 19 Þekki hljóð iðnaðar- og listamannanna (11)
- 23 Vaður í útnorður dregur mörk (9)
- 25 Hýsum svell hjá Þorbirni og Ramma (7)
- 26 Frá eru fádæma forn (7)
- 27 Hringisól við gos og ýlu (7)
- 28 Tuð um mál er það eina sem ákveðin rödd hefur fram að færa (7)
- 30 Ýkir ágæti alls sem hærra er og fleira (7)
- 31 Þessi fataskipti tefta dragdrottningu (12)
- 32 Betra er að segja labb ef málarekstur vofir yfir (12)
- 40 Hér fullnægjum við fuglum (6)
- 41 Horfin eru álit mitt og eftirlæti (6)
- 42 Fallið er fé með eyru en þjófsmærkt lifir (6)
- 43 Alli önd er farinn að ráða fólk (6)
- 44 Frosin og tætt en finpússuð þó (6)
- 46 Tuða bara yfir því sem verst er (6)
- 48 Stýri ekki þeim stöfum sem hún sér eftir (5)
- 49 Hvað er minn dreki að krækja sér í? (5)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Dauðahlíðið, eftir Lee Child**, frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Birna Steingrimsdóttir, Hafnarfirði**.



Skemmtilegar barnabækur

Hvern langar þig að hitta í dag?


Eitthvað skemmtilegt og fróðlegt fyrir alla sem kunna að lesa – eða eru að læra!



PAX 5 Draugurinn
3.699 kr. verð áður 4.299 kr.



Einkaspæjarastofan
3.499 kr. verð áður 3.999 kr.



Meira pönk, meiri hamingja
4.599 kr. verð áður 5.299 kr.



Jólasvínið
4.999 kr. verð áður 5.999 kr.



Ekki opna þessa bók Aldrei
2.999 kr. verð áður 3.499 kr.




Furðurfjall - Nornaseiður
4.599 kr. verð áður 5.299 kr.



Drekar, drama og meira í þeim dúr
4.599 kr. verð áður 5.299 kr.



Hringavitleysa
4.599 kr. verð áður 5.299 kr.



Kynjadýr í Buckinghamhöll
3.799 kr. verð áður 4.499 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 25.október eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengrl.

penninn.is
540-2000

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

PENNINN

Eymundsson

GRÁTBROSLEG UNGMENNABÓK



„Æsispennandi og átakanleg,
líka full af hamingju ...“

RP / Mbl (um *Vampírur, vesen og annað tilfallandi*)




Skemmtileg og fyndin saga um vin-
konur í 9. bekk eftir Rut Guðnadóttur

Bókin er sjálfstætt framhald bók-
arinnar *Vampírur, vesen og annað
tilfallandi* sem hlaut Íslensku barna-
bókaverðlaunin 2020

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | www.forlagid.is

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt með skúrum á vesturhelmingi landsins en bjart eða bjart með köflum austan til. Milt í veðri.

Hvað gefur maður fólki sem á allt?



Sigurður Þ.
Ragnarsson
veður
@frettabladid.is

Einhver nytsamlegustu tæki hvers heimilis, sem því miður eru smám saman að hverfa af heimilum fólks, eru loftvogir eða barómet eins og þessi tæki voru gjarnan nefnd í eldra máli. Fjölmargar útgáfur eru til. Hér ætla ég hins vegar að tala um gömlu alvöru loftvogina sem bankað var í reglulega yfir daginn. Á þeim betri er vísir sem hægt er að snúa. Þegar loftþrýstingur

hefur verið lesinn af loftvoginni er þessum vísir snúið þannig að hann bendi á þann þrýsting sem lesinn var af, og þegar næst er lesið af loftvoginni getur maður því séð hvort loftþrýstingurinn hefur fallið eða stigið. Eitt sinn var þetta tilvalin gjöf á stórafmælum og hver veit nema loftvogin komist í tísku aftur?

Þumalfingurreglan er sú að fari loftþrýstingur stigandi, er batnandi veður í kortunum. Sé hann hins vegar ört fallandi er lægðasvæði að nálgast með tilheyrandi leiðinda-veðri. Það er ágætt viðmið að sé þrýstingur yfir 1.013 millibörum sé góðviðri í uppsiglingu. Því hærri sem sú tala, þeim mun líkleggra er að sú gula láti sjá sig. Njótið helgarinnar. ■

Sunnudagur | Mánudagur

Reykjavík



8 °C | 3 ↗



6 °C | 5 ↗

Ísafjörður



5 °C | 2 ↘



2 °C | 6 ↘

Akureyri



5 °C | 1 →



3 °C | 1 ↑

Egilsstaðir



5 °C | 2 ↓



3 °C | 3 ↗

Kirkjubæjarklaustur



9 °C | 3 ↘



7 °C | 2 ↘

Pondus



Gelgjan



Barnalán



30%

AFSLÁTTUR

MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



VÍDD



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálingu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Jón og Gunna eru ungt par sem keyptu sína fyrstu íbúð nýlega. Íbúðin þarfnaðist viðhalds og þeim vantaði ný húsgögn, rúm og gardínur.

Þau máluðu íbúðina, skiptu um gólfefni, tóku baðherbergið í gegn og skiptu um blöndunartæki.

MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

687.368 kr.

Jónína er kona á besta aldri keypti nýja íbúð. Þar vantaði öll ljós, parket og gardínur. Einnig keypti hún nýjan sófa í Húsgagnahöllinni þar sem gamli sófinn var of stór.

Hún keypti allt sem hana vantaði, viðarparket, fallegar gardínur og screen, borðstofuborð, stóla og sófa.

MEÐ VILDARKORTINU SPARAÐI HÚN:

458.978 kr.

Borgþór og Aníta eru hjón um fimmtugt. Þau keyptu gamalt einbýlishús sem þarfnaðist yfirhalningar. Þau tóku húsið meira og minna í gegn, skiptu um öll gólfefni, endurnýjuðu tvö baðherbergi, spórtsluðu og máluðu allt húsið, settu granítborðplötur á eldhúsið og annað baðherbergið, skiptu út öllum gardínum og keyptu sér að lokum nýtt rafmagnsrúm í Beta bak.


MEÐ VILDARKORTINU SPÖRUÐU ÞAU:

1.442.500 kr.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 · Kópavogi
s. 510 7900 · FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta



ÞEKKING OG REYNSLA · frittverdmat.is · nyjaribudir.is

Fyrstu myndir af nýrri kynslóð Range Rover

njall@frettabladid.is

Nýr Range Rover verður frumsýndur í næstu viku en myndum af bílnum var nýlega lekið á netið. Nóg hefur verið birt af nýjsofmyndum af bílnum sem við fyrstu sýn virðist ekki breytast mikið útlitslega. Áherslan virðist vera á að mýkja ríkjandi línur hans en mestar breytingar er að sjá á afturhluta hans. Þar hafa afturljósin verið endurhönnuð algjörlega og nær ljósaröndin yfir allan afturhlutan í stíl við tísku dagsins í dag. Að innan virðist vera kominn nýi 11,4 tommu Pivi Pro snertiskjárninn.

Billinn verður byggður á nýja MLA Flex undirvagninum og er fyrsti bíll Land Rover til að koma á honum. Sá undirvagn er fjölhæfur,



Mesta breytingin er á afturenda nýs Range Rover sem frumsýndur verður í næstu viku.

og mun geta notast við bruna-hreyfla, tengiltvinnútfærslur eða 100% rafmagn. Það verður því athyglisvert að sjá hvaða útgáfur verða í boði þegar billinn verður frumsýndur 26. október næstkomandi. Líkast til kemur þó rafdrifin útgáfa hans ekki fyrr en 2024 ef marka má heimildir. ■

Ný bílabók komin út

njall@frettabladid.is

Forlagið hefur gefið út bókina Bílamenningu eftir Örn Sigurðsson, en hún inniheldur 154 kafla um bíla og bílamenn. Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, keppnisbílar, jeppar, vörubílar, húsbílar og snjóbílar, svo fátt eitt sé talið.

Auk þess er fjallað á nýstárlegan hátt um fjölmargt annað sem tengist bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, bílasölur, hjólhýsi, leikföng, söfn og sýningar, að ógleymdri veg- og gatnagerð. Íslenskar yfirbyggingar, einstakt númerakerfi, sölunefndin og ára-

Bókin Bílamenning er eftir Örn Sigurðsson sem skrifað hefur fleiri bækur um bíla og bíla-tengd efni.



lög barátta bíleigenda við bifreiðaeftirlitið fær sinn skerf, líkt og H-dagurinn og ungir vegfarendur. Íslendingar hafa ekki fremur en aðrir farið varhluta af þeirri áhugaverðu þróun bílamenningar sem hér er fjallað um á 320 síðum, en auk texta prýða bókina yfir þúsund ljósmyndir sem margar hafa hvergi sést áður. ■

Methagnaður hjá Tesla

njall@frettabladid.is

Tesla hefur gefið upp hagnað merkisins á þriðja ársfjórðungi 2021 og er óhætt að segja að hagnaðurinn hafi tekið stökk upp á við. Fjórfaðadist hagnaður milli ársfjórðunga og var hann 1,6 milljarðar dollara. Er það aukin framleiðsla Tesla sem drífur áfram hagnaðinn en fyrirtækið framleiddi 240.000 bíla frá 1. júlí til 30. september. Það er 64% aukning milli ára þrátt fyrir skort á ihlutum sem plagað hefur marga framleiðendur. Tesla er nú með fjórar risaverksmiðjur í Sjanghæ, Kaliforníu,



Mikil sala á Model 3 og Model Y er helsta ástæðan fyrir hagnaði Tesla en báðir þessir bílar hafa selst í miklu magni hérlendis.

Texas og Berlín. Auk þess hafa nýjustu bílar merkisins, Tesla Model 3 og Model Y, verið mun meiri sölubílar heldur en Model S og Model X. ■



Honda e:NP1 og e:NS1 svipar mjög til e:Concept-tilraunabílsins með sams konar framenda en komnir eru hliðarspeglar í stað myndavéla.

Honda setur tvo nýja rafbíla á Kínemarkað

Bílarnir heita því sérstaka nafni e:NP1 og e:NS1 og verða mögulega kynntir í Evrópu strax á næsta ári.

njall@frettabladid.is

Honda hefur sett tvo nýja rafbíla á markað í Kína og er e:NP1 rafdrifinn jepplingur og e:NS1 sportútgáfa hans. Munu þeir fara í sölu í Kína snemma næsta vor og verða smíðaðir af samstarfsaðilum Honda í Kína. Orðrómur er uppi um að bílarnir verða einnig seldir á öðrum markaðssvæðum og þá einnig í Evrópu.

Billinn virðist vera af minni gerð jepplinga og mun því líkast til keppa við bíla eins og Hyundai Kona Electric og Peugeot e-2008. Eins og sjá má er útliti mjög svipað e:Concept-tilraunabílnum og byggir að miklu leyti á útliti HR-V. Komnar eru afturhurðir á nýju bílnum en framendi bílsins virðist að mestu óbreyttur. Eina breytingin er sú að myndavélar í stað spegla verða ekki í framleiðslubílnum, allavega ekki til að byrja með.

Að innan verður stór upplýsingaskjór fyrir framan bílstjóran og risastór 15 tommu snertiskjór í miðjustokki. Bílarnir verða framdrifnir og eru sagðir hafa allt að 500 km drægi svo að rafhladan er af



Honda e:NS1 er sportlegri útgáfa og þá líklega með 201 hestafis rafmótor.



Orðrómur er uppi um að bílarnir verði einnig seldir á öðrum markaðssvæðum og þá einnig í Evrópu.

stærri gerðinni. Samkvæmt skráningarupplýsingum í Kína verða bílarnir með 180 og 201 hestafla rafmótorum og hámarkshraðinn því aðeins 150 km á klukkustund. Bílarnir eiga líka að vera vel búnir öryggisbúnaði eins og 360 gráðu akstursaðstöð sem líklega er eins konar árekstrarvörn. Að sögn Jean-Marc Streng, forstjóra Honda í Bretlandi, er von á nýjum rafbíl frá Honda í Evrópu 2023, svo að ef um þennan bíl er að ræða er líklegt að hann verði kynntur seint á næsta ári. ■

Yfirtaka á SsangYong-bílamerkinu frá lítt þekktum framleiðanda

njall@frettabladid.is

SsangYong-bílaframleiðandinn frá Suður-Kóreu hefur verið í fjárhagsvandráðum undanfarið ár, en SsangYong sótti um gjaldþrotaskipti í desember síðastliðnum.

Þá komst gjaldþrotadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að best væri fyrir merkið að endurskipuleggja reksturinn, en indverki risinn Mahindra hefur viljað selja 75% hlut sinn síðan í júní í fyrra. Fyrirtækið sem ætlar að yfirtaka SsangYong er tiltölulega ungt og óþekkt og kallast Edison Motors. Það hefur hingað til framleitt vinnubíla en mun með kaupnum eignast fólksbílalínu SsangYong. SsangYong, sem er fjórði stærsti

Korando EV jepplingurinn er handan við hornið ef allt gengur eftir hjá Edison Motors.



bílaframleiðandi Suður-Kóreu, er með metnaðarfullar áætlanir á þróunum. Stutt er í að rafdrifin útgáfa Korando-jepplingsins komi á markað og von er

á bíl sem kallast J100 sem er stór jepplingur sem keppa á við Dacia Bigster. Edison Motors ætlar að fjárfesta í SsangYong fyrir um 100 milljarða íslenskra króna og gera merkið að samkeppnisaðila Tesla og VW svo dæmi sé tekið. ■

Vandaðir sófar frá Franco Ferri

Sjá nánar á patti.is



franco ferri
ITALIA

Kíktu í heimsókn!

Ópið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN



RAM

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM



**TRYGGÐU ÞÉR RAM Í FORSÖLU
TIL AFHENDINGAR EFTIR ÁRAMÓT**



UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Rithöfundur og ritstjóri

kolbrunb@frettabladid.is

Samband höfundar og ritstjóra getur verið margslungið og haft óvænt áhrif á verkið sem unnið er að. Rithöfundurinn Hallgrímur Helgason og Æsa Guðrún Bjarnadóttir, ritstjóri hjá Forlaginu, koma hér saman og spjalla um samstarf sitt í kringum nýja skáldsögu Hallgríms – 60 kíló af kjaftshöggum. Bókin er framhald af verðlaunabókinni 60 kílóum af sólskini sem kom út árið 2018. Höfundur tekur upp þráðinn að þremur árum liðnum í Segulfríði.

Viðburðurinn er á vegum Ritlistar og Bókmennta- og listfræðastofnunar og er sá fyrsti af þremur þar sem nýttkomnar bækur verða kynntar



Hallgrímur Helgason rithöfundur.

um leið og samvinna höfundarins og ritstjórans verður könnuð.

Spjall Hallgríms og Æsu fer fram í stofu 008 í Veröld, húsi Vigdísar þriðjudaginn 26. október kl. 12-13. Viðburðurinn er opin almenningi og er aðgangur ókeypis. ■

Spennandi nýjungar

kolbrunb@frettabladid.is

Dagur kartöflunnar verður í garðskála Grasagarðs Reykjavíkur í dag, laugardaginn 23. október, kl. 11-13. Áhugafólk um kartöflurækt fær þar fræðslu um frækartöflur.

Á Íslandi eru ræktaðar bleikar, dökkraudar, skærgular, fjólubláar, svartar og jafnvel doppóttar kartöflur. Sumar eru ljúffengar á meðan aðrar slá ekki í gegn hvað bragðgæði varðar en allar eiga það sameiginlegt að vera ræktaðar upp af kartöflufræjum.

Þátttaka er ókeypis. ■



Kartöflur eru ómissandi hluti af matarmenningu, eins og allir vita.

Fáheyrð blásaratónlist

kolbrunb@frettabladid.is

Næstkomandi þriðjudag 26. október kl. 19.30 í Tíbrá flytur Blásarakvintettinn Hviða verk eftir frönsk tónskáld – verk sem fáheyrð eru á tónleikum.

Á efniskrá tónleikanna eru Trois Pièces Brèves eftir Jaques Ibert, Wind Quintet nr. 1 eftir Jean Françaix, Le Tombeau de Couperin eftir Maurice Ravel og Sextett fyrir blásarakvintett og píanó eftir Francis Poulenc.

Blásarakvintettinn Hviða er nýr blásarakvintett en meðlimir hans kynntust við störf í Sinfóníuhljóm sveit Íslands og önnur samspilsstörf. ■



Franska tónskáldið Maurice Ravel.



Ég geri mitt besta til að skemmta þeim sem lesa, segir Snæbjörn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skriftirnar eru leikur

Nýlega kom út þriðja bókin í hinum vinsæla þrileik Snæbjörns Arngrímssonar um vinina Millu og Guðjón G. Georgsson og fólkið í Álftabæ. Handbók Gullgrafarans er titillinn á nýju bókinni.

kolbrunb@frettabladid.is

Fyrsta bókin í flokknum, Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins, hreppti Íslensku barnabókaverðlaunin og bók númer tvö, Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf, hlaut Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar.

„Það var mjög uppörvandi að hreppa tvenn verðlaun fyrir tvær bækur. Nú vona ég að ég hafi heppnina með mér og fái þrenn verðlaun fyrir þrjár bækur. Verðlaun eru góð en það hefur ekki síður verið gleðilegt að fá bréf frá krökkum sem skrifa að bækurnar um Millu og Guðjón G. Georgsson séu upphaldsbækurnar þeirra,“ segir Snæbjörn.

Eins og veruleikinn

Hann segir að í sínum huga sé þetta síðasta bókin í bókaflokknum. „Svo getur vel verið að það breytist. Þegar ég skrifaði fyrstu bókina var ég ekki að hugsa um að skrifa fleiri bækur um þennan söguheim. En svo fann ég að ég kunnist svo vel við aðalpersónurnar, Millu og Guðjón, fannst gaman að skrifa um þau og það varð til þess að ég ákvað að bæta við tveimur spennusögum um Millu og Guðjón og þetta litla þorp með öllu sínu góða og sérkennilega fólki. Þar að auki fékk ég góð viðbrögð frá les-



Ég vil að sögurnar séu bæði æsispennandi, skondnar og líka áhugaverðar þannig að lesendur fái eitthvað meira út úr lestrinum en bara spennu og skemmtun.

endum og það hvatti mig enn frekar. Fyrir mér eru skriftirnar leikur, ég skemmti mér og ég geri mitt besta til að skemmta þeim sem lesa. Ég vil að sögurnar séu bæði æsispennandi, skondnar og líka áhugaverðar þannig að lesendur fái eitthvað meira út úr lestrinum en bara spennu og skemmtun.“

Snæbjörn segist halda ýmsu opnu í þessari lokabók. „Satt að segja útskýri ég í byrjun bókar af hverju mörg smáatriði eru enn á huldu þegar sögunni lýkur. Milla er sögu- maður bókarinnar. Hún er orðin full-orðin þegar hún skráir atburði sem áttu sér stað þegar hún var barn. Að sjálfsögu man hún ekki alveg hvernig hlutirnir voru og það var líka margt sem hún skildi ekki þegar atburðirnir áttu sér stað. Þetta er eins og veruleikinn, þar skilur maður ekki alltaf af hverju hlutirnir fara eins og

þeir fara. Þess vegna er ekki bundinn slaufa á allt í sögunni.“

Leitar að metsölubókum

Snæbjörn stofnaði á sínum tíma bókaforlagið Bjart og hóf einnig bókaútgáfurekstur í Danmörku. Árið 2017 seldi hann forlög sín. Nú er hann í vinnu hjá danska forlaginu Gutkind sem er dótturforlag hins þekktu sænska forlagsrísar Bonnier. „Bonnie mokar peningum inn í Gutkind í þessum uppbyggisgarfasa og ætlar að gera að þriðja stærsta forlagi Danmerkur. Mitt hlutverk er að finna metsölubækur fyrir forlagið. Það er mikill hugur í starfsmönnum Gutkindforlagsins, þeir eru áhugasamir um að koma bókum til fólks og eru góðir í að vekja athygli á útgáfubókum sínum. Þarna er góður andi, gífurlegur kraftur og þarna eru notaðar alveg nýjar aðferðir til að koma bókum á markaðinn.“

Snæbjörn segist ekki hafa áhyggjur af því að bóklestur muni fara snarminnkandi í nánustu framtíð. „Lestur hefur satt að segja aukist á síðustu árum. Það hefur bara breyst hvernig lesendur innbyrða sinn bókmenntaskammt. Fólk kaupir ekki bara prentaðar bækur í bókabúðum, það er áskrifendur að streymisveitum, les rafbækur og hlustar á hljóðbækur. Ef fólk hætti að lesa færi það mikils á mis. Ég er ekki eitt augnablik í vafa um að maður græðir alveg óskaplega mikið á bóklestri, líf mitt er til dæmis svo miklu betra og ríkara vegna þess að ég hef enn næga einbeitingarhæfni og gef mér tíma til að sókkva mér í bóklestur.“ ■

Organisti/Tónlistarstjóri óskast

Sóknarnefndir Brautarholts – og Reynivallasókna Kjalarnessprófasts- dæmi auglýsa eftir organista/tónlistarstjóra í 30% fasta stöðu við Reynivallaprestakall frá 1. janúar 2022.

Leitað er eftir einstaklingi sem:

- Hefur metnað fyrir tónlistarþætti helgihaldsins.
- Hefur áhuga á að viðhalda og efla enn frekar öflugan kirkjukór.
- Er tilbúinn í gott samstarf við sóknarprest prestakallsins.

Laun samkv. kjarasamningi organista hjá FÍH og launanevndar Þjóðkirkjunnar.

Umsóknir skulu sendar rafrænt til bjorn@brautarholt.is

Umsóknarrestur er til 1. desember n.k.


Allar upplýsingar um starfið gefa:

Björn Jónsson, formaður Brautarholtssóknar
892-3042 - bjorn@brautarholt.is
sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur
865-2105 - arna.gretarsdottir@kirkjan.is





RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ




Fersk og áleitin saga eftir **Fríðu Ísberg** sem á brýnt erindi við samtímamann.

„Fríða Ísberg á hrós skilið fyrir að þora að gera eitthvað nýtt ... Hún er snjall höfundur og afar örugg stíllega séð.“

RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

MAKALAUS ALDARFARSSAGA



Bráðskemmtileg söguleg skáldsaga eftir einn ástsælasta höfund okkar, **Einar Má Guðmundsson**, sem bregður upp litríkri mynd af samfélagi og tíðaranda 19. aldar.

„Kátleg saga um konunglega glæpamenn, drauga og aðra ódáma á öldinni nítjándu.“

SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17

Rannsókn á aðferðum við að mála

Breski listamaðurinn Perry Roberts heldur fyrstu einkasýningu sína hér á landi í Hverfisgalleríi og ber hún yfirskriftina Below/Beyond.

Kolbrún Bergþórsdóttir

Perry Roberts er fæddur árið 1954 og býr og starfar í Antwerpen í Belgíu. List hans og hönnun hefur verið sýnd víða, í þremur heimsálfum, á þrjátíu einkasýningum og yfir sextíu samsýningum auk fjölda verka hans í opinberu rými.

Í Hverfisgalleríi sýnir hann nýleg verk á pappír og málverk á léreft og striga. „Þetta eru ekki hefðbundin málverk, ég strekki ekki léreft og mála á það. Ég nota málningu og sauma oft saman í vél mismunandi gerðir af hráum striga og lérefti.“ Þessi aðferð hans gerir að verkum að líta má á verkin sem unnin eru á léreft í senn sem málverk, textílverk eða jafnvel veggteppi.

„Verkin virðast á yfirborðinu vera mjög einföld en þegar kemur að hönnuninni þá eru þau nokkuð flókin,“ segir hann. „Ég er í eins konar rannsókn á aðferðum við að mála, sýni í formum það sem er venjulega falið í málverki. Ég hef mikinn áhuga á listasögu og því eru margt konar tilvísanir í verkum



Þetta er í fyrsta sinn sem Perry Roberts sýnir verk sín hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

mínum, til dæmis til myndlistar endurreisnartímans. Mér finnst þessar tilvísanir mikilvægar, þær skipta mig miklu máli. En ég vil að áhorfandinn túlki verkin á sinn átt,

ég ætla ekki að segja honum hvað hann eigi að sjá.“

Svart og hvítt er áberandi í verkum hans. „Ég hef gert litrík verk en ég er ekki litaglaður. Það á ekki við

mig að nota grænt, rautt og blátt, þegar ég geri það lendi ég í alls kyns vandræðum. Það er áhugavert að ef maður takmarkar sig við svart og hvítt, þá kemst maður að því



Ég hef mikinn áhuga á listasögu og því eru margt konar tilvísanir í verkum mínum.

að til eru ótal gerðir af svörtu og sömuleiðis af hvítu. Þetta sést vel í verkum mínum.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Roberts kemur hingað til lands. „Það að koma með verkin til Íslands hefur gert að verkum að ég sé þau í öðru samhengi en áður. Mér finnst eins og þau hafi öðlast aðra vídd. Ég hef fylgst með veðrabrigðunum á Íslandi og mér finnst ég koma auga á þau í myndum mínum.“

Sýning Perry Roberts í Hverfisgalleríi stendur til 6. nóvember. ■

Leikskáld óskast

Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum fyrir leikskáld Borgarleikhússins. Stjórn sjóðsins býður leikskáldi úr hópi umsækjenda samning við Borgarleikhúsið. Laun sem eru greidd mánaðarlega taka mið af starfslaunum listamanna. Skáldið fær aðstoðu í leikhúsinu, vinnur þar á samningstímanum og verður hluti af starfslíði Borgarleikhússins og mun njóta aðstoðar, leiðsagnar og stuðnings leikhússtjóra og leiklistarráðunauta.

Við hvetjum fólk af öllum kynjum, uppruna og samfélagshópum til þess að sækja um.

Umsókn skal innihalda:

- Nafn, heimilisfang, netfang og símanúmer
- Ferilskrá
- Stutt sýnishorn af leikrænum texta
- Hugmynd að sviðsverki
- Annað sem umsækjandi telur að eigi erindi

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær allar sem trúnaðarmál. Leikskáld Borgarleikhússins hefur störf á leikárinu 2022-2023

Umsóknir skulu sendar á leikritun@borgarleikhus.is merktar Leikskáld Borgarleikhússins fyrir miðvikudaginn 1. desember 2021.

Borgarleikhúsið



Kór Hallgrímskirkju flytur nýtt verk.

Nýtt verk við sálm Hallgríms

kolbrunb@frettabladid.is

Nýstofnaður Kór Hallgrímskirkju kemur fram í fyrsta sinn við hátíðarmessu sunnudaginn 24. október klukkan 11. Minnst er Hallgrímsdagsins, 347. dánarártíðar Hallgríms Péturssonar, og haldið upp á 35 ára vígsluafmæli kirkjunnar. Kórinn hóf æfingar 14. september

síðastliðinn undir stjórn Steinars Loga Helgasonar, nýs kórstjóra kirkjunnar.

Í tilefni af afmæli Hallgrímskirkju og stofnun Kórs Hallgrímskirkju skrifaði tónskáldið Þorvaldur Örn Davíðsson nýtt verk við sálm Hallgríms Péturssonar, Vaktu, minn Jesú, vaktu í mér, og verður verkið flutt í hátíðarmessunni. ■

Bach í Hafnarfirði

kolbrunb@frettabladid.is

Hádegistónleikar verða í Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 26. október klukkan 12.00-12.30. Eyþór Franzson Wechner, organisti Blönduóskirkju, leikur verk eftir Heinrich Scheidemann, Giovanni Battista Martini, Johann Sebastian Bach, Juozas Naujalis og Alexandre Guilmant. Aðgangur er ókeypis. ■



Johann Sebastian Bach.

Kynning á Hölderlín

kolbrunb@frettabladid.is

Þriðjudaginn 26. október mun Arthúr Björgvin Bollason kynna þýðingu sína á skáldsögunni Hýperíon eftir Friedrich Hölderlín í Gunnarshúsi. Kynningin hefst klukkan 18.

Friedrich Hölderlín (1770-1843) var eitt af fremstu ljóðskáldum Þjóðverja. Hýperíon eða Einfarinn á Grikklandi var eina skáldsagan sem hann sendi frá sér um dagana. Sagan er talin eitt merkasta skáldverk rómantiska tímabilins í Þýska-



Arthúr Björgvin Bollason.

landi í óbundnu máli. Arthúr Björgvin spjallar um skáldið og les brot úr þýðingu sinni á þessu sígilda meistraraverki, sem nú kemur fyrir sjónir íslenskra lesenda í fyrsta sinn. ■



Aion sem samanstendur af dansi eftir Ernu Ómarsdóttur og tónlist eftir Önnu Þorvaldsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dansandi sinfóníuhljómsveit

TÓNLIST

Aion

Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Ernu Ómarsdóttur
Aðstoðardanshöfundur:
Lovísa Ósk Gunnarsdóttir.
Stjórnandi: Anna-María Helsing.
Sinfóníuhljómsveit Íslands lék,
Íslenski dansflokkurinn dansaði
Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 21. október

Jónas Sen

Headbanging + sinfóníuhljómsveit = rugl. Nei, þetta er ekki jafna sem gengur upp. Nema á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Hljóðfæraleikararnir sátu ekkert bara þrúðir og spiluðu. Þeir dönsuðu á tímabili og tónlistin sem þeir fluttu vakti upp drauga.

Þetta var Aion sem samanstendur af tónlist eftir Önnu Þorvaldsdóttur og dansi eftir Ernu Ómarsdóttur. Aion þýðir eilífð, og verkið mun hafa verið innblásið af hugsun um tímann og ferðalag á milli vídda. Það var svo sannarlega annarsheimslegt.

Tónlistin samanstóð af löngum hljómsveitum og skringilegum tónahendingum, eins og ávallt þegar tónskáldið er annars vegar. Hljómarnir voru ómstríðir, en fullir af stemningu, myrkir og lokkandi. Þeir kölluðu fram í hugann heim galdra og andatrúar.

Þyngdarlaus dans

Dansinn, sem var eftir Ernu Ómarsdóttur, var framkvæmdur af átta dönsurum úr Íslenska dansflokknum. Fólkíð dansaði oftast þétt saman og myndaði þannig alls konar skúlptúra. Dansinn virtist þyngdarlaus, það var eins og skúlptúrarnir svifu um í geimnum. Rétt eins og tónlistin var dansinn undarlegur.

Í smásögunni The Preserving Machine eftir Philip K. Dick óttast maður nokkur um menningarverðmæti ef ragnarök skyldu verða. Hann býr því til vél sem getur breytt nótubókum í dýr. Svo sleppir hann þeim út í náttúruna. Þannig vonast hann til að tónlistin lifi af hrun síðmennningarinnar. En úti í náttúrunni breytast dýrin, þau fá klær og vígtennur. Eftir nokkurt skeið fangar maðurinn eitt dýrið. Það hafði áður verið fúga eftir Bach. Hann setur það í vélina og út koma nótur. Þær eru óskiljanlegar og viðbjóðslegar. Náttúran hefur sigrað.

Mér fannst eitthvað svipað gerast í Aion. Tónlistin byrjaði eins og fint kokteílboð, þar sem allir eru uppstrílaðir og tala yfirborðslega. Byrjun verksins var furðuleg, dansarnir og hljóðfæraleikararnir virkuðu áhugalausir. Þegar stjórnandinn, Anna-

”

Eitt magnaðasta augnablikið var þegar þau lyftust öll upp í loft, og eina tónlistin var villtur slagverksleikur.

Maria Helsing, lötraði inn, var nánast eins og hún nennti þessu ekki. Þetta var ekki listafolk fullt af eldmóði, heldur mánudagsmorgunn á skrifstofu Skattsins.

Mögnuð stigandi

Síðan gerðist eitthvað. Dansinn varð meira og meira lifandi, furðuveran sem dansararnir mynduðu fór að læðast inn á svæði hljóðfæraleikaranna. Lífrænn skúlptúrinn vafði sig utan um hljómsveitarstjórnann á tímabili; það var falleg stund. Aginn sem einkennir sinfóníuhljómsveit gufaði smám saman upp, og þá byrjaði fyrrnefnt headbanging. Dansarnir sameinuðust hljómsveitinni, samruni hins sjáanlega og heyranlega var alger.

Eins og áður var vikið að einkenndist dansinn af þyngdarleysi. Það smitaðist yfir í hljóðfærin. Eitt magnaðasta augnablikið var þegar þau lyftust öll upp í loft, og eina tónlistin var villtur slagverksleikur.

Smám saman urðu hljóðfærin líka meira og meira partur af dansinum. Þau sameinuðust skúlptúrnum í lokin. Það var eins og þau hefðu öðlast sjálfstætt líf handan við vald spilaranna. Agi klassikurinnar var horfinn, eitthvað allt annað hafði tekið yfir. Þetta var orgía náttúrukrafta sem orð fá ekki lýst. Stigandi í tónlist og dansi, frá því að vera áhugalaus og passif yfir í brjálæðislega raðfullnægingu, var stórfengleg.

Á eftir keyrði ég út úr Hörpu. Fyrir utan sá ég að tunglið var fullt og ég spangólaði. ■

